

**SKOÐUN** Irena Óskarsdóttir skrifar um takmörkun líkamsræktar í framhaldsskólum. 25



**MENNING** Konur í aðalhlutverki á Listahátíð í Reykjavík 2015 36



**LÍFIÐ** Stelpurnar í Anthems of our Youth leita að stelpu í hrollvekjustuttmynd. 54



**SPORT** Njarðvíkingar geta ekki beðið eftir næsta leik á móti KR í kvöld. 48







# FRÉTTABLAÐIÐ

**Fimmtudagur**
9. apríl 2015
82. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014


**FRÉTTIR**



### Nýtt tæki fyrir blinda

Háskóli Íslands leiðir verkefni fimm Evrópulanda um hátæknibúnað fyrir blinda sem byggir á þrívíddartækni. Um 600 milljóna króna styrkur fékkst frá ESB. 4

**Skotinn í bakið** Hvítur lögreglumaður varð óvopnuðum þeldökkum Bandaríkjamanni að bana. Atvikið náðist á myndbandsupptöku og mótmælaalda er risin. 4

**Drap sjálfan sig** Rússneskur njósnari, grunaður um morðið á Alexander Litvinenko, segir nú að hann hafi drepið sig óvart við meðhöndlun eiturefnisins Pólon 210. 6



**Illugi svari** Stjórnarandstaðan segir mörgum spurningum ósvarað um ferð menntamálaráðherra til Kína þar sem hann sat fundi með Orku Energy. Ráðherra kveðst engra hagsmuna hafa að gæta. 8

**Ódýrt dóp** Framleiðsla fíkniefna er einföld og ódýr segir lögreglustjórinn á Suðurnesjum. 10

**Læknar til Akureyrar** Sjúkrahúsið á Akureyri hyggst uppræta gamalt vandamál við mönnun og auglýsir í fagtímaritum margra landa eftir sérfræðilæknum. 12




22

**SÉRBLAÐ**

Fólk




# Nær helmingur orðið var við svarta starfsemi í miðbænum

Tæp 43 prósent íbúa miðbæjar Reykjavíkur segjast í könnun hafa orðið vör við svarta atvinnustarfsemi. Ríkisskattstjóri segir dulda atvinnustarfsemi mikið tíðkast í ferðaþjónustu. Formaður Samtaka ferðaþjónustunnar vísar til stjórnvalda.

**SAMFÉLAG** „Þessar tölur koma mér ekki á óvart og ríkisskattstjóri hefur einbeitt sér einna mest að þessum málum undanfarin þrjú til fjögur ár,“ segir Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri um niðurstöður könnunar Höfuðborgarstofu á viðhorfi íbúa til ferðamanna.

Alls segjast 42,7 prósent íbúa miðborgar Reykjavíkur hafa orðið mikið eða í meðallagi vör við svarta atvinnustarfsemi samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar. Könnunin var lögð fyrir íbúa í öllum póstnúmerum á höfuðborgarsvæðinu dagana 19. til 30. mars.

„Dulin atvinnustarfsemi hefur tíðkast mikið í ferðamannabransanum á undanförnum árum og þá erum við aðallega að tala um leiguíbúðir, veitingastarfsemi og annars konar þjónustu við ferðamenn, svo sem akstur milli staða,“ segir Skúli. „En eðli máls samkvæmt er þetta erfitt mál þar sem viðskiptavinirnir eru erlendir og koma hingað í stuttan tíma og því erfitt að eiga við þá.“

Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar segjast 21,8 prósent íbúa í miðbænum hafa orðið mikið vör við svarta atvinnustarfsemi, 20,9 prósent segjast hafa orðið í meðallagi vör við slíka starfsemi og 57,3 prósent íbúa segja lítið eða ekkert hafa orðið vör við slíka starfsemi.

„Það er stjórnvalda að bregðast við þessu. Við höfum ítrekað bent stjórnvöldum á þeirra hlutverk sem eftirlitsaðila með svartri atvinnustarfsemi,“ segir Grímur Sæmundsen, formaður Samtaka ferðaþjónustunnar. „Við höfum gert allt sem í okkar valdi stendur, til þess að vekja athygli á því að það sé hagur almennings að öll atvinnustarfsemi sitji við sama borð,“ segir Grímur. - ngy



> **Við höfum ítrekað bent stjórnvöldum á þeirra hlutverk sem eftirlitsaðila með svartri atvinnustarfsemi.**
>
> *Grímur Sæmundsen, formaður Samtaka ferðaþjónustunnar.*



> **En eðli máls samkvæmt er þetta erfitt mál þar sem viðskiptavinirnir eru erlendir og koma hingað í stuttan tíma.**
>
> *Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri*



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**HJÁ RÍKISSÁTTASEMJARA** Formaður BHM segir samningafund í gær hafa verið tíðindalítinn. Nýr fundur er boðaður á morgun.

BHM segir samninganefnd ríkisins vanta umboð og fleiri undirbúa aðgerðir:

# Fimmtán þúsund í verkfallsgír

**KJARAMÁL** „Ég held að samninganefnd ríkisins þurfi að sækja meira umboð í sitt bakland,“ segir Páll Halldórsson, formaður BHM. Samningafundur hjá ríkissáttasemjara í gær hafi verið tíðindalítill.

„Í raun og veru hefur ekkert breyst í því að það vantar bara meira inn í þetta,“ segir Páll og kveður samninganefnd ríkisins halda sig við að bjóða ekki annað en 3,5 prósenta hækkun launa. „Og það bara dugar ekki.“

Að meðtöldum fimm aðildarfélögum BHM sem hófu ótímabundið verkfall í byrjun vikunnar leggja í dag rúmlega þrjú þúsund félagsmenn niður störf.

Aðildarfélög Starfsgreinasambandsins undirbúa verkfallsaðgerðir sem gætu brostið á undir lok mánaðarins. Fleiri boða aðgerðir. Séu allir hópar teknir saman eru líkur á að allt að 15 þúsund manns standi í verkfallsaðgerðum á næstu vikum.

- óká / sjá síðu 6

> **Í raun og veru hefur ekkert breyst í því að það vantar bara meira inn í þetta.**
>
> *Páll Halldórsson, formaður BHM.*



**DRAUMUR** Emelía Benedikta Gísladóttir í sínu stærsta hlutverki.

Á svið eftir árs undirbúning:

# Túlkar Carmen í dansi í Madríd

Íslenski dansarinn Emilía Benedikta Gísladóttir fer með aðalhlutverkið í uppsetningu spænska dansflokksins Compañía Nacional de Danza á Carmen.

„Þetta er bara algjört draumahlutverk. Og sérstaklega gaman að túlka sjálfa Carmen hér á Spáni. Þetta er algjörlega stærsta hlutverk sem ég hef fengið,“ segir Emilía. Verkið verður frumsýnt í kvöld í Teatro de la Zarzuela í Madríd. „Ég hlakka rosalega til. Þetta er búið að vera mikið stress og ýmislegt sem hefur gengið á. En nú er bara að njóta,“ segir hún. Undirbúningur fyrir sýninguna, sem er mjög íburðarmikil, hófst fyrir rúmu ári.

- asi / sjá síðu 62




## VEÐUR




**Lægð fer yfir austurhelming landsins,** en þá gengur í austan og síðar norðaustan 8-15 m/s með snjókomu eða slyddu, en um landið vestanvert verður mun hægari norðlæg eða breytileg átt og úrkomulítið.

SJÁ SÍÐU 34

Fyrrverandi hæstaréttardómari segir líta út fyrir tilefni til endurupptöku og lögmaður ræddi Al Thani:

# Kveðst einfaldlega ekki hafa verið spurður

**DÓMSMÁL** Ólafur Arinbjörn Sigurðsson lögmaður segist kannast við að hafa rætt við Bjarnfreð Ólafsson lögmann um mögulegar útfærslur á Al Thani-viðskiptunum.

„Já, já, ég geri það alveg. Ég hef bara ekkert verið spurður að því áður,“ segir Ólafur Arinbjörn. Hann tekur þó fram að hann hafi augljóslega ekki verið aðili að þessum símtölum. „En ef Bjarnfreður hefur sagt að hann hafi talað við mig þá er það væntanlega rétt.“

Ingibjörg Kristjánsdóttir, eiginkona Ólafs Ólafssonar sem nú afplánar fjögurra og hálfs árs fangelsisdóm vegna málsins, ritaði grein í Fréttablaðið þar sem hún sagði niðurstöðu Hæstaréttar byggða á misskilningi. Í símtölunum hafi verið rætt um „Óla“ nokkurn og Hæstiréttur ályktað að um væri að ræða eiginmann hennar.

Bjarnfreður Ólafsson, sem er sá sem nefndi „Óla“ í þessum símtölum, sagði í Fréttablaðinu í gær að hann hefði verið að tala um Ólaf Arinbjörn en ekki Ólaf Ólafsson.

Jón Steinar Gunnlaugsson, fyrrverandi hæstaréttardómari, sagði í fréttum Stöðvar 2 í gær að ef um villu sé að ræða geti það orðið forsenda endurupptöku málsins.

„Þetta er mjög alvarlegt mál, þegar svo stór þáttur í forsendum Hæstaréttar reynist vera rangur eftir því sem vitnið segir sjálft. Þess vegna lítur þetta þannig út að ef þarna er þessi misskilningur á ferðinni, að fullt efni sé til að endurupptaka málið,“ segir Jón Steinar Gunnlaugsson. **- fbj**



> **Stór þáttur í forsendum Hæstaréttar reynist vera rangur eftir því sem vitnið segir sjálft.**
>
> *Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttarlögmaður*



**MINNISMERKI HREINSAÐ** Bæjarstarfsmaður í Pretoríu þvær græna málningu af minnismerki um Paul Kruger. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Spenna milli hvítra og svartra vex á ný í Suður-Afríku:

# Minnismerkjum hvítra mótmælt

**SUÐUR-AFRÍKA Minnismerki um helstu leiðtoga hinna hvítu íbúa Suður-Afríku standa enn víða í helstu borgum landsins. Undanfarið hafa mótmæli gegn þessum minnismerkjum aukist og skemmdarverk verið unnin á sumum þeirra.**

**Félagar úr vinstriflokknum EFF tóku sig til nýverið og slettu grænni málningu á minnismerki um Paul Kruger í Pretoríu. Kruger var bæði herforingi og stjórnmálamaður á tímum Búastríðsins við Breta um aldamótin 1900.**

**Búar eru afkomendur hollenskra landnema í Suður-Afríku og mikill minnihluti íbúa landsins. Þeir misstu alræðisvöld sín þegar aðskilnaðarstefna þeirra leið undir lok fyrir rúmlega tveimur áratugum.** **- gb**

Haldið föngnum í mánuði:

# ISIS slepptu tvö hundruð gíslum

**ÍRAK** Liðsmenn hryðjuverkasamtakanna ISIS hafa sleppt um tvö hundruð Jasídum sem hefur verið haldið föngnum frá því síðasta sumar.

Í frétt Reuters segir að fólkinu hafi verið rænt þegar ISIS-liðar réðust á þorp í norðvesturhluta Íraks. Gíslarnir, sem var sleppt, var eldra fólk og veikburða. Fréttamaður Reuters segir fólkið hafa verið afhent öryggissveitum Kúrda nærri bænum Kirkuk. Margir hafi verið úrvinda og illa haldnir. **- ngy**

Drónar sem vopn við mótmæli:

# Nota dróna með piparúða

**INDLAND** Lögreglan á Indlandi hefur kynnt piparúða-dróna sem vopn í aðstæðum þar sem mótmæli fara úr böndunum. Þetta kemur fram á vefsíðu AFP.

Lögreglan í borginni Lucknow, hefur keypt fimm dróna sem geta borið um tvö kíló af piparúða. Mótmæli eru fremur algeng í Indlandi og fyrir kemur að friðsamleg mótmæli snúist upp í andhverfu sína. Drónarnir eru búnir myndavélum sem mun hjálpa lögreglunni að ná betri tökum á aðstæðum. **- ngy**




# Bið eftir augnaðgerð er allt upp í þrjú ár

Biðlistar vegna aðgerða til þess að fjarlægja ský af augasteini hafa lengst. Fólk getur þurft að bíða allt upp í þrjú ár eftir að komast í aðgerð sem greidd er af Sjúkratryggingum. Hins vegar kemst fólk fljótt að borgi það sjálft fyrir aðgerðina.

**HEILBRIGÐISMÁL** Allt upp í þriggja ára bið er eftir aðgerðum til þess að fjarlægja ský á augasteini. Biðlistarnir hafa lengst hratt en í október sagði Fréttablaðið frá því að biðlistar eftir slíkum aðgerðum, sem borgaðar eru af Sjúkratryggingum Íslands, væru eitt og hálft ár.

Hins vegar er hægt að komast í aðgerð mjög fljótlega kjósi sjúklingurinn sjálfur að borga fyrir aðgerðina en hún kostar um 200 þúsund fyrir hvort auga og misjafnt er hvort sjúklingar þurfa aðgerð á öðru auga eða báðum.

Samkvæmt upplýsingum frá Embætti landlæknis frá því í lok febrúar þá er um 2.861 aðgerð á biðlista en hver aðgerð á við eitt auga, sumir þurfa aðgerð á báðum augum en einungis er gerð aðgerð á öðru auganu í einu.

Aðgerðirnar eru gerðar á augndeild Landspítalans, Sjúkrahúsinu á Akureyri og á tveimur einkastofum, Sjónlagi og Lasersjón. Hjá Sjónlagi er biðin lengst, hátt upp í þrjú ár, hjá Lasersjón er hún yfir tvö ár, um eitt og hálft ár á Landspítalanum en hjá augnlæknum sem eru með aðstöðu á Sjúkrahúsinu á Akureyri er biðin styst, eða um 35 vikur.

Einkastofurnar tvær hafa hvor um sig kvóta upp á 400 aðgerðir á ári frá Sjúkratryggingum en geta þó sinnt mun fleiri aðgerðum.

„Það lengist og lengist hjá okkur biðlistinn sem skýrist af því að ríkið setur ekki meiri pening í þennan málaflokk. Það er komið upp í þrjú ár sem fólk þarf að bíða eftir að komast í augasteinsaðgerð. Þetta skerðir gríðarlega lífsgæði fólks,“ segir Kristinn Ólafsson, framkvæmdastjóri Sjónlags.



**LENGRI BIÐ** Aðgerð til þess að fjarlægja ský af augasteini getur bætt lífsgæði mikið en biðin getur reynst erfið. NORDICPHOTOS/GETTY



> **Það getur orðið bráður skaði hjá þeim sem eru með hrörnun í augnbotnum.**
>
> *Einar Stefánsson yfirlæknir*

Yfirleitt eru það eldri borgarar sem fara í þessar aðgerðir og geta þær skipt sköpum fyrir lífsgæði fólks. Nefnir Kristinn sem dæmi að sumir missi bílpróf vegna þess að sjónin sé ekki nógu góð. Einar Stefánsson, yfirlæknir á augndeild Landspítalans, segir að þar séu gerðar einnig margar aðgerðir og þeir ráði við.

Hins vegar hafi fækkað þeim aðgerðum sem gerðar eru á ári þar sem þessar aðgerðir víki fyrir öðrum bráðari aðgerðum, meðal annars aðgerðum sem snúa að hrörnun í augnbotninum. Fjármagn til deildarinnar hafi minnkað eftir hrun og það bitni meðal annars á því að biðlistar í þessar tilteknu aðgerðir lengist.

„Þær víkja vegna þess að fólk með ský á augasteinum getur beðið, það verður ekki fyrir bráðum skaða. En það getur orðið bráður skaði hjá þeim sem eru með hrörnun í augnbotnum.“ **viktoria@frettabladid.is**

Dsjokhar Tsarnajev á yfir höfði sér dauðadóm fyrir árásina í Boston 2013:

# Sakfelldur fyrir fjögur morð

**BANDARÍKIN** Kviðdómur í Boston í Bandaríkjunum sakfelldi í gær Dsjokhar Tsarnajev fyrir fjögur morð og fyrir að hafa valdið 260 manns alvarlegum meiðslum. Alls var hann sakfelldur fyrir alla 30 ákæruliði málsins og á yfir höfði sér dauðadóm fyrir sautján þeirra.

Tsarnajev sprengdi ásamt eldri bróður sínum, Tamerlan, tvær sprengjur við mark maraþonhlaupsins í Boston í apríl 2013. Bræðrunum tókst að flýja af vettvangi en þeir náðust sex dögum síðar. Tamerlan lét þá lífið í skotbardaga við lögregluna.

Ekki kom á óvart að Tsarnajev yrði sakfelldur. Verjandi hans byrjaði málflutning sinn á því að staðfesta að hann hefði tekið þátt í árásinni.

Lögmaðurinn hélt því hins vegar fram að það hefði verið eldri bróðirinn sem skipulagði árásina og fékk Dsjokhar, sem þá var 19 ára, til þess að taka þátt í henni með sér.

Þrír þátttakendur í maraþoninu létu lífið í árásinni. Sá fjórði, sem Tsarnajev var sakfelldur fyrir að hafa orðið að bana, var öryggisvörður við MIT-háskólann. Hann lést í átökum meðan bræðurnir voru á flótta. **- gb**



**FRÁ RÉTTARHÖLDUNUM** Tsarnajev ásamt lögmönnum sínum á teiknaðri mynd, þar sem bannað er að taka ljósmyndir í réttarsalnum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA




Hilux er fjallkóngurinn yfir Íslandi í leik og starfi enda harðduglegur vinnuþjarkur sem hefur sannað gildi sitt við íslenskar aðstæður. Ný hönnun á sætum og innra byrði gefur einstök þægindi í akstri innan bæjar sem utan. Sterkbyggð grind og ríkulegur öryggisbúnaður skapa meira öryggi ofan á óhagganlegan stöðugleika með öflugri fjöðrun og góðri hæð yfir vegi. Þú færð ekki annan eins styrk og öryggi á betra verði. Hilux fæst með hljóðlátri 2.5l eða 3.0l dísilvél sem bíður þess að komast þangað sem þig langar.

Fáðu nánari upplýsingar á **www.toyota.is**

## GJAFABRÉF FRÁ ICELANDAIR TIL EVRÓPU MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM*

5 ÁRA ÁBYRGÐ

| Toyota Kauptúni | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi |
|---|---|---|---|
| Kauptúni 6 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 |
| Garðabæ | Akureyri | Reykjanesbæ | Selfossi |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 420-6600 | Sími: 480-8000 |

*Gildir ekki með öðrum tilboðum.
**Gildir ekki með öðrum tilboðum. Viðkomandi þarf að vera meðlimur í Icelandair Saga Club.
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

## SPURNING DAGSINS



Hafið þið eitthvað að fela?

**„Það er allavega eitt sem ég hef að fela og það er fullkomni felustaðurinn minn í Ikea.“**

Ellen Rosdahl stendur fyrir feluleik í Ikea á laugardag ásamt vinkonu sinni Megan Dunley.

Hvítur bandarískur lögregluþjónn skaut svartan óvopnaðan mann í Charleston, Suður-Karólínu:

# Ofbeldi lögreglu gegn svörtum mótmælt

**BANDARÍKIN** Enn á ný hefur hvítur lögreglumaður orðið óvopnuðum þeldökkum Bandaríkjamanni að bana, og atvikið náðist á myndbandsupptöku. Mótmæli hófust samdægurs, en lögreglumaðurinn hefur verið ákærður fyrir morð og rekinn úr starfi.

Þetta gerðist í Charleston í Suður-Karólínu í gærmorgun, klukkan hálf tíu að staðartíma.

Lögreglumaðurinn Michael Slager stöðvaði hinn fimmtuga Walter Scott vegna umferðarlagabrots, en myndbandið sýnir það sem gerðist nokkru síðar. Þar sést Scott standa við hlið lögreglumannsins, en stuttu eftir að myndbandið hefst byrjar Scott að hlaupa frá honum. Svo virðist sem lögreglumaðurinn hafi gripið til rafstuðsbyssu og Scott þá lagt á flótta. Lögreglumaðurinn tekur þá upp byssu og skýtur átta sinnum uns Scott fellur til jarðar.

Í hljóðupptöku af samtali lögreglumannsins við lögreglustöðina heyrist hann segja: „Skotum hleypt af og einstaklingurinn fallinn, hann greip í rafbyssuna mína.“

Lögreglumaðurinn fer síðan og handjárnar Scott þar sem hann liggur hreyfingarlaus á jörðinni.

Þetta atvik kemur í beinu framhaldi af fjölmörgum sambærilegum undanfarin misseri, þar sem hvítir lögreglumenn hafa skotið óvopnaða þeldökka menn til bana. - gb



**MÓTMÆLI Í CHARLESTON** Undanfarin misseri hafa sambærileg atvik vakið reiði víða í Bandaríkjunum. NORDICPHOTOS/AFP



**Á FILIPPSEYJUM** Byggt er yfir 600 fjölskyldur.

SOS-barnaþorpin byggja:

## 600 ný heimili á Filippseyjum

**HJÁLPARSTARF** SOS Barnaþorpin eru um þessar mundir að byggja 600 heimili fyrir fjölskyldur sem misstu allt sitt í fellibyl sem reið yfir Filippseyjar í nóvember 2013. Þúsundir fjölskyldna misstu heimili sín.

SOS tóku þátt í neyðaraðstoðinni, meðal annars með þessum húsbyggingum en utanríkisráðuneytið styrkti verkefnið sem og fjöldi einstaklinga og fyrirtækja. Alls sendu SOS rúmar 15 milljónir til verkefnisins. Framkvæmdir höfust í desember 2014 og áætlað er að þeim ljúki í nóvember. - fbj

Tollstjóri kærir til lögreglu:

## Fundu stera í fórum manns

**LÖGREGLUMÁL** Mikið af sterum og lyfseðilsskyldum lyfjum fannst í fórum íslensks karlmanns nýverið þegar tollverðir stöðvuðu hann við hefðbundið eftirlit í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Maðurinn, sem er rétt um sjötugt, var að koma frá Taílandi með millilendingu í Ósló. Hann hefur komið við sögu áður vegna svipaðra mála.

Í ferðatösku hans fundust rúmlega 3.500 ampúlur af sterum auk talsverðs magns af sterum í töfluformi. Þá var hann með á annað þúsund skammta af lyfseðilsskyldum lyfjum.

Tollstjóri kærði málið til lögreglunnar á Suðurnesjum sem fer með rannsókn þess. - ngy

# Ætla að gefa blindum „sýn“

Háskóli Íslands leiðir stórt verkefni fimm Evrópulanda þar sem búa á til hátæknibúnað fyrir blinda sem byggir á þrívíddartækni – og hefur snertifleti við þróun tölvuleikja. Um 600 milljóna króna styrkur fékkst frá ESB.

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is

**NÝSKÖPUN** „Við ætlum að veita blindum sýn í krafti þeirrar tækni sem nú fleygir fram,“ segir Rúnar Unnþórsson, lektor við Háskóla Íslands og verkefnisstjóri Sound of Vision, þriggja ára samstarfsverkefnis fimm Evrópulanda um hátæknibúnað fyrir blinda sem byggir á hljóði og snertiskynjun. Miðstöðin – þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda og sjónskerta er samstarfsaðili HÍ en undirbúningsvinna hófst í janúar.

Í hnotskurn útskýrir Rúnar að verkefnið snúi að gerð tölvulíkana í þrívídd (3D) sem verða túlkuð yfir í tvenns konar upplýsingar; hljóð og snertingu – eða þær upplýsingar sem blint fólk notar í sínu daglega lífi.

„Tæknin snýst um að fólk þurfi ekki að þreifa fyrir sér heldur skynji hluti lengra frá sér, en okkar höfuðverkur verður aðallega sá að túlka 3D-líkönin yfir í hljóð og snertingu,“ segir Rúnar en snertihluti verkefnisins er þegar stórt svið við þróun tölvuleikja – eða að búa til titring og aðra snertingu við spilarann. „Þessa tækni ætlum við að nýta okkur því hljóðið leysir ekki allt. Þetta snýr ekki síst að eldra fólki sem hefur misst sjón en hefur jafnframt misst heyrn.“

Þjálfun þeirra sem búnaðinn koma til með að nota er einnig í forgrunni.

„Við ætlum að búa til hermi fyrir blint fólk til að æfa sig og þar munum við líka meta árangurinn af tækinu. Þetta verður sett upp eins og tölvuleikur þar sem þú ferð úr einu borði í annað. Útskráðir eiga að geta farið út að labba með Sound of Vision-búnaðinn,“ segir Rúnar.



**NÝ SÝN** Verkefnið snýst um að stórauka lífsgæði blindra og sjónskertra. MYND/SOUND OF VISION

Það sem gerir verkefnið mögulegt er að til þess fékkst Horizon 2020 styrkur [rammaáætlun ESB fyrir rannsóknir og nýsköpun]; sá fyrsti sem fellur Háskóla Íslands í skaut. Upphæðin er fjórar milljónir evra, eða tæpar 600 milljónir króna.

Rúnar segir að um 30 prósent styrksins renni til Háskóla Íslands en samstarfsaðilarnir, bæði háskólar og tæknifyrirtæki, eru í Póllandi, Ungverjalandi, Rúmeníu og Ítalíu.

Sálfræðideild Háskóla Íslands vinnur með iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild skólans, og mun annast mat á því hversu vel gengur að laga notandann að búnaðinum.

„Í raun á að meta hvort búnaðurinn verður hluti af þeim – notkunin verði ósjálfráð – en notandinn sé ekki sífellt að hugsa um hann. Eins hvaða hljóð henta best og pirrar fólk minnst. Þetta á ekki að vera áreiti heldur eitthvað sem styður fólk í daglegu lífi,“ segir Rúnar.

Verkefnið er eitt þeirra sem kynnt verða á Degi verkfræðinnar 2015 á Hilton Reykjavík Nordica á morgun.



> **Við ætlum að búa til hermi fyrir blint fólk til að æfa sig og þar munum við líka meta árangurinn af tækinu. Þetta verður sett upp eins og tölvuleikur þar sem þú ferð úr einu borði í annað.**
>
> *Rúnar Unnþórsson*



**SOUND OF VISION** Hér sést prótótýpa sem einn pólski þátttakandinn úr tækniháskólanum í Lodz útbjó og er nýtt sem grunnur að íslenskri lausn.




VÁ!
ÞÝSK GÆÐI FRÁ OPEL!
Opel Corsa
Verð frá: 2.490.000 kr.
Útborgun frá aðeins: 249.000 kr.
Hægt er að velja um fjölbreytt úrval af aukabúnaði.
CORSA
Ný Corsa
Snjallasti bíllinn í bænum
Það er komin ný Corsa og hún er bráðsnjöll. Hún er fáanleg vel græjuð fyrir fólk sem vill vera í góðu sambandi öllum stundum. Þú tengir símann þinn og spilar uppáhalds tónlistina þína í gegnum Bluetooth. En Bluetooth er bara einn kosturinn við Corsa – þú getur fengið þá miklu fleiri. Kynntu þér Corsa á opel.is.
Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum
Reykjavík
Tangarhöfða 8
590 2000
Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
420 3330
Opið virka daga frá 9 til 18
og laugardaga frá 12 til 16.
Verið velkomin í reynsluakstur.
OPEL
Bíll á mynd er Corsa Enjoy fimm dyra. Bílabúð Benna áskilur sér rétt til breytinga á verði og búnaði. Birt með fyrirvara um texta og myndabrengl.
Lykill
Bílabúð Benna og Lykill gera þér kleift að eignast nýjan Opel á þægilegan máta. Útborgun er að lágmarki 10% af verði bílsins og Lykill lánar þér afganginn til allt að sjö ára. Þú velur þér nýjan bíl hjá Bílabúð Benna og sölumenn sjá um að ganga frá láninu. Lánshlutfall ræðst af lánshæfis- og/eða greiðslumati hvers umsækjanda og getur hæst orðið 90%. Skylt er að kaskótryggja bifreiðina á lánstímanum.

## SVONA ERUM VIÐ



**588 þúsund ferðamenn eru taldir hafa komið til Þingvalla í fyrrasumar.**

Kovtun segist saklaus af að hafa myrt rússneska njósnarann Litvinenko:

# Litvinenko hafi drepið sig óvart

**RÚSSLAND** Rússneski njósnarinn fyrrverandi, Dimitrí Kovtun, segir líklegt að rússneski njósnarinn Alexander Litvinenko hafi drepið sjálfan sig óvart í London árið 2006. Hann hafi verið að höndla með geislavirka efnið pólon-210 og líklega farið kæruleysislega með það.

„Það er mögulegt að eitthvað sem hann bar á sér hafi smám saman leitt til þess að pólon safnaðist upp í líkama hans,“ sagði Kovtun á blaðamannafundi, sem hann efndi til í Moskvu í gær til þess að koma þessu á framfæri. BBC skýrði frá þessu.

„Ég er þess meira en fullviss að hann hafi verið að höndla með pólon án þess að vita það sjálfur,“ segir hann.

Kovtun hefur ásamt öðrum fyrrverandi njósnara, Andrei Lugovoi, legið undir grun um að hafa myrt Litvinenko með því að byrla honum geislavirkt eitur. Bretar hafa krafist framsals þeirra beggja, en ekki fengið til þess samþykki rússneskra stjórnvalda. Sjálfur sakaði Litvinenko rússnesk stjórnvöld og Vladimír Pútín forseta persónulega um að hafa skipað fyrir um morðið á sér. - gb

> **Ég er þess meira en fullviss að hann hafi verið að höndla með pólon án þess að vita það sjálfur.**
> *Dimitrí Kovtun, fyrrverandi njósnari.*



**DIMITRÍ KOVTUN** Efndi til blaðamannafundar í Moskvu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



#blarapril
902 10 10
Styrktarfélag barna með einhverfu

# Hækkun upp á 3,5 prósent dugar ekki

**Samninganefnd ríkisins þarf að sækja meira umboð í bakland sitt, segir Páll Halldórsson, formaður BHM. Ríflega 3.000 félagsmenn BHM leggja niður störf í dag í allsherjarverkfalli. Fundað verður aftur í deilunni hjá ríkissáttasemjara á morgun.**

**KJARAMÁL** „Ég held að samninganefnd ríkisins þurfi að sækja meira umboð í sitt bakland,“ segir Páll Halldórsson, formaður BHM. Hann segir enn bera mikið í milli í deilunni og samningafundur sem fram fór hjá ríkissáttasemjara í gær hafi verið tíðindalítill. Fundurinn stóð frá hálf tvö til fjögur.

„Í raun og veru hefur ekkert breyst í því að það vantar bara meira inn í þetta,“ segir Páll og kveður samninganefnd ríkisins halda sig við að bjóða ekki annað en 3,5 prósenta hækkun launa. „Og það bara dugar ekki.“

Samninganefndir BHM og ríkisins segir Páll hins vegar ætla að hittast aftur á morgun, föstudag, klukkan tíu árdegis. „Og mér finnst bara gott á meðan menn tala saman, því að öðru vísi gerist örugglega ekki neitt.“

Að meðtöldum þeim fimm aðildarfélögum BHM sem hófu ótímabundið verkfall í byrjun vikunnar leggja í dag rúmlega þrjú þúsund félagsmenn samtakanna niður störf í allsherjarverkfalli. „Um mismunandi aðgerðir er að ræða allt frá því að vera verkfall part úr degi yfir í ótímabundin allsherjarverkföll,“ segir á vef BHM.

Efnt hefur verið til samstöðufundar BHM-félaganna á Lækjartorgi klukkan eitt. Til stendur að afhenda ráðamönnum áskorun og halda svo til fundar í Rúgbrauðsgerðinni við Borgartún. Krafa samtakanna er að menntun sé metin til launa, en ekki hefur verið upplýst nákvæmlega hverjar kröfurnar eru.



**HJÁ RÍKISSÁTTASEMJARA Í GÆR** Guðmundur H. Guðmundsson, varaformaður samninganefndar ríkisins, rýnir í tölurnar í rauðu möppunni, og Magnús Pétursson ríkissáttasemjari (lengst til hægri) undirbýr fundinn. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Flestir þeir sem hófu verkfall á þriðjudaginn starfa á Landspítalanum eða öðrum heilbrigðisstofnunum, en í hópnum eru geislafræðingar, lífeindafræðingar, ljósmæður og náttúrufræðingar. Þá eru líka í verkfalli lögfræðingar hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu.

Horfur eru á töluverðum átökum öðrum á vinnumarkaði, auk deilu BHM og ríkisins. Aðildarfélög Starfsgreinasambandsins undirbúa verkfallsaðgerðir sem gætu brostið á undir lok mánaðarins. Þar eru félagsmenn 10 til 12 þúsund talsins. Þá hafa rafiðnaðarmenn hjá RÚV boðað verkfall og stefnir í aðgerðir hjá undirverktökum sem starfa hjá Fjarðaáli, alls um 400 manns, með þessum 50 sem hjá RÚV starfa.

Séu allir þessir hópar teknir saman eru líkur á að allt að 15 þúsund manns standi í verkfallsaðgerðum á næstu vikum.

olikr@frettabladid.is



> **Mér finnst bara gott á meðan menn tala saman, því að öðru vísi gerist örugglega ekki neitt.**
> *Páll Halldórsson, formaður BHM.*



Opinn fundur á vegum Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands í samstarfi við Evrópustofu

FÖSTUDAGINN 10. APRÍL KL. 9.00-10.30
Í NORRÆNA HÚSINU

Evrópuþingmaðurinn Andreas Schwab mun fjalla um skýrslu sem Evrópuþingið vinnur að um EES-samninginn og samskipti ESB og Sviss
Andreas Schwab er þingmaður á Evrópuþinginu og skýrslugjafi (e. rapporteur) nefndar þingsins um EES-samninginn og samskipti ESB og Sviss.


Andreas Schwab

EES-samningurinn: Aukið frelsi eða skilyrt sjálfstæði?
John Erik Fossum er prófessor við ARENA, Evrópufræðasetur Háskólans í Osló, og höfundur bókarinnar Det Norske Paradoks.


John Erik Fossum

Hröðun á innleiðingu ESB gerða í EES-samninginn?
Jóhanna Jónsdóttir er með doktorspróf í Evrópufræðum frá Cambridge háskóla og starfar sem sérfræðingur hjá EFTA.


Jóhanna Jónsdóttir

Eftir erindin verða pallborðsumræður með fyrirlesurum en að auki mun Birgir Ármannsson, formaður utanríkismálanefndar Alþingis, taka þátt.

Fundarstjóri: Baldur Þórhallsson, deildarforseti og prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands.

Fundurinn fer fram á ensku. Allir velkomnir.
Boðið verður upp á kaffiveitingar frá kl. 8:30 til 9:00.

www.ams.hi.is og www.evropustofa.is

Evrópustofa Upplýsingamiðstöð ESB
Education and Culture Lifelong Learning Programme JEAN MONNET
ALÞJÓÐAMÁLASTOFNUN RANNSÓKNASETUR UM SMÁRÍKI HÁSKÓLI ÍSLANDS

2,3 prósent íbúa á höfuðborgarsvæðinu segjast vera neikvæð í garð ferðamanna:

# Borgarbúar jákvæðir í garð ferðamanna

**SAMFÉLAG** Íbúar á höfuðborgarsvæðinu eru almennt jákvæðir gagnvart erlendum ferðamönnum samkvæmt niðurstöðum viðhorfskönnunar sem var lögð fyrir íbúa í öllum póstnúmerum á höfuðborgarsvæðinu dagana 19.-30. mars.

Aðeins 2,3 prósent íbúa á höfuðborgarsvæðinu segjast vera neikvæð gagnvart ferðamönnum á höfuðborgarsvæðinu, þar af segjast tvö prósent fremur neikvæð og 0,3 prósent mjög neikvæð. Þetta hlutfall er 3,1 prósent í póstnúmerinu 101 í miðborg Reykjavíkur þar sem ferðamannafjöldinn er mestur.

Í tilkynningu frá Höfuðborgarstofu segir að könnunin hafi verið liður í vinnu við endurskoðun á aðgerðaáætlun ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar til ársins 2020. Þá telja 91,8 prósent íbúa að erlendir ferðamenn á höfuðborgarsvæðinu séu fremur eða mjög vinsamlegir í samskiptum við íbúa. Aðeins 0,7 prósent telja þá óvinsamlega og 7,5 prósent í meðallagi. Niðurstöður könnunarinnar voru kynntar í gær en Maskína sá um framkvæmd og úrvinnslu könnunarinnar. - ngy



**ALLIR GLAÐIR** Innan við eitt prósent Reykvíkinga telur erlenda ferðamenn óvinsamlega. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




Dior DAGAR Í HAGKAUP
20% afsláttur af Dior dagana 9.-15. apríl. Vertu velkomin og kynntu þér það nýjasta í Dior í Hagkaup Akureyri, Kringlunni, Smáralind, Skeifunni, Garðabæ og Holtagörðum. Falleg gjöf* fylgir þegar keyptir eru tveir hlutir í Dior.
*Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hver var valin besti leikmaður seinni hluta Dominos-deildar kvenna?
**2.** Á hversu mikið magn kókaíns var lagt hald í Reykjavík í fyrra?
**3.** Hver verður formaður velferðarráðs Reykjavíkurborgar í vor?

**SVÖR:**
**1.** Kristen McCarthy. **2.** 850 grömm. **3.** Ilmur Kristjánsdóttir

Marine le Pen segir föður sinn reyna að taka flokk þeirra í gíslingu og vill hann ekki í framboð á ný:

# Segir grófum ummælum ætlað að fella sig

**FRAKKLAND** Marine le Pen segir föður sinn ekki hafa neitt leyfi til þess að taka flokk þeirra beggja, Þjóðfylkinguna, í gíslingu, jafnvel þótt hann sé heiðursforseti flokksins.

„Jean-Marie Le Pen virðist sveiflast á milli þess að stefna öllu í auðn og að fremja pólitískt sjálfsvíg,“ segir dóttir hans í yfirlýsingu sem hún sendi frá sér í gær.

Hún lýsir þar andstöðu við áform hans um að bjóða sig fram til héraðskosninga í Provence-Alpes-Côte d'Azur síðar á árinu. Hún tók við af föður sínum sem leiðtogi flokksins árið 2011 og hefur reynt að draga úr því öfgakennda yfirbragði sem jafnan hefur fylgt þessum umdeilda flokki hægri þjóðernissinna.

Faðir hennar hefur jafnan verið þekktur fyrir gróft orðaval í yfirlýsingum sínum, ekki síst þegar hann talar um útlendinga, en einnig þegar hann talar um andstæðinga sína almennt.

„Hin grófu ögrandi ummæli hans virðast sett fram í því markmiði að fella mig, en um leið að veita þessari hreyfingu, umgjörð hennar, frambjóðendum, fylgi og félögum þungt högg,“ segir í yfirlýsingunni.

- gb



**FEÐGININ** Marine og Jean-Marie Le Pen deila hart þessa dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA


## Aðalfundur Reita fasteignafélags hf.

**Aðalfundur Reita fasteignafélags hf. verður haldinn kl. 14.00, fimmtudaginn 30. apríl 2015 í Þingsal 2 á Hotel Reykjavík Natura, Nauthólsvegi 52, 101 Reykjavík.**

**Dagskrá fundar**

1. Stjórn skýrir frá rekstri félags og hag þess á liðnu ári.
2. Ársreikningur og samstæðureikningur félagsins fyrir liðið starfsár lagðir fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað félagsins á síðastliðnu starfsári.
4. Tillögur stjórnar, lagðar fyrir aðalfund:
   a. Tillaga um starfskjarastefnu félagsins.
   b. Tillaga um stefnu félagsins um ráðstöfun verðmæta til hluthafa.
   c. Tillaga um heimild til kaupa á eigin hlutum skv. 55. gr. laga um hlutafélög.
   d. Tillaga um breytingu á samþykktum, en m.a er lagt til að ekki verði varamenn í stjórn félagsins og að heimild til kaupa á eigin hlutabréfum verði sett fram í viðauka við samþykktir félagsins.
5. Kjör stjórnarmanna félagsins.
6. Kjör endurskoðanda eða endurskoðunarfélags.
7. Ákvörðun um laun stjórnar og undirnefnda stjórnar fyrir komandi starfsár.
8. Önnur mál, löglega upp borin.

**Upplýsingar**

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt og dagsett umboð. Umboð verða ekki afturkölluð svo gilt sé gagnvart félaginu eftir að þeim hefur verið framvísað við afhendingu fundargagna eða eftir setningu fundarins, hvort heldur sem fyrr er.

Hver hluthafi á rétt á að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á aðalfundinum, ef hann gerir skriflega kröfu um það til stjórnar áður en tvær vikur eru til aðalfundarins.

Atkvæðagreiðslur og kosningar verða einungis skriflegar á fundinum komi fram krafa um slíkt á fundinum frá einhverjum atkvæðisbærra fundarmanna. Stjórnarkjör skal vera skriflegt ef tillögur koma fram um fleiri stjórnarmenn en kjósa skal um. Ekki verður hægt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum.

Tilkynningum um framboð til stjórnar félagsins skal skilað til skrifstofu félagsins í Kringlunni 4-12 í Reykjavík eigi síðar en fimm dögum fyrir dagsetningu aðalfundar. Framboðstilkynningar skulu uppfylla skilyrði 63. gr. a. hlutafélagalaga nr. 2/1995. Upplýsingar um frambjóðendur verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund.

Aðalfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað, óháð fundarsókn, sbr. 13. gr. samþykkta félagsins.

Fundargögn verða aðgengileg á vefsvæði félagsins, www.reitir.is/fjarfestar. Einnig verða gögnin til sýnis fyrir hluthafa á skrifstofu félagsins í Kringlunni 4-12 í Reykjavík. Endanleg dagskrá og tillögur verða birtar tveimur vikum fyrir aðalfund.

**Reykjavík, 8. apríl 2015**
**Stjórn Reita fasteignafélags hf.**

Kringlan 4–12
103 Reykjavík
www.reitir.is
575 9000

REITIR
Velkomin til starfa



Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**




SAFT




**UNDIRRITUN SAMNINGS** Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra var meðal annars viðstaddur samningsundirritun Orku Energy í Kína í desember 2013. MYND/ORKA ENERGY

# Vilja svör um tengslin við Orku Energy

Menntamálaráðherra fór í vinnuferð til Kína og sat fundi með Orku Energy. Starfaði áður fyrir fyrirtækið en segist engra hagsmuna hafa að gæta. Stjórnarandstaðan segir mörgum spurningum ósvarað.

**STJÓRNMÁL** Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra sat fundi í Kína með jarðvarmafyrirtækinu Orka Energy í síðasta mánuði. Ferðin var vinnuferð á vegum ráðuneytisins og með í för voru fjórir starfsmenn ráðuneytisins ásamt fulltrúum Orku Energy. Illugi starfaði sem ráðgjafi fyrir fyrirtækið þegar hann var í leyfi frá þingstörfum eftir bankahrunið. Hann segist þó hafa látið af þeim störfum þegar hann tók aftur sæti á þingi árið 2011.

„Tenging mín við þetta tiltekna fyrirtæki sem starfar erlendis er frá þeim tíma þegar ég var utan þings og var þess vegna að vinna fyrir mér,“ segir Illugi. Hann segir fundinn í Kína tilkominn vegna þess að aðilar frá Orku Energy hafi verið staddir á sama stað á þessum tíma.

„Ég sat á einum fundi þeirra með samstarfsaðilum þeirra,“ segir Illugi. „Þeir voru ekki þarna á okkar vegum og við vorum ekki að borga fyrir þá eða eitthvað þess háttar.“

Illugi segist engra fjárhagslegra hagsmuna eiga að gæta í tengslum við starfsemi Orku Energy. Hann sé hvorki á launaskrá þar né eigi hlutabréf í fyrirtækinu.

Aðspurður hvernig heimsókn á jarðhitasvæði í Kína falli undir verkahring menntamálaráðherra segir hann það heyra undir vísindasamstarf Íslendinga og Kínverja. „Þarna hefur verið samstarf á vísindasviðinu milli landanna,“ segir Illugi.

Þingmenn stjórnarandstöðuflokkanna segja mörgum spurningum ósvarað um þessa aðkomu Illuga.

„Ég skil ekki af hverju menntamálaráðherra er að skipta sér af þessu. Mér finnst þetta kalla á frekari svör,“ segir Birgitta Jónsdóttir, þingmaður Pírata.

Svandís Svavarsdóttir, þingmaður Vinstri grænna, tekur í sama streng. „Það vekur óþægileg hugrenningatengsl þegar um er að ræða samspil Sjálfstæðisflokksins og útrásar orkufyrirtækja. Í þessu tilviki er greinilega mörgum spurningum ósvarað,“ segir Svandís.

Illugi hefur áður verið í Kína með Orku Energy eftir að hann tók við ráðherraembætti. Í frétt á vef fyrirtækisins kemur fram að hann hafi verið viðstaddur undirritun samnings við sveitarstjórn Xianyang og fyrirtækið Sinopec Star Petroleum í desember 2013.

fanney@frettabladid.is

Markhönnun ehf

# NETTÓ SÉR RAUTT!!

**ÓTRÚLEG VERÐ!**
Sérstakur afsláttur
af völdum vörum.
**Fyrstir koma fyrstir fá!**

# BÆKLINGURINN KOMINN ÚT!



## 25% AFSLÁTTUR! ...AF BANÖNUM, APPELSÍNUM, PERUM OG EPLUM (GULUM,RAUÐUM & GRÆNUM)




**NAUTGRIPAHAKK**
FERSKT, KJÖTSEL
**1.189**
ÁÐUR 1.450 KR/KG




**KJÚKLINGABRINGUR**
FERSKT, NETTÓ
**1.798**
ÁÐUR 1.998 KR/KG




-44%
**KJÚKLINGALUNDIR**
DANPO, 700 GR
**986**
ÁÐUR 1.761 KR/PK




**GREAT TASTE**
3 TEG. 225-350 GR
**198**
ÁÐUR 309 KR/STK




-51%
**TILBOÐSÍS 1 L**
SÚKKULAÐI/VANILLU
**189**
ÁÐUR 383 KR/STK




34%
**PEPSI 33 CL**
PEPSI/PEPSI MAX
**59**
ÁÐUR 89 KR/STK




36%
**PRINS PÓLO 128 GR**
FAMILY
**198**
ÁÐUR 309 KR/STK

## *Casa Fiesta vörur 20% afsláttur!*




**Tilboðin gilda 09. - 12. apríl 2015**
Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.




Sumardaginn fyrsta
23. apríl í 4 nætur

Prag er sannarlega ein fegursta borg Evrópu en saga borgarinnar er einstök. Stórkostlegar byggingar, listaverk og sögulegar minjar bera vott um ríkidæmi og völd, baráttu og hugsjónir, vísindi og listsköpun allt fram til dagsins í dag. Upplifðu Hradcany kastalann, stjórnarsetur í 1.000 ár, Vitusarkirkjuna sem gnæfir yfir borgina, iðandi Karlsbrúna, gamla bæinn við Staromestske torgið, þröngar göturnar og Wenceslas torgið; allt eru þetta ógleymanlegir staðir. Ekkert jafnast á við að rölta um götur Prag og drekka í sig mannlífið og söguna. Í Prag er endalaust úrval veitingastaða, bara og kaffihúsa og í borginni er einnig frábært að versla.

Hotel Park Inn

Frábært verð
Frá kr. 77.900
Netverð á mann frá kr. 77.900 m.v. 2 í herbergi m/morgunmat.



Hotel Penta

Frábært verð
Frá kr. 72.900
Netverð á mann frá kr. 72.900 m.v. 2 í herbergi m/morgunmat.



NH Hotel

Frábært verð
Frá kr. 71.900
Netverð á mann frá kr. 71.900 m.v. 2 í herbergi m/morgunmat.



Hotel ILF

Frábært verð
Frá kr. 59.900
Netverð á mann frá kr. 59.900 m.v. 2 í herbergi m/morgunmat.



Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Skógarhlíð 18 • Sími 595 1000
Akureyri • Sími 461 1099
www.heimsferdir.is

Heimsferðir


FÍKNIEFNAINNFLUTNINGUR Á ÍSLANDI 1 2 3



**NEYSLAN HIN SAMA** Lögreglan leggur hald á lítið af amfetamíni. Líklegt er að eftirspurn sé annað með framleiðslu hér á landi. NORDICPHOTOS/GETTY

# Framleiðsla fíkniefna bæði einföld og ódýr

**Allar líkur eru á því að hér á landi sé viðamikil amfetamínframleiðsla. Lögreglan leggur hald á umtalsvert minna magn af efninu síðustu ár en neyslan er hin sama.**

**Kristjana Björg Guðbrandsdóttir**
kristjanabjorg@frettabladid.is

**SAKAMÁL** Mesti samdráttur í haldlögðu magni á fíkniefnum frá hruni er hjá lögreglunni á Suðurnesjum.

Lítil fjárráð ungs fólks eftir hrun og meiri framleiðsla á amfetamíni innanlands teljast líklegar skýringar að mati þeirra Guðmundar Baldurssonar, lögreglufulltrúa í rannsóknardeild skipulagðrar brotastarfsemi á Suðurnesjum, og Ólafs Helga Kjartanssonar lögreglustjóra.

### Kókaín of dýrt

Mesti samdrátturinn er í kókaíni og amfetamíni. Tæp þrjú ár eru síðan lögreglan á Suðurnesjum lagði hald á kókaín að einhverju ráði. Á síðasta ári voru aðeins haldlögð 717 grömm af kókaíni miðað við 4.400 grömm árið 2008. Á síðasta ári voru tekin 796 g af amfetamíni en vanalega er lagt hald á milli þrjú og tíu þúsund grömm á ári.

Guðmundur tekur fram að það sé aðeins hægt að velta vöngum yfir ástæðum þess að lagt er hald á minna magn. Hann segist þó halda að ungt fólk hafi ekki sömu fjárráð og í góðærinu og því hafi neysla á kókaíni dregist saman. Undir það tekur Valgerður Rúnarsdóttir, læknir á Vogi, sem segir neyslu á kókaíni hafa dregist saman eftir hrun þótt notendum örvandi efna hafi fjölgað.

„Við höfum ekki lagt hald á mikið magn af kókaíni síðustu ár, ástæðurnar geta verið margar en við höldum að eftirspurnin hafi dregist saman vegna þess að ungt fólk hefur síður ráð á kókaíni,“ segir Guðmundur.

„Það er áberandi neysla áfram á örvandi efnum en eftir árin 2008 og 2009 dró mjög úr kókaínneyslu,“ segir Valgerður og segir lækna á Vogi verða vara við óbreytta amfetamínneyslu síðustu ár þrátt fyrir að töluvert minna hafi verið tekið af amfetamíni síðustu ár.



**„Ég hef vitneskju um að tækjabúnaðurinn sé ódýr og framleiðslan einföld.**

*Ólafur Helgi Kjartansson lögreglustjóri*

### Fljótlegt að framleiða amfetamín

Guðmundur segir líklegt að eftirspurn eftir amfetamíni sé annað með framleiðslu á landinu. Hann segir fólk hafa ranghugmyndir um slíka framleiðslu. Það þurfi ekki stórar verksmiðjur til. „Það er fljótlegt að framleiða amfetamín og það þarf ekki stórar verksmiðjur til framleiðslunnar. Tækjabúnaðurinn og framleiðslan getur þess vegna farið fram í heimahúsi.“

Guðmundur segir erfitt að geta sér til um hvað valdi samdrættinum. „Það eru sveiflur í þessu, nokkur stór mál hafa mikil áhrif á tölfræðina. Þessi stóru mál eru ekki á hverju ári.“

Ólafur Helgi Kjartansson, lögreglustjóri á Suðurnesjum, segir langt síðan síðasta stóra fíkniefnamálið kom upp og segir enga einfalda skýringu vera á því hversu lítið magn lögreglan nær að finna og taka í sína vörslu.

„Það er ekki til nein einföld skýring á því en það eru ákveðnar vísbendingar um að innflutningur á kókaíni hafi dregist saman. Það vekur ákveðnar hugrenningar að magnið er að minnka mikið. Minnkunin virðist hafa orðið eftir hrunið. Það gæti bent til þess að það er hugsanlega minna fé í umferð.“

### Niðurskurður í löggæslu

Ólafur tekur undir ályktun Guðmundar um amfetamínframleiðslu í landinu sem fari leynt og er hugstætt fíkniefnamál frá síðasta ári þegar Algirdas Vysnauskas, litháískur ríkisborgari um þrítugt, var tekinn með lítra af metamfetamínbasa í vökvaformi í Flugstöð Leifs Eiríkssonar október í fyrra.

„Ég byrjaði ekki hér fyrr en 1. september á síðasta ári en í mínum huga stóð þetta mál upp úr, það mátti gera ráð fyrir því að það væri drjúgt sem hefði verið hægt að framleiða úr því ef það hefði komist á markað. Ég hef vitneskju um að tækjabúnaðurinn sé ódýr og framleiðslan einföld.“

Ólafur segir vert að leiða hugann að niðurskurði undanfarin ár. „Það er ekki hægt að horfa fram hjá því að það hefur verið skorið niður í löggæslu á undanförnum árum.“

## Lögreglan á Suðurnesjum

**KÓKAÍN (GRÖMM)**




**AMFETAMÍN (GRÖMM)**




**ECSTASY (STYKKI)**



DEBENHAMS

# BLÁA BOMBAN

VERÐSPRENGJA!

# 20%*

**VIÐBÓTARAFSLÁTTUR**

AF ALLRI ÚTSÖLUVÖRU

GILDIR ÚT SUNNUDAG

*Gerðu lífið skemmtilegra*

**OPIÐ TIL KL. 21:00 Í KVÖLD**

*Gildir ekki af útsöluvörum á föstu verði

Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

# Snúa vörn í sókn og ráða 11 lækna

Sjúkrahúsið á Akureyri hefur hleypt af stokkunum átaki til að ráða sérfræðilækna og uppræta gamalt vandamál við mönnun. Horft er til framtíðar með varanlegum ráðningum. Auglýst er í fagtímaritum margra landa. Fyrsta gæðavottun heilbrigðisstofnunar er í undirbúningi.

**Svavar Hávarðsson**
svavar@frettabladid.is

**HEILBRIGÐISMÁL** Sjúkrahúsið á Akureyri (SAk) hefur hrint af stað átaki til að manna varanlega allar stöður sérfræðilækna við sjúkrahúsið. Auglýst hefur verið eftir ellefu læknum í ýmsum sérgreinum til að leysa fortíðarvanda í mönnun og byggja upp til framtíðar.

### Fortíðardraugur

Sigurður E. Sigurðsson, framkvæmdastjóri lækninga á SAk, segir að í allmörg ár hafi verið glímt við undirmönnun í ýmsum sérgreinum, en þó ekki alltaf þeim sömu. „Starfsemin hjá okkur hefur því alltaf verið tæp eða undirmönnuð. Sumar stöður hafa verið undirmannaðar alllengi og við höfum reitt okkur á lækna sem hafa getað hlaupið í skarðið. Aðrir læknar hér hafa stundum þurft að hlaupa í skarðið,“ segir Sigurður og bætir við að eftir hrunið, og þá þegar íslenskir læknar komu síður eða seinna úr sérnámi, hafi staðan versnað. „Eins sjáum við fram á að meðalaldur lækna er að hækka hjá okkur, svo við erum líka að horfa til framtíðar með mönnun. Einnig horfum við til þess að þeir læknar sem hér eru séu með vaktabyrði sem telst mannsæmandi til lengri tíma og er fjölskylduvæn. Ein af hugmyndum okkar við að bæta úr þessu er að kasta út þessu stóra neti,“ segir Sigurður.



SIGURÐUR E. SIGURÐSSON

### Tímasetning ekki tilviljun

Spurður um nýgerðan kjarasamning lækna og samhengi hans við ráðningarátakið segir Sigurður að tímapunkturinn sé ekki tilviljun og einn þátturinn í því að nú er farið af stað. Eins verður þeim sem ráða sig til SAk veitt aðstoð við að koma sér fyrir á Akureyri.

Í nýlegu ársriti gaf Bjarni Jónasson, forstjóri SAk, vissulega í skyn að framkvæmd eins og sú að leita liðstyrks af þessari stærðargráðu væri ekki gerð í tómarúmi. Hann skrifar: „Auknar fjárveitingar fengust á fjárlögum ársins 2014 til að styrkja rekstrargrunn sjúkrahússins og til viðhaldsframkvæmda og til tækjakaupa. Alls er hér um tæpar 500 milljónir króna að ræða. Þessi viðbót skapar rými til að rétta af neikvæðan rekstrargrunn síðustu ára og bæta mönnun á þeim sviðum þar sem þörfin er mest. Einnig verður hægt að bæta úr brýnustu þörf fyrir viðhald og endurnýjun tækja. Vonandi er þetta merki þess að áralangt tímabil niðurskurðar í rekstri Sjúkrahússins á Akureyri sé að baki og að nú sé hægt að snúa vörn í sókn.“

### Auglýst á Íslandi og víðar

Birt var ítarleg auglýsing í nýjasta hefti Læknablaðsins. Til viðbótar verða á næstunni birtar auglýsingar í fagtímaritum í Svíþjóð, Noregi, Þýskalandi og Hollandi og jafnvel víðar. Stór hluti átaksins tengist því að kynna Akureyri sem eftirsóknarverðan stað til að setjast að á. Í auglýsingunni segir að Akureyri sé þekkt fyrir gott umhverfi fyrir börn og ungmenni, mikil tækifæri séu til menntunar, íþróttaiðkunar og útivistar og fyrir lifandi menningu. Sjúkrahúsið hefur undanfarin ár verið óbeinn þátttakandi í samevrópsku verkefni, Recruit and Retain, sem fjallar um að finna leiðir við að manna sérhæfð störf í dreifðum byggðum, og þar er ekki aðeins lögð áhersla á vinnustaðinn heldur samfélagið í heild.

Þar að auki stefnir SAk að því að verða fyrst íslenskra heilbrigðisstofnana til að fá alþjóðlega ISO-gæðavottun. Það verkefni er komið vel af stað í samstarfi við vottunarfyrirtækið Det norske Veritas (DNV) þar sem forúttekt er lokið.



**UPPBYGGING FRAM UNDAN** Átakið snýst um að fastráða lækna sem vilja búa á Akureyri. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

## Vilja fjölga sérfræðilæknum úr 53 í 64

- Fyrir starfa á SAk 53 sérfræðilæknar og 16 unglæknar
- Gerðar eru 2.800 skurðaðgerðir á ári
- Legudagar eru 28.000
- Dagdeildarkomur eru um 4.500
- Göngudeildarkomur lækna eru 13.400
- Komur á bráðamóttöku eru um 16.000
- Sjúkraflug eru um 500
- Samstarf við Háskóla Íslands, Háskólann og Verkmenntaskólann á Akureyri um menntun nema í heilbrigðisgreinum og um vísindarannsóknir

KIA

# Ábyrgð fylgir!

Fjórhjóladrifnir með reynslu

Allt að 7 ára ábyrgð fylgir notuðum Kia*




**Kia Sportage EX**
Árgerð 12/2013, ekinn 39 þús. km, dísil, 1.995 cc, 136 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn, eyðsla 6,9 l/100 km.
**4.990.000 kr.**

Bílafjármögnun Landsbankans

Afborgun aðeins 44.900 kr. á mánuði m.v. 2.495.000 kr. útborgun og 50% bílalán frá Landsbankanum í 72 mánuði. 9,0% vextir, 11,16% árleg hlutfallstala kostnaðar og lán til 72 mánaða.




**Kia Sportage EX**
Árgerð 2/2013, ekinn 47 þús. km, dísil, 1.995 cc, 136 hö, beinskiptur, fjórhjóladrifinn, eyðsla 5,7 l/100 km.
**4.790.000 kr.**




**Kia Sportage EX**
Árgerð 2/2013, ekinn 33 þús. km, dísil, 1.995 cc, 136 hö, beinskiptur, fjórhjóladrifinn, eyðsla 5,7 l/100 km.
**4.790.000 kr.**




**Kia Sportage EX**
Árgerð 12/2013, ekinn 56 þús. km, dísil, 1.995 cc, 136 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn, eyðsla 6,9 l/100 km.
**4.890.000 kr.**




**Kia Sportage EX**
Árgerð 12/2013, ekinn 56 þús. km, dísil, 1.995 cc, 136 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn, eyðsla 6,9 l/100 km.
**4.890.000 kr.**

*Ábyrgð er í 7 ár frá skráningardegi bifreiðar

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR
www.notadir.is

Klettháls 2
110 Reykjavík
590 2160

Opnunartími:
Virka daga 10–18
Laugardaga 12–16



**JÁKVÆÐIR** 84,5% íbúa eru mjög eða frekar jákvæð gagnvart ferðamönnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Aðeins tvö prósent neikvæð:

## Ferðamenn eru velkomnir

**FERÐAMÁL** Aðeins 2% íbúa á höfuðborgarsvæðinu eru neikvæð gagnvart erlendum ferðamönnum samkvæmt niðurstöðum viðhorfskönnunar sem var lögð fyrir íbúa í öllum póstnúmerum á höfuðborgarsvæðinu dagana 19.-30. mars. 84,5% íbúa eru mjög eða frekar jákvæð og 13,1% í meðallagi. Könnunin er liður í vinnu við endurskoðun á aðgerðaáætlun ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar til ársins 2020 sem nú stendur yfir. Í könnuninni kemur einnig fram að aðeins 61,9% telja íbúa mjög eða fremur gestrisna og 6,7% telja íbúa mjög eða fremur ógestrisna og 31,4% í meðallagi. **- kbg**




**VILJA BYGGJA** „Ísland er í hnotskurn í Krýsuvík, þar er náttúrufegurð og jarðhiti,“segir Ólafur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Óska eftir lóð í Krýsuvík:

## Vilja byggja heilsuhótel

**FERÐAMÁL** Skipulags- og byggingaráð Hafnarfjarðar tók í gær við erindi frá Ólafi Sigurðssyni, markaðs- og þróunarstjóra fyrirtækisins First ehf., þar sem óskað er eftir að byggja heilsuhótel og náttúrulaugar í Krýsuvík.

First ehf. er ráðgjafarfyrirtæki og Ólafur er einnig viðskiptafélagi í fyrirtækjunum Asian Trading & Consulting og Brands2China.

Ósk um lóð er lögð fram fyrir hönd viðskiptavina fyrirtækisins First ehf. sem Ólafur vill ekki upplýsa hverjir eru að svo stöddu. „Það er ekki tímabært, en þetta er góður hópur innlendra og erlendra aðila.“ **- kbg**




ESA upplýsir að Íslandi og Liechtenstein verði stefnt fyrir EFTA-dómstólinn vegna tveggja mála:

# Neytendavernd og bensíngufur standa út af

**UTANRÍKISMÁL** ESA, eftirlitsstofnun EFTA, hefur ákveðið að vísa tveimur málum gegn Íslandi og einu gegn Liechtenstein til EFTA-dómstólsins, þar sem ríkin hafi ekki innleitt EES-gerðir á réttum tíma. Bæði ríki hafa látið undir höfuð leggjast að innleiða í landsrétt tilskipun 2011/83/ESB um réttindi neytenda.

„Tilskipunin er mikilvægur hluti af umfangsmiklum reglum sem er ætlað að tryggja rétt neytenda hvarvetna á Evrópska efnahagssvæðinu (EES) og stuðla þannig að virkum innri markaði.“ Innleiða átti tilskipunina fyrir 1. febrúar í fyrra.

Þá hefur Ísland ekki heldur innleitt tilskipun 2009/126/EB um endurheimt bensíngufu, sem innleiða átti fyrir sama tíma. „Markmiðið með tilskipuninni er að bæta loftgæði með því að draga úr losun bensíngufu út í andrúmsloftið,“ segir ESA.

Fram kemur að vísun máls til EFTA-dómstólsins sé lokaskrefið í formlegu samningsbrotamáli á hendur EFTA-ríki.

Félag atvinnurekenda vekur á því athygli á vef sínum að Íslandi hafi nú verið ellefu sinnum stefnt fyrir EFTA-dómstólinn á því rétt rúma ári frá því að ríkisstjórnin samþykkti Evrópustefnu sína. Eitt af fjórum meginmarkmiðum hennar hafi verið að á fyrri hluta árs 2015 yrði ekkert dómsmál fyrir EFTA-dómstólnum vegna skorts á innleiðingu EES-gerða. Þá bendi fátt til þess að ríkisstjórnin nái markmiðum sínum um bætta framgöngu í innleiðingu EES-reglna. **- óká**



**Á BENSÍNSTÖÐINNI** Hér á eftir að innleiða Evrópureglur um bensíngufur og um neytendavernd. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



# Lóan er



MacBook Pro Retina 13"
128GB Vöru nr: Z0QM
**Verð: 269.990.-**

**PÚKI** RITVILLUVÖRN FYRIR MAC
fylgir frítt með MacBook Pro Retina
Listaverð: 7.890.-

Útivistarmyndavél




GoPro HERO 4

GoPro HERO4
Frábærar útivistar myndavélar, hægt að taka uppá 4K.
Með snertiskjá.
Verð frá 74.990.-



PUNK – þráðlaus hátalari

Sol Republic. (Bluetooth)
Tengist með Bluetooth.
Flottur hljómur í litlum hátalara.
Verð 11.990.-



Kreafunk – þráðlaus hátalari

Þráðlaus (Bluetooth) hátalari frá Kreafunk í Danmörku.
Nettur, fallegur og hljómar vel.
Kemur í fallegri viðarösku.
Verð frá 10.990.-



**1.000 kr.** notkun eða **500 MB** á mánuði í **12** mánuði fylgir iPhone 6 og 6 Plus! **Frá NOVA**

iPhone 6
**Verð frá: 119.990.-**

**Ókeypis**
námskeið alla laugardaga
**www.epli.is/namskeid**

# komin




## MacBook Air 11"
128GB Vöru nr: Z0NX

**Tilboðsverð**
**159.990.-***
Fullt verð: 179.990.-



**beatspill** Þráðlaus hátalari

Beats Pill hátalarinn er nógu léttur til að hægt sé að lauma honum með hvert sem er. Gríptu hann með þér og hafðu gott hljóð hvar sem er.

Verð frá 29.990.-



**beatssolo**

Solo2 heyrnartólin eru kraftmikil, tær og færa þig nær þeim gæðum sem tónlistarmaðurinn vill að þú upplifir.

Verð 29.990.-



**Þráðlaus heyrnartól**

HESH heyrnartólin frá Skullcandy eru með öflugan bassa og mjög góðan hljóm á þessu frábæra verði.

Verð 13.890.-



**Teikniborð**

Vandaður Wacom Intuos trackpad og teikniflötur, með penna.
Uppgötvaðu nýjar leiðir til að teikna með Intuos teikniborðinu.

Verð 16.790.-




**Apple TV**

Apple TV gerir þér m.a. kleift að streyma efni þráðlaust úr tölvu, iPad, iPhone og iPod touch beint í sjónvarpið. Meðal annars tónlist, kvikmyndum og ljósmyndum úr safninu þínu, eða úr öppum eins og OZ.

Verð **14.990.-**

Verslanir á Laugavegi 182 og í Smáralind • sími 512 1300 • epli.is

EPLI

Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar.
*Tilboð gildir á meðan birgðir endast. Andrea Lóan er komin



**KOSNINGAR Á INDLANDI** Fólk af bodo-þjóðflokknum í Assam á Indlandi bíður í röð eftir því að fá að greiða atkvæði í héraðskosningum. Alls voru 315 frambjóðendur í boði í 40 kjördæmum á Bodoland-svæðinu í Baks-héraði. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# ÁSTAND HEIMSINS






**AÐSTOÐARKENNARAR MÓTMÆLA Í KASMÍR** Aðstoðarkennarar efndu til mótmæla í Srinagar, höfuðstað indverska hluta Kasmír, vegna þess að þeir hafa ekki fengið útborguð laun undanfarna mánuði. Lögreglan handtók tugi manna. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



**VÍGREIFIR JEMENAR** Hópur vopnaðra manna gekk um götur borgarinnar Aden í Jemen og hrópaði vígorð gegn uppreisnarsveitum húta. NORDICPHOTOS/AFP




*340 kr. greiðslugjald leggst við hvern mánuð ef greiðslum er dreift á kreditkort.

Ferðamenn á Suður- og Vesturlandi óánægðir með salernisaðstöðu samkvæmt könnun á átta stöðum:

# Fæstir óánægðir með salernisaðstöðuna á Geysi

**SAMFÉLAG** Ef marka má viðhorf ferðamanna á átta vinsælum náttúruskoðunarstöðum á Suður- og Vesturlandi sumarið 2014 eru gestir Geysis ánægðastir með salernisaðstöðuna.

Þetta má lesa úr skýrslu Ferðamálastofu, Þolmörk ferðamanna.

„Markmið rannsóknarinnar var meðal annars að kanna hversu ánægðir ferðamenn eru með heimsókn sína. Salernin voru einn af þeim þáttum sem ferðamenn voru síst ánægðir með. Við Sólheimajökul, Jökulsárlón, Hraunfossa og Þingvelli eru um þrettán til átján prósent gesta óánægð með salernisaðstöðuna en innan við fimm prósent á Geysi.

Þar sögðust flestir ánægðastir með slíka aðstöðu.

Almennt eru ferðamenn ánægðir með alla þá þætti sem spurt var um og mest var ánægjan með náttúruna og dvölina á stöðunum átta sem Ferðamálastofa tók til skoðunar. - ngy



**GEYSIR Í HAUKADAL** Einn átta staða í könnun Ferðamálastofu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**SKALL Í GÖTUNA** Maðurinn fór yfir götuna þar sem annar bíll hafði stansað þrátt fyrir að það væri grænt ljós. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Gekk yfir á rauðu ljósi:

## Varð fyrir bíl

**SLYS** Gangandi vegfarandi varð fyrir bíl á Reykjavíkurvegi í Hafnarfirði í gærmorgun. Maðurinn var að fara yfir ljósastýrða gangbraut, án þess að nota búnaðinn og fór gegn rauðu gangbrautarljósi. Ökumaður sem átti leið hjá stansaði á hægri akrein, þrátt fyrir að umferðarljósið væri grænt. Maðurinn gekk þá af stað og varð fyrir bíl sem ekið var á vinstri akrein. Maðurinn, sem komst næstum því yfir götuna, lenti á vinstra framhorni bílsins og skall í götuna. Hann var fluttur með sjúkrabíl á slysadeild og gekk hann sjálfur upp í sjúkrabílinn. - skó, vh

713 kaupsamningar í mars:

## Fleiri kaupa fasteignir

**VIÐSKIPTI** Fjöldi þinglýstra kaupsamninga um fasteignir á höfuðborgarsvæðinu í mars var 713. Þjóðskrá Íslands tók saman.

Heildarvelta nam 27,7 milljörðum króna og meðalupphæð á hvern kaupsamning var 38,8 milljónir króna. Viðskipti með eignir í fjölbýli námu 17,8 milljörðum, viðskipti með eignir í sérbýli 7,5 milljörðum og viðskipti með aðrar eignir 2,3 milljörðum króna.

Þegar mars 2015 er borinn saman við febrúar 2015 fjölgar kaupsamningum um 63,5 prósent og velta eykst um 75,9 prósent. - fbj



**HVALFJARÐARGÖNG** Lokun frestað í bili. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Veður setur strik í malbikun:

## Opið í göngin um helgina

**SAMGÖNGUR** „Hvalfjarðargöng verða opin um næstu helgi eins og venjulega,“ segir í tilkynningu frá Speli sem frestað hefur fyrirhuguðum malbikunarframkvæmdum um óákveðinn tíma vegna slæms veðurútlits.

Loka átti Hvalfjarðargöngunum vegna malbikunarinnar frá klukkan 20 að kvöldi föstudags 10. apríl til mánudagsmorguns 13. apríl. „Nú blasir við óhagstæð veðurspá fyrir helgina og óhjákvæmilegt er að slá framkvæmdum á frest,“ segir Spölur sem kveður nýjan framkvæmdatíma enn ekki hafa verið ákveðinn. - gar

LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland

**Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.**




-allt svo glitrandi og þurrt!

Nýjar uppþvottavélar frá Siemens með Zeolith®-þurrkun sem er afburðagóð og árangursrík þurrkun og byggist á að láta hið náttúrulega steinefni seólít soga í sig raka og gefa frá sér hita. Orkuflokkur A+++. Þurrkhæfni A. 13 manna. Fimm kerfi. Sérlega hljóðlátar: 44 dB (re 1 pW). Barnalæsing. „aquaStop“-flæðivörn. Stytta má vinnslutímann á öllum kerfum vélanna. Eitt sjálfvirkt kerfi. Siemens uppþvottavélar hafa lent í fyrsta sæti hjá virtum neytendasamtökum í Evrópu undanfarin ár.

**Uppþvottavél, SN45M208SK (hvít)**

**Kynningarverð: 109.900 kr.**

**Uppþvottavél, SN45M508SK (stál)**

**Kynningarverð: 122.900 kr.**

**Við leggjum áherslu á hágæða vörur og fyrsta flokks þjónustu á góðu verði.**

**SMITH & NORLAND**
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

# EINSTÖK TILBOÐ!

## GERÐU FRÁBÆR KAUP

## ALLT AÐ 90% LÁN




NISSAN PATHFINDER SE
Nýskr. 08/08, ekinn 165 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
**Verð áður kr. 3.750.000**

**TILBOÐSVERÐ! 2.890 þús.**




SUZUKI GRAND VITARA
Nýskr. 06/10, ekinn 111 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
**Verð áður kr. 3.190.000**
**TILBOÐ kr. 2.490 þús.**




HYUNDAI i40 WAGON STYLE
Nýskr. 02/13, ekinn 21 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
**Verð áður kr. 4.720.000**
**TILBOÐ kr. 4.190 þús.**




SUBARU UMPREZA SPORT
Nýskr. 12/09, ekinn 133 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
**Verð áður kr. 1.890.000**
**TILBOÐ kr. 1.550 þús.**




KIA SPORTAGE
Nýskr. 08/06, ekinn 142 þús km.
dísil, beinskiptur.
**Verð áður kr. 1.680.000**
**TILBOÐ kr. 1.280 þús.**




RENAULT MEGANE SP TOURER
Nýskr. 05/11, ekinn 83 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
**Verð áður kr. 2.440.000**
**TILBOÐ kr. 2.090 þús.**




HYUNDAI i30 COMFORT
Nýskr. 11/11, ekinn 26 þús km.
dísil, beinskiptur.
**Verð áður kr. 2.690.000**
**TILBOÐ kr. 2.190 þús.**

**bílaland**

Klettháls 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is

www.facebook.com/bilaland.is


Tilmæli sænskra vísindamanna um hreyfingu barna:

# Sex ára þurfa líkamlega þjálfun

Sex ára börn þurfa að hreyfa sig í að minnsta kosti eina klukkustund á dag. Þau eiga auk þess að stunda íþróttir eða hreyfa sig mikið á annan hátt þrisvar í viku. Þetta er tillaga hóps lækna, sjúkraþjálfara og íþróttakennara í Svíþjóð. Þeir hafa unnið að tillögunni á vegum sænska læknafélagsins og er búist við að félagið samþykki hana síðar á þessu ári, að því er greint er frá á fréttavef sænska ríkissjónvarpsins. Hugsunin er að foreldrar, skólar, stjórnmálamenn og heilbrigðisþjónustan hafi tilmælin í huga.

Bent er á að hreyfing geti falist í að ganga eða hjóla til og frá skóla og leika sér í frímínútum. Meiri hreyfing þurfi alls ekki að vera hefðbundin íþróttaþjálfun heldur geti hún snúist um að hoppa og hlaupa. - ibs



**Á SÍMAMÓTI** Aukin hreyfing barna þarf ekki að vera hefðbundin íþróttaþjálfun. Hún getur snúist um hopp og hlaup. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**UPPLÝSTARI** „Í gamla daga var þetta ómeðvituð hegðun en nú erum við upplýstari og getum komið í veg fyrir að svona hlutir gerist.“ FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Blindur á eineltið sem hann beitti skólafélaga

Magnús Stefánsson, framkvæmdastjóri Marita-fræðslunnar, hélt áfram rangri hegðun sinni og fór á kaf í eiturlyfjaneyslu. Skynjaði gerðir sínar þegar hann varð edrú. Erlend rannsókn sýnir að 35% gerenda eineltis í æsku verða afbrotamenn.

„Það var þegar ég var að vinna heimildarmynd um Pál Óskar sem ég reif ofan af gömlu sári í sálinni á mér. Sárið var ég með vegna þess hvernig ég kom fram gagnvart æskufélögum mínum.“

Þetta segir Magnús Stefánsson, framkvæmdastjóri Marita-fræðslunnar, en hann er ásamt Páli Óskari Hjálmtýssyni meðal frummælenda á fundi samtakanna Náum áttum um einelti, úrræði og forvarnir í næstu viku. Magnús talar þar sem gerandi.

„Frá því að ég var 11 ára og þar til grunnskóla lauk beitti ég skólafélaga mína líkamlegu ofbeldi, í mismiklum mæli þó. Ég var meira að segja svo kræfur gagnvart einum að foreldrar hans tóku þá ákvörðun að láta hann ljúka námi á öðrum stað en við bjuggum í litlu plássi úti á landi,“ greinir Magnús frá.

Hann kveðst hafa hegðað sér svona í miklum ótta og einangrun, eins og hann orðar það. „Það er oft talað um einangrun þolenda en ég sem gerandi upplifði mikla einangrun. Mér fannst ég þurfa að viðhalda ákveðnu mynstri til að halda þeim völdum sem ég taldi mig hafa náð. Ég átti hins vegar fáa alvöruvini og fann hvorki fyrir velvild né samþykki skólafélaganna.“

Magnús segist í raun vera talandi dæmi um niðurstöður erlendrar rannsóknar sem gaf sterklega til kynna að gerendur eineltis héldu áfram rangri hegðun sinni. „Í þessari rannsókn var gerendum ofbeldis í sjötta til níunda bekk fylgt eftir. Þegar þeir voru orðnir 24 ára höfðu 35 til 40 prósent þeirra verið ákærð fyrir þrjú brot eða fleiri. Sjálfur fór ég á kaf í eiturlyfjaneyslu. Að leggja aðra í einelti er afar röng hegðun. Maður er þá í raun líka að brjóta á sjálfum sér og það er mikil hætta á að maður haldi áfram að hegða sér rangt. Maður þykist vita allt en er blindur á þetta sem unglingur og ungur maður. Það var ekki fyrr en ég varð edrú sem það fór að flettast ofan af þessum hluta æskuáranna.“

Það er erfitt og sársaukafullt að horfast í augu við rangar gerðir sínar á unglingsárunum, að sögn Magnúsar. „Við þurfum að hafa í huga að kannski stöndum við eftir tíu ár andspænis þeim sem við brutum á, kannski þegar sótt er um vinnu.“

Í tengslum við Marita-fræðsluna, sem er verkefni sem fræðir börn, unglinga, foreldra og fleiri um skaðsemi fíkniefna og annað, stóð Magnús allt í einu andspænis einum þeirra sem hann lagði í einelti. „Þetta var sá sem fékk að kenna svo mikið á mér að hann varð að fara í annan skóla. Hann var orðinn lögreglumaður og kom að verkefninu. Þarna þurfti ég að horfast í augu við hvernig ég hafði komið fram við hann og ég bað hann afsökunar á rangri hegðun minni. Hann var nægilega mikill maður til að fyrirgefa mér. Í gamla daga var þetta ómeðvituð hegðun en nú erum við upplýstari og getum komið í veg fyrir að svona hlutir gerist.“ ibs@frettabladid.is

## ➜ Hvað er Marita-fræðslan?

**Forvarnarfélagið „Hættu áður en þú byrjar“ heldur úti Marita-fræðslunni sem er verkefni sem fræðir börn, unglinga og foreldra þeirra um skaðsemi fíkniefna o.fl.**

- Marita-fræðslan fræðir einnig starfsmenn skóla og fyrirtækja um sömu mál.
- Starfið hefur verið í gangi síðan árið 1998 en Magnús Stefánsson tók við Marita árið 2000.
- Marita-fræðslan fór með fræðslu í 64 skóla á síðasta skólaári og hélt í þessum skólum 211 fræðslufundi.
- Fræðslan dregur heiti sitt af nafni norskrar stúlku, Marita, sem lést af völdum eiturlyfja 23 ára gömul.






# MENNTUN SKAL METIN TIL LAUNA!

SAMSTÖÐUFUNDUR BHM FÉLAGANNA. HITTUMST Á LÆKJARTORGI Í DAG KL. 13.00

AFHENDUM RÁÐAMÖNNUM ÁSKORUN OG FUNDUM Í RÚGBRAUÐSGERÐINNI Í BEINU FRAMHALDI.

FJÖLMENNUM OG SÝNUM SAMSTÖÐU Í VERKI!

Bandalag háskólamanna

Verða áfram á Patreksfirði:

# Starfsmenn halda vinnunni

Stjórnendur Fjarðalax og bæjaryfirvöld Vesturbyggðar komust að samkomulagi í gær sem felur í sér að uppsagnir fjórtán starfsmanna fyrirtækisins, sem starfa við vinnslu og pökkun á Patreksfirði, verða dregnar til baka.

Í tilkynningu er haft eftir Einari Erni Ólafssyni, framkvæmdastjóra Fjarðalax, að félagið, Vesturbyggð og aðrir hagsmunaaðilar á svæðinu hyggist finna lausn sem tryggir varanlega vinnslu afurða félagsins á atvinnusvæðinu. - jhh

Sjö manns bítast um fimm stjórnarsæti í stærsta útgerðarfélagi landsins:

# Kosið í stjórn HB Granda

Allt útlit er fyrir að kosið verði í stjórn HB Granda á aðalfundi sem fer fram á morgun. Sjö frambjóðendur eru til stjórnar en stjórnarsætin eru fimm.

Allir núverandi stjórnarmenn eru í framboði. Að auki bjóða þau Birgir Sveinn Bjarnason og Helga Hlín Hákonardóttir sig fram.

Birgir er framkvæmdastjóri Íslensku umboðssölunnar. Hann situr í stjórn Lífeyrissjóðs verslunarmanna, en sá lífeyrissjóður á 9,97 prósent hlut í HB Granda.

Helga Hlín hefur mikla reynslu úr atvinnulífinu og situr meðal annars í stjórnum Strategíu, Festi, Greiðsluveitunnar, Summu rekstrarfélags og WOW air. Hún hefur ekki tengsl við hluthafa sem eiga meira en 10 prósent í félaginu.

Þessir eru í framboði: **Birgir Sveinn Bjarnason, Halldór Teitsson, Hanna Ásgeirsdóttir, Helga Hlín Hákonardóttir, Kristján Loftsson, Rannveig Rist, Þórður Sverrisson.** - jhh



**STJÓRNARFORMAÐUR** Kristján Loftsson hefur setið í stjórn félagsins frá árinu 1988. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Bækur um merka listamenn:

# Yfir hundrað bækur til sölu

Alls verða 109 bækur seldar á sameiginlegu bókauppboði Gallerís Foldar og bókaverslunarinnar Bókarinnar, sem fram fer þessa dagana á vefnum uppbod.is.

Þetta er fyrsta sameiginlega uppboð þessara aðila á árinu, en það stendur til 3. maí. Meðal annars eru gamlar bækur um Kjarval, Jón Stefánsson og Jón Þorleifsson. Einnig bækur sem Franz Ponzi tók saman og eru ófáanlegar, um Ísland á nítjándu öld – og um Ísland á átjándu öld. - jhh

# Virði Icelandair Group margfaldast

Forstjóri Icelandair Group telur að fyrirtækið geti enn vaxið. Markaðsvirðið hefur aukist um 507 prósent á fimm árum. Vöxtinn má einkum rekja til aukinna flutninga. Áfangastöðum félagsins hefur fjölgað úr 27 í 39, en leiguflug dregst saman.

„Það er mikið talað um það hvort við séum komin á endimörk stækkunar. Hvort við getum haldið áfram að vaxa svona og svarið er já. Það getum við gert,“ sagði Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, á Kauphallardögum Arion banka í gær. Björgólfur sagði að Icelandair Group væri með tiltölulega lítið hlutfall af markaðnum sem ferðast milli Evrópu og Ameríku. „Og við höfum töluverð tækifæri í að ná stærri köku þar,“ sagði hann.

Gjörbylting hefur orðið á rekstri Icelandair Group frá árinu 2010. Það sést kannski best á því að rekstrartekjur félagsins hafa aukist um 65 prósent, farið úr 92 milljörðum króna (673 milljónum dala) í 152 milljarða króna (1.113 milljónir dala). EBITDA hefur aukist um 50 prósent á sama tíma, farið úr 14,1 milljarði króna (103 milljónum dollara) í 21 milljarð króna (154 milljónir dollara).

Auknar tekjur fyrirtækisins, segir Björgólfur mega einkum rekja til vaxtar í flutningum. Leiga á vélum hefði snarminnkað á þessum sama tíma. Björgólfur sagði að virði félagsins á þessum tíma hefði aukist um rúm 500 prósent, en það var tæpir 108 milljarðar króna í gær.

Að sögn Björgólfs hefur Icelandair fjölgað áfangastöðum verulega á undanförnum árum. Þeir voru 27 árið 2010 en verða 39 í ár. Aukin umsvif á árinu 2015 megi aftur á móti að mestu leyti rekja til aukins framboðs á þá staði sem félagið hefur verið að fljúga til.

Björgólfur segir að Icelandair sé lykillinn að stækkun móðurfélagsins Icelandair Group en fleiri þættir hafi gengið vel.

„Við höfum aldrei séð slíka nýtingu á hótelherbergjum hjá okkur í rekstri,“ segir Björgólfur. Nýting á hótelum hafi farið úr 52 prósentum árið 2011 í 75 prósent á fyrsta ársfjórðungi nú. „Þetta skiptir alveg gríðarlegu máli fyrir afkomu þessarar starfsemi. Það er afskaplega mikilvægt að ná að nýta allt árið. Það er það sem við höfum verið að vinna í sem er lykilatriði til þess að bæta afkomuna,“ segir Björgólfur.

Hann getur þess að rekstur Flugfélags Íslands hafi aftur á móti verið erfiður í vetur. Farþegum hafi fækkað. „Við skrifum það töluvert mikið á veðurfarið. Það er búið að vera hreint með ólíkindum hvað við höfum þurft að fella niður mikið af ferðum, bæði innanlands og til Grænlands,“ segir Björgólfur. Hann býst við því að sjá breytingar þar á næstu misserum. jonhakon@frettabladid.is

**VIRÐI ICELANDAIR HEFUR AUKIST VERULEGA Í SAMANBURÐI VIÐ ÖNNUR EVRÓPSK FLUGFÉLÖG**






**Það er búið að vera hreint með ólíkindum hvað við höfum þurft að fella niður mikið af ferðum, bæði innanlands og til Grænlands.**

*Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group.*

Nauðsynlegt að skera niður kostnað til að auka arðsemi olíufélaganna:

# Hluthafar fengu 840 milljónir

Nýr forstjóri N1 segir alveg ljóst að fyrirtækið starfi ekki á vaxandi markaði, þótt mikill vöxtur sé í sölu flugvélaeldsneytis. Horfa þurfi í kostnað til þess að auka arðsemina.

„Það er ljóst að þetta er ekki vaxtabisness, fyrir utan að selja flugeldsneyti sem er mikill vöxtur í. Að öðru leyti er þetta frekar flatur markaður,“ sagði Eggert Þór Kristófersson á kauphallardegi Arion banka í gær.

Eggert sagði að vegna ferðamennsku væri rekstur félagsins breytilegur eftir árstíðum. „Annar og þriðji ársfjórðungur eru bestir þar sem þá er ferðamennska í hámarki. Þá nýtist kerfið okkar að fullu,“ sagði Eggert og vísaði í það að fyrirtækið er með þétt net eldsneytisstöðva víða um landið.

„Fjölgun ferðamanna hefur mjög góð áhrif. Frá því ég byrjaði höfum við séð bílaleigubílum fjölga mjög mikið. Þeir eru farnir að aka um landið allt árið, sem hefur mjög jákvæð áhrif,“ segir hann.



**FORSTJÓRINN** Eggert Þór Kristófersson var ráðinn forstjóri N1 á þessu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Arðgreiðsludagur N1 var í gær, en stjórn N1 lagði til við aðalfund félagsins að greiddar yrðu 840 milljónir króna til hluthafa í arð þetta árið. - jhh

Skipulagsstofnun

Mat á umhverfisáhrifum

Álit Skipulagsstofnunar

Framleiðsla á 6.800 tonnum af regnbogasilungi og 200 tonnum af þorski í Ísafjarðardjúpi

Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Álitið liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 105 Reykjavík. Álit Skipulagsstofnunar og matsskýrslu Hraðfrystihússins Gunnvarar hf. er einnig að finna á heimasíðu stofnunarinnar: www.skipulagsstofnun.is.

Mýrdalshreppur skipulags – og byggingarfulltrúi

Auglýsing um skipulagsmál í Mýrdalshreppi

Í samræmi við 1.mgr.41.gr. skipulagslaga nr.123/2010, er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi deiliskipulagstillögur.

Sólheimahjáleiga – Deiliskipulag

Deiliskipulagið nær yfir um 4 ha spildu úr landi Sólheimahjáleigu í Mýrdalshreppi. Gert er ráð fyrir íbúðarhúsi, skemmu og húsum fyrir ferðaþjónustu.

Deiliskipulag fyrir vesturhluta Víkurþorps

Deiliskipulagssvæðið sem um ræðir er samtals um 7 hektarar að stærð. Tilgangur deiliskipulagsins er að skilgreina betur notkun svæðisins og framtíðarsýn, lóðastærðir og aðgengi að lóðum. Auk þess eru skilgreind ný bílastæði sem eiga að þjóna vaxandi aukningu ferðamanna innan svæðisins.

Suðurvíkurvegur – Mylluland – Deiliskipulag

Deiliskipulag þetta tekur til íbúðarsvæða og verslunar – og þjónustusvæðis. Markmið tillögunnar er að skýra kvaðir og heimildir á byggðum og óbyggðum lóðum á skipulagssvæðinu.

Tillögur þessar liggja frammi hjá fulltrúa skipulags-og byggingarmála Mýrdalshreppi, Austurvegi 17, 870 Vík og á heimasíðu Mýrdalshrepps www.vik.is. Frá 1.apríl 2015 til og með 22.maí 2015. Að auki mun auglýsing þessi og göng vera sett inn á facebooksíðu skipulagsmála í Mýrdalshreppi https://www.facebook.com/Myrdalshreppur.skipulagsmal. Athugasemdum ef einhverjar eru skal skila skriflega á skrifstofu Mýrdalshrepps, Austurvegi 17, 870 Vík eða í tölvupósti á bygg@vik.is. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út föstudaginn 22. maí 2015. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillögu þessa teljast samþykkir henni.

Vigfús Þ. Hróbjartsson
Fulltrúi skipulags-og byggingarmála
Skaftár-og Mýrdalshreppi.

# SAMSUNG

# GOTT VERÐ FYRIR KRÖFUHARÐA

## SAMSUNG SMART TV

*H6475 LÍNAN*

*400 CMR skjár /Screen mirroring.*
*Upptaka og afspilun á USB*
*T2 og S móttakari*

***32" verð: 119.900.-***
***40" verð: 139.900.-***
***48" verð: 169.900.-***





## SAMSUNG SMART TV

*H6675 LÍNAN*

*600 CMR skjár*
*með Micro dimming*
*Upptaka og afspilun á USB*
*T2 og S móttakari*

***48" verð 199.900.-***



*WW80H7400EW/EE*

***8 kg Þvottavél***
- *Kolalaus mótor með 10 ára ábyrgð*
- *1400 snúningar*
- *Ecobubble*
- *Demantatromla*

***Verð: 109.900,-***



*WF70F5E4P4W*

***7 kg Þvottavél***
- *Kolalaus mótor með 10 ára ábyrgð*
- *1400 snúningar*
- *Ecobubble*
- *Demantatromla*

***Verð: 96.900,-***



*DV70F5E0HGW*

***7 kg þurrkari***
- *Varmadæla sem sparar orku*
- *Orkunotkun A+++*
- *Barkalaus*
- *Demantatromla*

***Verð: 139.900,-***

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

**ORMSSON**

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

**SAMSUNG SETRIÐ**

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900 · samsungsetrid.is

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ORMSSON** | **ORMSSON** | **KS** | **SR · BYGG** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **GEISLI** |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK-EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 471 2038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 |

# SKOÐUN

Furðuframganga án enda í Evrópumálum:

## Enn er ríkið dregið fyrir dóm

Ellefu sinnum frá því að ríkisstjórnin samþykkti Evrópustefnu sína fyrir rúmu ári hefur Ísland verið stefnt fyrir EFTA-dómstólinn fyrir að hafa brugðist skyldum sínum í að innleiða hér á landi í tíma reglur Evrópska efnahagssvæðisins. Á þetta er bent í samantekt Félags atvinnurekenda í tilefni af því að í gær upplýsti ESA, eftirlitsstofnun EFTA, að vísa ætti tveimur málum gegn Íslandi til EFTA-dómstólsins. Landið átti nefnilega að innleiða hér fyrir 1. febrúar 2014 annars vegar tilskipun um réttindi neytenda og hins vegar tilskipun um aðgerðir til að draga úr loftmengun á bensínstöðvum.




**Óli Kristján Ármannsson**

olikr@frettabladid.is


Þrátt fyrir fögur fyrirheit í Evrópustefnunni er afraksturinn snautlegur. Vakin er á því athygli í umfjöllun Félags atvinnurekenda að eitt af fjórum meginmarkmiðum Evrópustefnunnar hafi verið að á fyrrihluta þessa árs yrði „ekkert dómsmál fyrir EFTA-dómstólnum vegna skorts á innleiðingu EES-gerða“. Það hefur aldeilis ekki gengið eftir, fremur en annað í stefnunni.

Furðuframganga þessarar ríkisstjórnar þegar kemur að samstarfi við ríki Evrópu virðist engan enda ætla að taka og hætt við að tossagangur á sviði EES-samningsins ýti undir vangaveltur þeirra Evrópumegin sem telja samninginn jafnvel hafa runnið sitt skeið. Forvitnilegt verður í það minnsta að heyra á morgun í Norræna húsinu kynningu Evrópuþingmannsins Andreasar Schwab á skýrslu sem Evrópuþingið vinnur að um EES-samninginn.

Óþægilega oft virðist ríkisstjórnin á skjön við skynsamt fólk í stefnu sinni í utanríkismálum. Þannig hefur í skoðanakönnunum verið margstaðfest að ríkur meirihluti er fyrir því að ljúka samningum við Evrópusambandið. Fólk veit nefnilega að með þeim hætti getur það sjálft lagt mat á kosti og galla aðildar, í stað þess að gleypa við upphrópunum um að allt verði ómögulegt.

Umræðan um ágæti aðildar að Evrópusambandinu verður ekki heldur slitin úr samhengi við umræðu um stjórn peningamála í landinu, möguleikana á því að hér verði efnahagslíf laust við fjármagnshöft um leið og viðhaldið verði verðstöðugleika og stöðugu gengi krónunnar.

Fyrir rúmri viku voru kynntar niðurstöður sviðsmyndagreiningar KPMG sem leiddi í ljós að ganga landsins í Evrópusambandið og upptaka evru myndi auðvelda losun gjaldeyrishafta til muna. Efnahagssveiflur yrðu vægari og síður ófgafullar þar sem upptaka evru væri í farvatninu. Það er af því að með slíkri ákvörðun lægi fyrir raunhæf og ábyrg áætlun studd af Seðlabanka Evrópu. Árum saman hefur verið bent á að ákvörðunin ein um að fara þessa leið myndi strax leiða til hagfelldara efnahagsumhverfis fyrir land og þjóð, með aukinni tiltrú og bættum vaxtakjörum.

Skynsamlegast væri að ljúka aðildarsamningi við Evrópusambandið og leggja hann í dóm þjóðarinnar. Vitanlega er hægt að spyrja þjóðina álits á því hvort fara eigi slíka leið. Ríkisstjórn sem ekki er tilbúin að hlíta niðurstöðu slíkra kosninga verður þá bara að víkja. Það er ekkert ómögulegt við það.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@365.is,* Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is,* Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871







## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ágætis samleið – samt ekki

Brynjar Níelsson, frjálshyggjumaður og þingmaður Sjálfstæðisflokksins, skrifar á Facebook-síðu sína að hann eigi ágætis samleið með Pírötum. Sér í lagi þegar komi að ákveðnum borgaralegum réttindum eins og friðhelgi einkalífs. Brynjar dregur síðan í land og segir Píratana hins vegar í mótsögn við sjálfa sig þegar komi að öðrum borgaralegum réttindum eins og eignarrétti og -réttindum. Þau séu þyrnir í augum Pírata sem hafi barist hatrammlega á móti verndun eignarréttinda þegar komi að hugverkum. Hann kemst því að þeirri niðurstöðu að Píratar, sem eru einmitt nýja ógnin við flokk Brynjars, séu í grunninn venjulegur vinstri flokkur.



### Súrrealískt ástand

Össur Skarphéðinsson þingmaður notar sama miðil til að skamma ríkisstjórnina fyrir stöðu kjaradeilna. Hann segir að normal ríkisstjórn með snefil af skynsemd hefði notað páskana vel til að freista samninga. Engir fundir hafi hins vegar verið haldnir. „Hvar var svo fjármálaráðherra á meðan? Jú, RÚV náði í hann á Flórída. Því miður náði enginn í fulltrúa hans, formann samninganefndar ríkisins. Hann er staddur hinu megin á hnettinum – í Myanmar! – Þetta er svo fullkominn súrrealismi að ekki einu sinni Salvador Dali hefði getað logið þessu upp,“ segir Össur.



### Með öllu ótrúlegt

Á þessum vettvangi í gær var sagt frá gjöf Eyglóar Harðardóttur til skrifstofu opinberra fjármála í fjármálaráðuneytinu, sem hefur húsnæðisfrumvörp hennar til skoðunar. Rósa Björk Brynjólfsdóttir, varaþingmaður Vinstri grænna, var ekki ánægð með uppátækið og segir það með öllu ótrúlegt og fordæmalausan gjörning. Gjöfin sé hæðnisleg og send á rangan stað, þar sem undirmenn fjármálaráðherra geti ekki svarað hvatningunni opinberlega. Rósa spyr af hverju gjöfin sé ekki send beint til ráðherrans og lýkur máli sínu með því að segja: „Svona eiga ráðherrar ekki að haga sér!“


fanney@frettabladid.is


## HALLDÓR




# Faglegar ráðningar skólastjóra

STJÓRNSÝSLA




**Skúli Helgason**
formaður skóla- og frístundaráðs





**Líf Magneudóttir**
varaformaður skóla- og frístundaráðs


Skólastjórar eru faglegir leiðtogar skólastarfs samhliða því að stýra daglegum rekstri og fara með yfirstjórn skólastofnana. Það er því mikilvægt að faglegt sjónarmið með áherslu á skýrar hæfniskröfur stýri ráðningum skólastjóra leikskóla og grunnskóla. Þess vegna lagði meirihluti Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata í skóla- og frístundaráði Reykjavíkurborgar fram tillögu á dögunum um að ráðningar þeirra verði í framtíðinni á hendi stjórnanda fagskrifstofu en ekki pólitískt kjörinna fulltrúa eins og verið hefur. Með tillögunni, sem samþykkt var í ráðinu 1. apríl, er undirstrikað að skólastjórar í leik- og grunnskólum í Reykjavík skuli ætíð ráðnir á faglegum forsendum og að hlutverk kjörinna fulltrúa sé að móta leikreglur og hafa eftirlit með framkvæmdinni. Þá voru einnig samþykkt viðmið um verklag við ráðningaferli þeirra.

Tillagan er í samræmi við ábendingar úttektarnefndar á stjórnkerfi og stjórnsýslu Reykjavíkurborgar frá 2013. Þar var gagnrýnt að ósamræmi væri í ráðningamálum hjá borginni sem auki hættu á að pólitísk sjónarmið fremur en fagleg ráði för við ráðningu starfsmanna. Ákvörðun skóla- og frístundaráðs frá 1. apríl dregur úr þessu misræmi því ráðningar skólastjóra hafa verið undantekning frá þeirri meginreglu að fagsvið borgarinnar sjái um ráðningu helstu stjórnenda undirstofnana. Ákvörðunin er einnig í samræmi við gildandi sveitarstjórnarlög sem gerir ráð fyrir því að sveitarstjórn ráði æðstu embættismenn sem síðan ráði aðra starfsmenn sveitarfélagsins, þar með talið skólastjóra.

Nýlega var aukin aðkoma skóla-/ og foreldraráða að ráðningarferli skólastjórnenda þannig að foreldrar koma að mótun hæfnisskilyrða áður en gengið er frá auglýsingu um störf leik- og grunnskólastjóra. Meirihlutinn er opinn fyrir frekari aðkomu foreldra að ferlinu en leggur áherslu á að ráðning skólastjóra byggist ávallt á vel skilgreindum hæfniskröfum, menntun og starfsreynslu og vönduðu ráðningarferli þar sem áhersla er lögð á samanburðarmat fagmanna á hæfi umsækjenda.

Það er mikilvægt að borgaryfirvöld bregðist við þeirri gagnrýni úttektarnefndarinnar að of mikill tími fagráða borgarinnar hafi farið í einstök framkvæmdamál á kostnað stefnumótunar og eftirlits sem er meginhlutverk ráðanna. Ákvörðun meirihluta skóla- og frístundaráðs gerir það og er í samræmi við þá stefnu hans að styðja við faglegt starf í leik- og grunnskólum borgarinnar.


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **PRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Bandaríska stjórnarskráin og Ísland

Í DAG
Þorvaldur Gylfason
hagfræðiprófessor



Stjórnarskrá Bandaríkjanna var umdeild frá byrjun eins og við var að búast. Hana sömdu 55 karlar, flestir lögfræðingar og eignamenn og sumir þrælahaldarar, t.d. George Washington, Thomas Jefferson og James Madison, sem allir urðu síðan forsetar Bandaríkjanna. Þrælar voru hvergi nefndir í stjórnarskránni. Ágreiningur stjórnlagaþingsfulltrúa um, hvort skoða bæri þræla sem fullgilt fólk eða ekki, var leystur með því að skoða hvern þræl sem 60% mann. Þetta skipti máli, þar eð í fimm af fylkjunum 13 námu þrælar frá fjórðungi mannfjöldans upp undir helming og fjöldi sæta í fulltrúadeild Bandaríkjaþings skyldi standa í réttu hlutfalli við mannfjöldann. Virginía var fjölmennust fylkjanna með fimmtung heildarmannfjöldans, sem var 3,6 milljónir, en Delaware var fámennasta fylkið með innan við 2%. Mesti munurinn á vægi atkvæða í kosningum til öldungadeildar þingsins, þar sem öll fylkin skyldu hafa tvo fulltrúa hvert, var því tífaldur eða þar um bil.

Eintómir karlar, eignamenn, lögfræðingar og þrælahaldarar: Hversu líklegt má telja, að stjórnarskrá, sem þeir sömdu fyrir næstum 230 árum, haldi gildi sínu í samfélagi nútímans? Thomas Jefferson leit svo á, að hver kynslóð þyrfti að semja sér nýja stjórnarskrá. Hann skrifaði í bréfi til James Madison 1789: „Sérhver stjórnarskrá deyr eðlilegum dauðdaga eftir 19 ár." Það er trúlega engin tilviljun, að meðalending stjórnarskráa um heiminn er einmitt 19 ár.

### Veilurnar fjórar …

Ég lýsti á þessum stað fyrir viku fjórum meintum stjórnskipunarveilum, sem hafa gefið Sanford Levinson prófessor í lagadeild Háskólans í Texas og ýmsum öðrum stjórnlagafræðingum tilefni til að mæla fyrir endurskoðun bandarísku stjórnarskrárinnar í stað þess að halda áfram að bæta við hana viðaukum og gera þannig úr henni stagbætta flík.

Fyrsta veilan liggur í misvægi atkvæða. Nú er mesti munurinn á vægi atkvæða í kosningum til öldungadeildarinnar, þar sem öll fylkin hafa enn sem fyrr tvo fulltrúa hvert, ekki lengur tífaldur heldur 66-faldur. Kalifornía hefur fleiri íbúa en nemur samanlögðum íbúafjölda í 21 fámennustu fylkjanna. Hér er brotið enn gróflegar en áður gegn frumreglu lýðræðisins „einn maður, eitt atkvæði" með afdrifaríkum afleiðingum. Frambjóðendur leiða Kaliforníu yfirleitt hjá sér, þar eð meiri hluti kjósenda þar styður yfirleitt demókrata. Í staðinn eltast frambjóðendur við kjósendur í miklu fámennari fylkjum.

Önnur veilan felst í, að forsetinn getur beitt þingið neitunarvaldi á eigin spýtur án þess að skjóta ágreiningnum í dóm kjósenda. Þingið getur ekki vikið trausti rúnum forseta frá, nema hann brjóti lög. Forsetinn þarf ekki að fá meiri hluta atkvæða í kosningum (og jafnvel ekki flest atkvæði eins og gerðist 2000), þar eð stjórnarskráin leyfir ekki forsetakjör í tveim umferðum, þar sem kjósendur velja milli tveggja frambjóðenda í síðari umferð eins og tíðkast t.d. í Frakklandi.

Þriðja veilan snýr að Hæstarétti. Frá 1970 hafa bandarískir hæstaréttardómarar að jafnaði setið 26 ár í embætti, en fram að því, 1789-1970, sátu þeir 15 ár hver að jafnaði. Þaulsætnum dómurum hættir til að tefja fyrir framgangi nútímalegra sjónarmiða. Örari endurnýjun dómara eftir föstum reglum, t.d. þannig, að elzti dómarinn víki fyrir nýjum dómara annað hvert ár, myndi tryggja endurnýjun til fulls á 18 ára fresti, þar eð dómararnir eru níu.

Fjórða veilan snýr að endurskoðun stjórnarskrárinnar. Aðeins 13 fylki af 50 með 4% kjósenda á landsvísu þarf til að koma í veg fyrir endurskoðun hennar. Það er bagalegt, þar eð einmitt fámennustu ríkin hafa mestan hag af fyrstu veilunni, ójöfnu vægi atkvæða. Fylkin 50 hafa sett sér stjórnarskrár. Stjórnarskrá New York kveður á um, að kosið sé um það á 20 ára fresti, hvort halda skuli stjórnlagaþing til að breyta stjórnarskránni. Þetta sjónarmið Jeffersons og heimsins á heildina litið nær ekki til stjórnarskrár Bandaríkjanna. Þess vegna mælir Sanford Levinson prófessor í Texas fyrir stjórnlagaþingi, þar sem fulltrúarnir séu valdir af handahófi úr þjóðskrá, þeir semji landinu nýja stjórnarskrá eða sníði a.m.k. gallana af gildandi stjórnarskrá og nýja stjórnarskráin sé síðan borin undir þjóðaratkvæði. Tillaga Levinsons er í aðalatriðum í samræmi við feril stjórnarskrármálsins hér heima frá 2009. Hann telur brýnt að halda Bandaríkjaþingi utan við ferlið líkt og gert var 1787-1788 til að girða fyrir hagsmunaárekstur og sjálftöku. Við bætist, að bandarísk stjórnmál eru ofurseld peningaöflum, einkum eftir að Hæstiréttur úrskurðaði 2014, að engin bönd megi leggja á framlög til stjórnmálastarfsemi. Þjóð, sem styðst við regluna „einn dollari, eitt atkvæði" frekar en „einn maður, eitt atkvæði", hlýtur að búa við þverrandi traust og þurfa að taka sér tak.

> Veilurnar í bandarísku stjórnarskránni, sem raktar voru að ofan, eiga sér hliðstæður í stjórnarskrá Íslands frá 1944. Nýja stjórnarskráin, sem kjósendur samþykktu með 2/3 hlutum atkvæða í þjóðaratkvæðagreiðslunni 2012, er á hinn bóginn laus við allar veilurnar fjórar.

### …er ekki að finna í nýju stjórnarskránni

Veilurnar í bandarísku stjórnarskránni, sem raktar voru að ofan, eiga sér hliðstæður í stjórnarskrá Íslands frá 1944. Nýja stjórnarskráin, sem kjósendur samþykktu með 2/3 hlutum atkvæða í þjóðaratkvæðagreiðslunni 2012, er á hinn bóginn laus við allar veilurnar fjórar. Við bætist, að beint lýðræði mun væntanlega draga úr vægi peningaafla á stjórnmálavettvangi.

# Sagan öll

KOSNINGARÉTTUR
Bjarki Bjarnason
rithöfundur



Á þessu ári er því fagnað að öld er liðin frá því íslenskar konur, 40 ára og eldri, öðluðust kosningarétt. Samkvæmt lögunum skyldi aldursmarkið lækka um eitt ár á sérhverju ári þar til markið yrði komið niður í 25 ára aldur.

Þessara tímamóta verður minnst allt árið og nýlega samþykkti Reykjavíkurborg að gangast fyrir 100 viðburðum af þessu tilefni. En í umræðunni hefur það farið hljótt að það voru ekki einungis konur sem öðluðust kosningarétt þann 19. júní 1915 heldur einnig vinnumenn, 40 ára og eldri. Fólk sem hafði þegið sveitarstyrk fékk þó ekki kosningarétt fyrr en tæpum 20 árum síðar.

Aldarafmæli kosningaréttar kvenna er að sjálfsögðu mikið fagnaðarefni. En hversvegna segjum við ekki alla söguna og hömpum því einnig að íslenskir vinnumenn fengu fyrst kosningarétt fyrir réttri öld?

> **➜ En í umræðunni hefur það farið hljótt að það voru ekki einungis konur sem öðluðust kosningarétt þann 19. júní 1915 heldur einnig vinnumenn, 40 ára og eldri.**

www.renault.is




RENAULT KANGOO, DÍSIL
1,5 L. VÉL, 90 HESTÖFL
Verð frá: 2.491.935 kr. án vsk.
3.090.000 kr. m. vsk.
Eyðsla 4,2 l/100 km*

RENAULT TRAFIC, DÍSIL
1,6 L. VÉL, 115 HESTÖFL
Verð frá: 3.298.387 kr. án vsk.
4.090.000 kr. m. vsk.
Eyðsla 5,9 l/100 km*

RENAULT MASTER, DÍSIL
2,3 L. VÉL, 125 HESTÖFL
Verð frá: 4.104.839 kr. án vsk.
5.090.000 kr. m. vsk.
Eyðsla 7,8 l/100 km*

RENAULT

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

# Þarf einhverju að breyta í Háskóla Íslands?

HÁSKÓLI ÍSLANDS



Einar Steingrímsson
prófessor við University of Strathclyde

Á mánudag fer fram rektorskjör í Háskóla Íslands. Ég er einn þriggja frambjóðenda, og sá fyrsti í sögu skólans sem ekki er innanbúðarmaður. Ég hef mjög róttækar hugmyndir um hvernig eigi að breyta starfi skólans. Þó ekki róttækari en svo að yrðu þær kynntar í þeim skólum á alþjóðavettvangi sem HÍ segist vilja líkjast, þá myndu flestir áheyrendur í slíkum skólum bara geispa yfir því hvað þær væru sjálfsagðar.

Það er margt gott í starfi HÍ, þar á meðal talsvert af góðu vísindafólki, sem sumt er framúrskarandi á alþjóðavettvangi á sínum sviðum. Þar er líka örugglega til góð kennsla víða, og augljóst er, af handbók skólans fyrir kennara, að innandyra er til ágætis þekking á því hvað er góð kennsla og slæm. En því litla rannsóknafé sem skólinn hefur til umráða er dreift í ýmiss konar starf sem ekki er gjaldgengt á þeim alþjóðavettvangi sem stefna skólans markar, og þekkingin á góðum kennsluháttum er víða algerlega hunsuð. Þessu þarf hvoru tveggja að breyta. Við þurfum að nota það takmarkaða fé sem skólinn hefur til að efla það sem er gott í starfi hans, og laga hitt. Til þess þarf forystu sem þorir að viðurkenna vandamálin og taka á þeim.

Háskóli Íslands spannar nánast allt háskólakerfi landsins að umfangi. Í löndum með jafn stórt háskólakerfi er það óþekkt að allir akademískir starfsmenn séu í rannsóknastöðum; stór hluti þeirra fæst aðeins við kennslu. Þótt HÍ hafi minna fé til rannsókna en erlendir rannsóknaháskólar þá fá allir akademískir starfsmenn helming launa sinna fyrir að stunda rannsóknir. Þess vegna er Ísland líklega með a.m.k. tífalt fleira fólk á launum við rannsóknir í menntavísindum, hlutfallslega, en Bandaríkin, rétt eins og Íslendingar séu þau ofurmenni sem haldið var fram fyrir hrun.

**➜ Vinnumatskerfið metur í engu gæði kennslu, en umbunar fólki eftir því hversu lengi það hefur kennt. Þannig eru kennarar ekki hvattir til að bæta kennslu sína, og vilji svo illa til að kennari sé lakur í kennslu hækka laun hans eftir því sem hann innir af hendi meiri laka kennslu, ekkert síður en þeirra sem vel standa sig.**

**Metur í engu gæði**

Háskóli Íslands notar svokallað vinnumatskerfi, sem ræður hluta af launum starfsmanna og framgangi þeirra. Á átján blaðsíðum er því lýst hvernig eigi að telja ýmiss konar framlag starfsfólks, allt frá birtingum greina í fræðiritum yfir í samningu lagafrumvarpa og námsefnis fyrir leikskóla. Hér er um einskæra baunatalningu að ræða, en ekkert mat lagt á gæði viðkomandi verka. Þetta fer svo gersamlega í bága við grundvallarviðhorf þess vísindasamfélags sem HÍ segist vilja hasla sér völl í að kerfi af þessu tagi eru óþekkt í góðum erlendum háskólum. En allt á Íslandi er svo frábærlega séríslenskt, eins og við lærðum svo vandlega fyrir hrun, þótt enn hafi ekki tekist að fara með þetta merkilega kerfi í útrás.

Því hefur verið haldið fram, af fólki innan HÍ sem ekki má til þess hugsa að vinnumatskerfið verði aflagt, að ef fólk af holdi og blóði ætti að meta gæði starfs og ákvarða umbun vegna þess, í stað þeirrar sjálfvirku baunatalningar sem vinnumatskerfið er, þá myndi skólinn „hrynja vegna illdeilna og innbyrðis átaka á nokkrum misserum“. Það hefur samt ekki gerst síðustu aldirnar í þeim skólum sem HÍ vill bera sig saman við og þar sem forystufólk skorast ekki undan þeirri ábyrgð að meta gæði starfsins, m.a. með aðstoð utanaðkomandi sérfræðinga.

Vinnumatskerfið metur í engu gæði kennslu, en umbunar fólki eftir því hversu lengi það hefur kennt. Þannig eru kennarar ekki hvattir til að bæta kennslu sína, og vilji svo illa til að kennari sé lakur í kennslu hækka laun hans eftir því sem hann innir af hendi meiri laka kennslu, ekkert síður en þeirra sem vel standa sig.

Of algengt er að nemendur fái litla sem enga endurgjöf á vinnu sína yfir alla önnina, og að námsmat, jafnvel í mikilvægum og umfangsmiklum námskeiðum, sé einskorðað við skriflegt lokapróf, tekið í einangrun frá þeim tólum og gögnum sem eðlilegt er að nota á viðkomandi sviði, og í tímaþröng. Þess konar námsmat getur aldrei metið getu nemenda til að fást við raunveruleg verkefni, og það hvetur heldur ekki til þjálfunar í slíku. Kennsluhættir af þessu tagi voru óboðlegir á 20. öld, hvað þá nú á dögum, og forysta skólans verður að taka af skarið og leiða starfið við að bæta kennsluna alls staðar þar sem þess er þörf.

Talsvert af starfsfólki HÍ myndi sóma sér ágætlega í hundrað bestu háskólum heims. Við þurfum að nota krafta okkar til að efla allt slíkt starf innan skólans, í stað þess að föndra við tölurnar í því bókhaldi sem notað er til að raða á þá lista yfir góða skóla þar sem HÍ nær ekki upp í 500. sæti að meðaltali. Forysta skólans þarf að horfast í augu við vandamálin, einbeita sér að því byggja upp það sem gott er, og laga hitt. Það er starfið sem ég vil taka að mér að vinna.



# Verður líkams- og heilsurækt í framhaldsskólum skorin niður um 50–70%?

MENNTUN



Irena Ásdís Óskarsdóttir
íþróttafræðingur

Mikil vinna hefur átt sér stað innan framhaldsskóla landsins vegna styttingar náms til stúdentsprófs. Skólarnir eru önnum kafnir við að setja upp nýjar þriggja ára stúdentsbrautir sem taka eiga gildi nú í haust. Í byrjun mars á þessu ári var stjórnendum framhaldsskóla boðið til fundar af hálfu mennta- og menningarmálaráðuneytis þar sem meðal annars var rætt um tillögu 10.4. Í þessari tillögu kemur fram að takmarka eigi líkams- og heilsurækt í framhaldsskólum við þrjár til sex framhaldsskólaeiningar sem er skerðing um 50-70% og umfram það tímamagn sem nær til styttingar til stúdentsprófs.

Þessi tillaga er ekki komin í umsagnarferli en samt sem áður eru framhaldsskólar byrjaðir að vinna eftir henni. Skólar sem hafa verið að senda inn nýjar námsbrautir til að fá þær samþykktar hjá ráðuneytinu virðast knúnir til þessara verka, því skólar sem hafa verið með einingar umfram tillöguna hafa fengið athugasemd þess efnis.

Í tillögu 10.4 kemur fram: „Gert er ráð fyrir að umfang íþrótta, líkams- og heilsuræktar í kjarna séu 3-6 framhaldsskólaeiningar.“

Til nánari útskýringar:

3-6 framhaldsskólaeiningar jafngilda 1,8-3,6 einingum úr gamla einingakerfinu eða 3 gamlar einingar verða 5 framhaldsskólaeiningar.

**Hvar eru faglegu vinnubrögðin?**

Hvernig stendur á því að vinnubrögð af þessum toga eru viðhöfð í mennta- og menningarmálaráðuneytinu?

Er eðlilegt að byrjað sé að vinna eftir tillögu sem er ekki komin í umsagnarferli?

Er eðlilegt að hægt sé að taka svona ákvarðanir án þess að færa fagleg rök fyrir slíkum breytingum?

Vegna innleiðingar verkefnisins „Heilsueflandi framhaldsskóli“ hafa framhaldsskólar landsins tekið jákvæðum breytingum undanfarin ár. Verkefnið er þróað í samráði við mennta- og menningarmálaráðuneytið, velferðarráðuneytið og Samband íslenskra framhaldsskólanema.

Síðan verkefnið var sett á laggirnar hefur umhverfið í framhaldsskólum breyst mikið. Það hefur verið frábær stuðningur fyrir íþróttakennara að fá þetta verkefni inn í skólana og margar jákvæðar breytingar hafa átt sér stað á þessu tímabili. Helstu breytingarnar voru þær að mötuneytunum var breytt úr sjoppu í heilsusamlegt mötuneyti og sömuleiðis fóru skólarnir að bjóða upp á fjölbreyttari líkams- og heilsuræktaráfanga. Áhugi nemenda fyrir líkams- og heilsurækt hefur aukist umtalsvert frá því að þessi vinna hófst. Viljum við ekki að nemendur læri heilsulæsi og verði sjálfbærir á eigin hreyfingu í framtíðinni?

Á framhaldsskólaárum eiga sér stað miklar líkamlegar og andlegar breytingar hjá framhaldsskólanemum. Brottfall þessa aldurshóps úr íþróttum hjá íþróttafélögum er mikið á þessum árum, miklar félagslegar breytingar og tilgangur hreyfingar sjaldan eins mikilvægur. Með þessari breytingu verður líkams- og heilsurækt svo rækilega skorin niður að það tekur því varla að bjóða upp á greinina.

**Samfélagslega hagkvæmt?**

Eru þetta virkilega skynsamlegustu sparnaðarleiðirnar í íslensku samfélagi? Miðað við alla þá þekkingu og rannsóknir sem við höfum ætti birtingamyndin að vera í hina áttina! Það hlýtur að vera skynsamlegra að bæta hreyfingu og heilsuvitund ungmenna fyrir komandi kynslóðir! Hefur heilsan ekkert vægi hjá ráðherra menntamála?

**➜ Hvernig stendur á því að vinnubrögð af þessum toga eru viðhöfð í mennta- og menningarmálaráðuneytinu? Er eðlilegt að byrjað sé að vinna eftir tillögu sem er ekki komin í umsagnarferli?**

Þann 19. mars síðastliðinn var birt opið bréf í Fréttablaðinu eftir Dr. Janus Guðlaugsson, lektor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Bréfið var stílað á ráðherra mennta- og menningarmála, ráðherra velferðar og landlækni. Þar fór Janus meðal annars yfir þessa skerðingu á líkams- og heilsurækt í framhaldsskólum og þær afleiðingar sem þessi tillaga kann að hafa í för með sér á heilsu ungmenna út í lífið og vísar í rannsóknir sér til stuðnings. Þar óskar hann einnig eftir svörum við raunverulegri heilsustefnu ráðuneytanna.

Hver er ábyrgur fyrir þessari tillögu? Á hvaða forsendum er hún samin? Íþrótta- og heilsufræðifélag Íslands sendi ráðherra bréf fyrir hálfum mánuði þar sem félagið óskaði eftir fundi til að ræða þennan niðurskurð. Ekkert svar hefur borist. Ég vonast til að þess að fundurinn með ráðherra verði haldinn sem fyrst. Skólarnir eru búnir að fá samþykktar brautir með þessum fjölda framhaldsskólaeininga í líkams- og heilsurækt. Slíkt er með ólíkindum!

Óskað er eftir faglegum rökstuðningi frá mennta- og menningarmálaráðuneyti.


Leggðu grunn að framtíðinni og Landsbankinn bætir 6.000 krónum við

**Þegar fermingarbörn leggja 30.000 krónur** eða meira inn á Framtíðargrunn Landsbankans greiðir bankinn 6.000 króna mótframlag inn á sama reikning. Þannig viljum við hvetja til sparnaðar.



## MERKISATBURÐIR

**1483** Játvarður 5. verður konungur Englands, tólf ára að aldri, en er komið fyrir í Tower of London, ásamt bróður sínum, Ríkharði hertoga af York. Þar er þeim ráðinn bani.

**1870** Deutsche Bank byrjar rekstur í Berlín.

**1894** James Craig kaupir Geysi fyrir 3.000 krónur af bændum í Haukadal.

**1911** Þingeyrarkirkja er vígð.

**1940** Þjóðverjar hernema Danmörku og gera innrás í Noreg.

**1942** Tveir Íslendingar og 22 Norðmenn farast með norska skipinu Fanefeld á leið frá Bíldudal til Ísafjarðar.

**1967** Fyrsta Boeing 737-flugvélin flýgur jómfrúarflug sitt.




**LIST OG LÖGFRÆÐI** Tryggvi Þórhallsson sinnir myndlistinni samhliða störfum sínum hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Lögfræði og myndlist fara mjög vel saman

Tryggvi Þórhallsson lögfræðingur opnar sýningu á vatnslitaverkum í Galleríi Gróttu í dag.

„Þetta eru stemningsmyndir, það má líka kalla þær minningarbrot úr ferðum um landið,“ segir Tryggvi Þórhallsson, myndlistarmaður og lögfræðingur. Hann opnar málverkasýningu undir yfirskriftinni Apríl grimmastur mánaða í Galleríi Gróttu í dag.

Á sýningunni verða vatnslitamyndir en viðfangsefni myndanna er náttúran og birtubrigði hennar. „Ég hef alltaf ákveðna staði í huga þegar ég er að vinna þessi landslagsverk. Ég vinn oft skissur á staðnum en mála samt ekki undir berum himni. Myndirnar eru frekar úrvinnsla úr upplifun, stemningu og minningum um ferðina,“ bætir Tryggvi við en hann segir himininn oft vera aðalatriðið þegar hann reynir að fanga birtubrigðin. „Birtan sem fellur á landið á sér uppruna í himninum, það þarf að sýna ákveðið mikið af honum til að koma birtunni til skila og finna hvenær jafnvægið er rétt.“

Eftir að Tryggvi lauk námi frá Myndlista- og handíðaskólanum árið 1988 fór hann að vinna sem ráðgjafi hjá menntamálaráðuneytinu. Þannig fékk hann þá hugmynd að læra lögfræði. Hann er í fullu starfi sem lögfræðingur hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og sinnir myndlistinni samhliða því. Hann segir myndlistina og lögfræðina fara ágætlega saman. „Ég gæti alveg klárlega hugsað mér að lifa af myndlistinni, en lífið tekur stundum beygjur.“

Myndlistarmaðurinn hefur alltaf blundað í Tryggva þrátt fyrir að listin hafi á tímabili setið á hakanum vegna anna.



**VÍFILSFELL** Tryggvi vinnur oft skissur úti í náttúrunni en málar þó ekki undir berum himni.

Hann hélt fyrstu sýningu sína eftir langt hlé árið 2012. Síðan þá hefur hann haldið eina til tvær sýningar á ári. Þann 9. maí næstkomandi verður hann með sýningu á Dalvík en þar verða grafíkverk til sýnis.

„Ég er menntaður í grafík og hef svona aðeins verið að taka upp þráðinn þar, en ég hef annars verið mest í vatnslitum frá árinu 2010. Það er auðveldara að grípa í vatnslitina en meiri útgerð í kringum grafíkina,“ segir Tryggvi. „Yndi mitt er að fara á fjöll, ég byrja oft að skissa þar enda er skissubókin alltaf með í för.“

- sgg

---

†



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**HELGI EYSTEINSSON**
**kaupmaður,**
**Sléttuvegi 13,**

sem lést 31. apríl sl., verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju föstudaginn 10. apríl kl. 13.

**Kristín Jónsdóttir**
**Jóna Helgadóttir**
**Eysteinn Helgason** **Kristín Rútsdóttir**
**Matthildur Helgadóttir** **Tómas Óli Jónsson**
**Guðleif Helgadóttir** **Haraldur Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



**EINAR HELGASON**
**bóndi á Hrappsstöðum, Vopnafirði,**

lést á Landspítalanum 27. mars. Útför hans verður gerð frá Hofi, Vopnafirði, mánudaginn 13. apríl kl. 14.

**Systkini hins látna**

---

†



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**HAFSTEINN ÞORVALDSSON**
**Engjavegi 28, Selfossi,**
**fyrrverandi framkvæmdastjóri**
**Sjúkrahúss Suðurlands,**

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands 26. mars sl. Útförin fer fram frá Selfosskirkju föstudaginn 10. apríl kl. 13.30.

**Þorvaldur Guðmundsson** **Hjördís Leósdóttir**
**Ragnheiður Hafsteinsdóttir** **Birgir Guðmundsson**
**Þráinn Hafsteinsson** **Þórdís Lilja Gísladóttir**
**Aðalbjörg Hafsteinsdóttir** **Ólafur Óskar Óskarsson**
**Vésteinn Hafsteinsson** **Anna Hafsteinsson Östenberg**
**afabörn og langafabörn.**

---

†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ÞORSTEINA SIGURÐARDÓTTIR**
**Hrafnistu, Reykjavík,**
**áður Njörvasundi 6, Reykjavík,**

andaðist á Hrafnistu í Reykjavík föstudaginn 27. mars. Hún verður jarðsungin frá Fossvogskirkju mánudaginn 13. apríl kl. 15.00.

**Hafliði Benediktsson** **Ingibjörg Skarphéðinsdóttir**
**Helga Benediktsdóttir** **Jónas R. Jónsson**
**Ingibjörg Benediktsdóttir** **Haukur Hauksson**
**Erna Benediktsdóttir** **Steindór Gunnarsson**
**Birna Benediktsdóttir** **Daníel Guðbrandsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**SÓLEY GUNNVÖR TÓMASDÓTTIR**
**Grænumörk 2a,**
**Selfossi,**

lést á Sjúkrahúsinu á Selfossi miðvikudaginn 8. apríl. Útförin verður auglýst síðar.

**Þórunn Elín Halldórsdóttir** **Finnbogi Birgisson**
**Hrafnhildur Halldórsdóttir** **Hersir Freyr Albertsson**
**Þorbjörg Hj. Halldórsdóttir** **Jón Lúðvíksson**
**Halldór Halldórsson** **Alfa Lára Guðmundsdóttir**
**barnabörn og langömmubörn.**

---

†



Elskulegur bróðir okkar og mágur,

**ÞÓRÐUR KLEMENSSON**
**Hamraborg 26, Kópavogi,**

lést á Landspítalanum við Hringbraut sunnudaginn 5. apríl. Útför verður í kyrrþey að ósk hins látna.

**Kristmann Klemensson** **Þóranna Þórarinsdóttir**
**Elís Björn Klemensson** **Valgerður Auðbjörg Bergsdóttir**
**Egill Hallgrímur Klemensson**
**Brynjar Klemensson**
**Soffía Ólafsdóttir**

---

†



Maðurinn minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**ÞÓRÐUR EIRÍKSSON**
**Hlíðargerði 4,**
**Reykjavík,**

lést á Sóltúni að kvöldi skírdags. Fjölskyldan þakkar starfsfólki á deild L3 á Landakotsspítala og á Sóltúni fyrir góða umönnun.

**Jóna Þorvarðardóttir**
**Fríða Rún Þórðardóttir** **Tómas Hilmar Ragnars**
**Eiríkur Þórðarson** **Jóna Dögg Jóhannesdóttir**
**Auður Þórðardóttir** **Sturla Geir Friðriksson**
**og barnabörn.**

---

†



Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**ÓSKAR AXELSDÓTTUR**
**lögg. sjúkraþjálfara,**
**Lundi 3,**
**Kópavogi.**

Sérstakar þakkir fá Grétar Guðmundsson, Jónína Hafliðadóttir og starfsfólkið á Hrafnistu, Boðaþingi, fyrir alúð og umhyggju í hennar garð. Guð blessi ykkur öll.

**Sigurjón Sigurðsson**
**Lárus Axel Sigurjónsson** **Katrín Ösp Gústafsdóttir**
**Bjarki Sigurjónsson** **Guðrún Erla Hilmarsdóttir**
**Ágústa Jóhanna Sigurjónsdóttir** **Helgi Guðlaugsson**
**barnabörn, barnabarnabarn**
**og aðrir aðstandendur.**

---

†



Eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ÁSTA SIGURLÁSDÓTTIR**
**Skessugili 21, Akureyri,**

lést sunnudaginn 29. mars sl. Útför hennar hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Gunnar Berg Gunnarsson**
**Gunnar Berg Gunnarsson** **Elín Björg Ingólfsdóttir**
**Björn Berg Gunnarsson** **Zhanna Suprun**
**ömmu- og langömmubörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**


4BLS
KIPPA ÚT :)
NÝJUSTU
GRÆJURNAR
STÚTFULLAR VERSLANIR AF ÖLLUM NÝJUSTU GRÆJUNUM
MAD CATZ
STÝRIPINNI
Stórglæsilegur Multi Controller stýripinni með festingu fyrir snjallsímann og þægilegum hugbúnaði til að stilla inn allar helstu aðgerðir fyrir Android og Windows.
14.900
BREYTTU SÍMANUM Í ÖFLUGA LEIKJATÖLVU
EÐA MARGMIÐLUNARSPILARA MEÐ TENGINGU VIÐ SJÓNVARPIÐ:)
Í Apríl fást allar vörur með vaxtalausum raðgreiðslum með 3.5% lántökugjaldi og 390kr greiðslugjaldi af hverjum gjalddaga
0% VEXTIR
ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í 12 MÁNUÐI
SANDBLÁSIÐ SINK
VATNS- RYK- OG HÖGGÞOLINN
Silicon Power
64GB MINNISLYKILL
Ofur sterkbyggður lúxus og fallegur USB3 minnislykill úr sandburstuðum sink málmi sem rispast ekki!
9.990
8GB 2.990 • 16GB 3.990 • 32GB 6.990
5 ÞÚSUND AFSLÁTTUR
VERÐ ÁÐUR 19.900
pebble
SNJALLÚR
Pebble úrið er með baklýstum LED 1.26” e-paper skjá, BT 4.0 og allt að 7 daga rafhlöðu :)
14.900
MEST SELDU SNJALLÚR Í HEIMI
5 ÞÚSUND AFSLÁTTUR
VERÐ ÁÐUR 29.900
brother
A3
PRENTAÐU LJÓSMYNDIRNAR Í A3 STÆRÐ
J4120DW
Þráðlaust undratæki frá Brother sem skannar, ljósritar og prentar hágæða ljósmyndir í allt að A3 stærð, rammalaust!
24.900
Á TILBOÐI Í APRÍL!
9. APRÍL 2015 - BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR, PRENTVILLUR OG MYNDABRENGL
TÖLVUTEK
Tölvutek • Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900



## HANNAR SKART

**Leikkonan franska Marion Cotillard reynir fyrir sér í skartgripahönnun. Hún mun hanna umhverfisvæna línu fyrir skartgripamerkið Chopard þar sem lögð er áhersla á siðferði í söfnun gimsteina.**


TÆKIFÆRISGJAFIR
- mikið af frábærum tilboðum




Tékk KRISTALL
www.tk.is
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955






hjá Hrafnhildi
Engjateigi 5 | Sími 581 2141 | www.hjahrafnhildi.is


# ÞJÁIST ÞÚ AF HÆGÐATREGÐU?

**VISTOR KYNNIR** *Microlax endaþarmslausn til staðbundinnar notkunar við hægðatregðu. Virkar á um það bil fimmtán mínútum.*

Microlax er hægðalyf sem eykur vatnsinnihald í hægðum og mýkir þær. Microlax endaþarmslausn fæst án lyfseðils og er ætluð til meðhöndlunar við hægðatregðu," segir Jódís Brynjarsdóttir, markaðstengill hjá Vistor. Helstu einkenni hægðatregðu eru harðar hægðir sem erfitt er að losna við og tilfinning um að ná ekki að tæma við hægðalosun. Önnur einkenni geta verið magaverkir, uppþemba og óþægindi við hægðalosun.

Jódís útskýrir að brotthvarf innihaldsefnanna verði í hægðum og þau hvorki frásogist, dreifist né umbrotni með altækum hætti (systemic). „Þá er ekki búist við neinni óæskilegri verkun hjá fóstrum eða nýburum sé lyfið notað eins og mælt er fyrir um á meðgöngu og við brjóstagjöf þar sem frásog Microlax er takmarkað," segir hún og bætir við að Microlax hafi verið í klínískri notkun í meira en 25 ár án nokkurra vandkvæða hvað varðar öryggi við notkun.




**MICROLAX:**
- Virkar hratt, á aðeins um 15 mínútum.
- Túpan inniheldur aðeins 5 ml af vökva, sem jafngildir einni teskeið.
- Staðbundin verkun í endaþarmi og skilst út með hægðum.
- Áhrifin eru fyrirsjáanleg (þú ræður tíma og staðsetningu hægðalosunar).

**NOTKUNARLEIÐBEININGAR:**
- Snúið innsiglið af enda túpusprotans, smyrjið enda sprotans með einum dropa af innihaldi túpunnar – þá mun verða auðveldara að setja túpusprotann inn í endaþarminn.
- Færa skal allan túpusprotann inn í endaþarminn, hjá börnum yngri en þriggja ára skal þó einungis færa sprotann inn að hálfu (sjá merki á sprotanum).
- Tæmið túpuna alveg – einnig hjá börnum – og haldið henni saman-klemmdri á meðan sprotinn er dreginn út.
- Hægðalosun verður eftir um 15 mínútur.

**MICROLAX**
Microlax-endaþarmslausn fæst án lyfseðils og er ætluð til meðhöndlunar við hægðatregðu.

Microlax endaþarmslausn (inniheldur natríumsítrat og natríumlárilsúlfóasetat) fæst án lyfseðils og er notað við hægðatregðu og til þarmahreinsunar fyrir skurðaðgerð, endaþarmsspeglun eða röntgenmyndatöku. Skammtar: Fullorðnir og börn: 1 túpa í endaþarm u.þ.b. 15 mín. áður en áhrifa er óskað. Snúið enda túpusprotans af og smyrjið endann með dropa af innihaldinu. Færið allan sprotann inn í endaþarm, hjá börnum yngri en 3 ára skal einungis færa sprotann inn að hálfu. Tæmið túpuna alveg og haldið samanklemmdri á meðan sprotinn er dreginn út. Frábendingar: Ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna. Varnaðarorð: Gætið varúðar við notkun hjá börnum yngri en 3 ára. Notið ekki ef einstaklingur þjáist af blæðandi eða særandi gyllinæð, þarmabólgu eða bráðum maga- eða þarmasjúkdómi. Má aðeins nota daglega í skamman tíma. Óeðlilega mikil notkun getur valdið niðurgangi og vökvatapi. Ef þörf er á hægðalyfjum daglega skal kanna ástæður hægðatregðunnar. Tíð eða endurtekin notkun í meira en viku getur valdið ávanabindingu. Ef blæðir frá endaþarmi eða ef engin hægðalosun verður eftir notkun getur ástæðan verið alvarleg. Skal þá meðferð hætt og leitað læknis. Inniheldur sorbínsýru sem getur valdið staðbundnum útbrotum. Meðganga og brjóstagjöf: Ekki er búist við óæskilegri verkun hjá fóstrum/nýburum sé lyfið notað eins og mælt er fyrir um. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., sími: 535-7000.


SÓFADAGAR
NÝ SENDING AF SVEFNSÓFUM



INNOVATION
**Svefnsófi Cube 140 Deluxe**
Stærð svefnflatar 140x200 cm
Litir: Ljóst / dökkt
Verð kr. 199.000.-
Nú aðeins kr. 129.935
Einnig fáanlegur í 90 cm og 200 cm breidd



**Þægilegur svefnsófi m/tungu**
Stór rúmfatageymsla
Auðveldur í notkun
Stillanlegir höfuðpúðar
Þykkt gæðaleður
Stærð: Breidd: 244 cm
Dýpt: 165 cm / Hæð: 94 cm
Kynningarverð aðeins kr.
299.900

10-35% afsláttur af nokkrum eldri gerðum

12 mán. vaxtalausar greiðslur*
*3.5% lántökugjald

Svefn & heilsa
www.svefn.is
Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.korter.is

GERÐU GÆÐA-OG VERÐSAMANBURÐ
Umboðsaðilar: Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429







Til hvers að flækja hlutina? 365
SJÁLFKRAFA
Í BESTA ÞREP!
365.is | Sími 1817



**STÍLÍSERAÐ**
„Ásta er frábær og ég hef gefið henni frjálsar hendur með stíliseringuna. Einu kröfurnar sem ég set er að það sjáist glögglega á myndinni um hvaða prinsessu er að ræða. Þá vil ég líka að litaþemað í myndinni sé það sama og í upprunalegu teiknimyndunum."

**LITLA HAFMEYJAN** Mynd af Liv Elísabetu Friðriksdóttur í gervi litlu hafmeyjunnar Aríel var birt á vef ítalska Vogue.

MYND/HEIDA HB

# MYNDAR NÚTÍMA DISNEY-PRINSESSUR

**LJÓSMYNDUN** *Heida Hrönn Björnsdóttir vinnur að ljósmyndaseríu með nútíma Disney-prinsessum. Mynd af Aríel rataði inn á vef ítalska Vogue.*

Ég hef verið aðdáandi Disney-mynda alla tíð en horfði ótæpilega á slíkar kvikmyndir þegar tvíburarnir mínir voru litlir. Fyrir nokkrum árum fæddist sú hugmynd að búa til ljósmyndaseríu með Disney-prinsessum," segir Heida sem tekur myndir undir merkinu Heida HB. Þegar hún fór að skoða málin sá hún að margir höfðu reynt sig við prinsessurnar í gegnum tíðina en oftast voru þær í fullum skrúða. „Mig langaði að gera þetta aðeins öðruvísi og færa þær meira inn í nútímann," segir hún.

Heida fékk til liðs við sig stílistann Ástu Sigurðardóttur sem rekur fyrirtækið Bellu og sérhæfir sig meðal annars í að búa til kjóla fyrir samkvæmisdansa. „Ásta er frábær og ég hef gefið henni frjálsar hendur með stíliseringuna. Einu kröfurnar sem ég set er að það sjáist glögglega á myndinni um hvaða prinsessu er að ræða. Þá vil ég líka að litaþemað í myndinni sé það sama og í upprunalegu teiknimyndunum," segir Heida og telur að Ástu hafi tekist fullkomlega upp. „Ég fékk það staðfest þegar fjögurra ára frænka mín kallaði upp yfir sig: „Mamma, þetta er frósen!" þegar hún sá myndina af Elsu," segir Heida glettin.

### ARÍEL Í VOGUE

Heida hefur unnið að seríunni í hálft ár og er verkefnið vel á veg komið en þó er enn langt í land. „Ég er búin með fimm prinsessur af tólf sem ég lagði upp með, þetta eru Mjallhvít, Þyrnirós, Elsa, Esmeralda úr Hringjaranum frá Notre Dame og Aríel," segir Heida en myndin af litlu hafmeyjunni var nýlega birt á vef hins ítalska Vogue. „Ég er nú langt í frá fyrsti Íslendingurinn sem kemur myndum þar inn. Kári Sverris er með nokkrar myndir og Anna Ósk Erlingsdóttir er með fleiri blaðsíður hjá þeim. En að sjálfsögðu kemst ekki hvað sem er þarna inn og ég er því ákaflega stolt af þeim myndum sem ég á hjá þeim," segir hún.

Myndin af litlu hafmeyjunni er í raun samsett. „Ég tók myndina af módelinu, Liv Elísabetu, í Sundhöll Hafnarfjarðar en bakgrunnurinn er mynd sem ég tók í Kúala Lúmpúr árið 2009," útskýrir Heida. Ásta var eins og áður stílisti myndarinnar og hannaði meðal annars bikiníið sem Liv er í. Iðunn Jónasar sá um förðunina og Linda á Sprey hárstofu í Mosfellsbæ sá um hárið.

### FAGRAR KONUR

Heida segist afar heppin með mannskapinn sem kemur að myndunum, ekki síst er hún ánægð með það úrval fyrirsæta sem hafa staðfest þátttöku. „Ég er með allar fallegustu konur landsins með mér," segir hún glaðlega, en það eru Liv Elísabet Friðriksdóttir, Svanhildur Steinarrs, Hanna Rún Bazev Óladóttir, Magdalena Dubik, Hjördís Björg Hermannsdóttir, Tinna Alavis, Maria Jimenez Pacifico, Berglind Elva Björnsdóttir og Aðalheiður Rósa Harðardóttir.

■ solveig@365.is



**HEIDA HB** Heida Hrönn fæst við afar skemmtilegt Disney-prinsessuverkefni meðfram öðrum störfum sem ljósmyndari.

**MYNDIR**

**HEIDABH.COM**
***Hægt er að skoða fleiri prinsessur og aðrar myndir sem Heida hefur tekið á www.heidahb.com***

TRI

Suðurlandsbraut 32

HJÓLREIÐAR HLAUP SUND













## Þýsk gæði á góðu verði!

# CUBE 2015

SHIMANO **HAFÐU SAMBAND** SHIMANO

# WWW.TRI.IS

**- Opnunartími @ TRI VERSLUN -**

**Alla virka daga kl. 10:00 - 18:00**

**Laugardaga kl. 10:00 til 16:00**


GUERLAIN
Guerlain kynning í
Lyfjum & heilsu Kringlunni
9.–12. Apríl
20% afsláttur af öllum
vörum frá Guerlain.
Guerlain sérfræðingur kynnir nýju
Terracotta sólarpúðrin og
veitir faglega ráðgjöf.
Glæsilegur kaupauki fylgir
ef keyptar eru tvær vörur
eða fleiri frá Guerlain.
www.lyfogheilsa.is
Lyf & heilsa
Kringlunni

## VINVEITTIR GERLAR

*Dagleg inntaka vinveittra gerla styrkir ónæmiskerfið. Optibac fæst í öllum apótekum og heilsuverslunum á Íslandi. Nánari upplýsingar á www.raritet.is og www.facebook.com/optibaciceland*




# FLATUR MAGI Á SJÖ DÖGUM

**RARITET KYNNIR** *OptiBac-meltingargerlarnir henta þeim sem þjást af óþægindum í maga. Þeir hjálpa til við niðurbrot mjólkursykurs og sterkju í meltingarvegi. One Week Flat dregur úr lofti í maga og gerir þaninn kvið flatari.*

Ég stunda strangar æfingar alla daga og það útheimtir mikla orku. Ég þarf að byggja upp orkuna bæði fyrir æfingarnar og til að eiga eitthvað afgangs fyrir fjölskylduna og daglegt líf. Það reynir verulega á líkamann að standast álagið sem fylgir því að vera dansari og keppa á meðal þeirra bestu,“ segir Hanna Rún Bazev Óladóttir dansari.

Algengt er að fólk fái pestir, svo sem kvef og flensu eða í magann, þegar líkaminn er undir miklu álagi. Því er mikilvægt að huga vel að mataræðinu og taka inn OptiBac-meltingargerla en 60% af ónæmiskerfisfrumunum er að finna í meltingarveginum. Vinveittar bakteríur úr OptiBac styrkja varnarkerfi líkamans.

**VIÐKVÆM Í MAGA**

Hanna Rún kynntist nýlega OptiBac-meltingargerlunum. OptiBac – One Week Flat er sjö daga kúr sem inniheldur vinsamlegar bakteríur eins og acidophilus og prebiotics-trefjar.

„Ég er sjálf með magavandamál. Ég þoli illa glúten, brauð og mjólk og er alltaf í miklum vandræðum þegar kemur að keppnum. Þá þarf ég að passa mjög vel hvað ég læt ofan í mig. Það er dagamunur á mér, stundum get ég vel borðað brauð án þess að finna fyrir neinu en aðra daga fer það rosalega illa í mig. Við ferðumst líka mjög mikið í tengslum við keppnir og þá er ég kannski að borða öðruvísi mat en ég er vön. Það kemur oft fyrir að maginn á mér þenst út, mér verður illt og lít nánast út fyrir að vera komin nokkra mánuði á leið. Það er erfitt að keppa í þröngum kjól með útblásinn maga,“ segir Hanna Rún.

„Meðan á blæðingum stendur þenst kviðurinn líka gjarnan út og þá er mjög erfitt að halda maganum inni. One Week Flat kemur sér vel þá daga sem þær standa yfir.“

**ÞARF EKKI AÐ GLEYPA PILLUR**

„Það er líka stór kostur við One Week Flat að það er í duftformi en ekki í töflum. Ég hef alltaf átt mjög erfitt með að gleypa töflur, sama hversu litlar þær eru. Þess vegna líst mér sérstaklega vel á að One Week Flat er í duftformi, ég get þá bara hrært það út í vatni,“ segir Hanna Rún.



**FÆST Í ÖLLUM HELSTU APÓTEKUM OG HEILUSVÖRUVERSLUNUM.**

**HEILBRIGÐ MELTING**
„Ég mæli með því að nota vandaða meltingargerla eins og frá OptiBac Probiotics til að viðhalda heilbrigðri meltingu og bæta almenna heilsu.“ Hanna Rún Bazev Óladóttir dansari.
MYND/ERNIR

## ONE WEEK FLAT

- OptiBac-meltingargerlarnir henta vel fyrir þá sem þjást af óþægindum vegna lofts í maga sem getur stafað af mataróþoli eða vanvirkni í meltingarstarfsemi.
- One Week Flat er sjö daga kúr sem inniheldur vinsamlegar bakteríur eins og acidophilus og prebiotics-trefjar.
- Gerlarnir hjálpa til við niðurbrot mjólkursykurs og sterkju í meltingarvegi og koma í veg fyrir óþægindi sem tengjast fæðuóþoli
- One Week Flat dregur úr lofti í maga og gerir þaninn kvið flatari.
- Vörurnar frá OptiBac innihalda blöndu sýruþolinna meltingargerla sem komast örugglega og lifandi gegnum magasýrur smáþarma, þar sem þeim er ætlað að virka.







**ÚTSÖLUSTAÐIR:**
Apótekum um allt land

# BESTA FLENSUVÖRN SEM ÉG HEF PRÓFAÐ

*Sambucol er öflug fyrirbyggjandi lausn gegn kvefi og flensu fyrir alla fjölskylduna. Sambucol er náttúrulegt fæðubótarefni úr black elderberry-extrakt.*

Þórarinn Þórhallsson, eigandi Raritet, hefur varla fengið flensu eða kvef undanfarin ár eða síðan hann kynntist Sambucol. „Ég prófaði Sambucol þegar ég fékk heiftarlega flensu fyrir nokkrum árum og það virkaði strax. Einkennin urðu mildari og það var mun auðveldara að takast á við veikindin. Ég var kominn aftur á ról eftir tvo til þrjá daga. Eftir það hef ég notað Sambucol markvisst allt árið um kring og hef hvorki fengið kvef né flensu síðan sem neinu nemur, 7-9-13,“ segir Þórarinn.“

**NÁTTÚRULEG VÍRUSVÖRN**

Áratuga rannsóknir á Sambucol hafa sannað gagnsemi við t.d. inflúensu A og B og styrkingu á ónæmisviðbrögðum.

**Dæmi um klínískar rannsóknir á Sambucol:**

■ *1995 – Influensa B rannsókn*
Miklu meiri bati hjá 93,3% þeirra sem tóku Sambucol en þeim sem notuðu lyfleysu.

■ *2001 – Ónæmiskerfisrannsókn „In vitro“*
Sambucol reyndist vera hjálplegt til að styrkja ónæmiskerfið hjá fólki sem hafði minnkandi ónæmisviðbrögð.

■ *2004 – Influensa A rannsókn*
Sambucol sýndi góða verkun gegn flensu og fækkaði veikindadögum að meðaltali um fjóra. Þeir sem tóku Sambucol þurftu einnig á mun minni verkjalyfjum að halda.

■ *Fuglaflensa H5N1*
Sambucol virkaði í 99% tilfella til að vinna á móti H5N1 vírusnum.

**HVERNIG GETUR SAMBUCOL HJÁLPAÐ?**

- **Með því að taka Sambucol allan ársins hring er hægt að koma í veg fyrir kvefsmit og flensu. Mælt er með því að taka stærri skammt af Sambucol yfir vetrartímann.**
- **Sambucol getur hjálpað til við að forðast flensusmit á ferðalögum, á fjölförnum stöðum og í almenningsfarartækjum.**
- **Sambucol hefur fyrirbyggjandi áhrif, svo gott er að taka það inn þegar mikið stendur til.**

**SAMBUCOL ER FÁANLEGT Í ÞREMUR MISMUNANDI PAKKNINGUM**

- Sambucol for Kids er bragðgott náttúrulegt þykkni sem inniheldur svört ylliber og C-vítamín. Hentar börnum á aldrinum 3-12 ára. Þykknið er einstaklega bragðgott.
- Sambucol Immune Forte er sykurlaust, náttúrulegt þykkni sem inniheldur svört ylliber og Antivirin sem kemur í veg fyrir að vírusar nái til frumnanna og fjölgi sér. Inniheldur auk þess C-vítamín og sink sem styrkja ónæmiskerfið.
- Sambucol Immune Forte – hylki: Fyrir þá sem ekki vilja mixtúru er hægt að fá Sambucol forte með C-vítamíni og sinki í hylkjum. En forðahylki eru góður kostur þar sem innihaldsefnin eru í duftformi og eru þannig auðmeltanleg.

**GÓÐ RÁÐ TIL AÐ FORÐAST SMIT**

- Hreinlæti.
- Borðið engifer og hvítlauk og takið meltingargerla til að styrkja ónæmiskerfið.
- Takið inn Sambucol alla daga til að minnka líkur á smiti af kvefi og flensu.
- Best er að halda sig heima ef flensan bankar upp á.


eat water

**ÞYNGDARSTJÓRNUN OG BLÓÐSYKURSJAFNVÆGI MEÐ SLIM PASTA**

**„Slim Pasta“ kemur alfarið í staðinn fyrir venjulegt pasta og er notað samhliða hollu hráefni eins og grænmeti, kjöti og fiski. Pastað getur þú notað í alla þína uppáhaldsrétti en það hjálpar þér að elda hollan og næringarríkan mat.**




„Ég hef notað Slim Pasta reglulega um nokkurra mánaða skeið og mæli heilshugar með þessum vörum, en hann notar Slim Pasta markvisst í ýmsar uppskriftir í staðinn fyrir venjulegar pastavörur með góðum árangri“



Víðir Þór Þrastarsson,
íþrótta- og heilsufræðingur






FALLEG FÖRÐUN Það er gott að prófa sig áfram með förðun þegar ekkert stendur til. Þá er tími til að gera mistök og læra af þeim. NORDIC PHOTO/GETTY

# AUÐVELDARI FÖRÐUN

**FÖRÐUN** *Góð förðunarráð koma sér alltaf vel hvort sem á að nýta þau þegar tekist er á við förðun hversdagsins eða verið að undirbúa sig fyrir árshátíð.*

Það eru margar spurningar sem vakna þegar förðun er annars vegar. Hér eru nokkur góð ráð til að gera hana betri og auðveldari.

**AUGU**

- Gott er að hita maskarann örlítið áður en hann er notaður, þannig er auðveldara að bera hann á augnhárin. Þetta má til dæmis gera með því að rúlla honum á milli lófanna.
- Það ætti aldrei að pumpa maskarann, það er að segja að færa burstann upp og niður ofan í stautnum. Það gerir ekkert annað en að koma lofti ofan í maskarann og þurrka hann upp.
- Sniðugt er að hreyfa maskaraburstann til hægri og vinstri á meðan maskarinn er borinn á augnhárin, þannig klessast augnhárin síður saman og áferðin verður jafnari.
- Með því að nota hvítan augnblýant innan á neðri augnháralínuna líta augun út fyrir að vera stærri.
- Í stað þess að horfa beint í spegilinn þegar augnblýanturinn er settur á er gott að halla höfðinu örlítið aftur á bak. Þannig hálflokast augun og auðveldara verður að setja blýantslínuna á.
- Í stað þess að nota augnblýant kemur oft vel út að nota dökkan augnskugga. Það er auðvelt að vinna með hann og hann skilur ekki eftir bil við augnháralínuna. Einnig má setja augnskugga yfir augnblýant til þess að hann haldist betur á.

**VARIR**

- Til þess að fá varirnar mjúkar er gott ráð að bursta þær með tannbursta. Þannig dettur dauð húð af þeim. Það er sérstaklega gott að gera þetta áður en varalitur er settur á því varaliturinn gerir það meira áberandi ef varirnar eru þurrar.
- Notið púður sem grunn undir varalit. Setjið örlítið á varirnar áður en varaliturinn er settur á og þá endist hann mun lengur og rennur síður til.

**HÚÐ**

- Með því að setja andlitsfarða á eftir að augnförðunin er tilbúin er auðvelt að hylja þau mistök sem mögulega voru gerð við augnförðunina.
- Þegar sólarpúður er sett á er sniðugt að gera það í sama formi og tölustafurinn 3. Þá er efsti hluti þristsins við hársrótina, neðsti hluti tölustafsins er við kjálkann og miðhlutinn á kinnbeininu. Þannig er auðvelt að búa til útlínur púðursins, svo er bara að dreifa aðeins úr því.
- Sniðugt er að bera á sig rakakrem nokkrum mínútum áður en farði er borinn á andlitið.
- Ólífuolía er góð til að nota sem augnfarðahreinsi. Ólíkt öðrum olíukenndum hreinsum er ólífuolían góð fyrir húðina.



VARARÁÐ Gott er að nota varablýant í sama lit og varaliturinn er til þess að láta þær líta út fyrir að vera fyllri.



LITADÝRÐ Gott er að nota augnskugga í sama lit og ljósasti hluti andlitsins sem grunn. Grunnurinn er borinn á allt augnlokið, þannig blandast liturinn sem settur er ofan á betur og fer síður ofan í hrukkur og rákir.

50% vorafsláttur

- kjólar - buxur
- toppar - bolir
- túnikur - pils
- mussur - peysur
- jakkar - skyrtur

Opið virka daga kl. 11–18
Opið laugardaga kl. 11-16

black pepper FASHION
Laugavegi 178 | Sími 555 1516
Kíkið á myndir og verð á Facebook

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

Framhaldsskólakennari í efnafræði

Menntaskólinn í Kópavogi óskar eftir að ráða framhaldsskólakennara (sbr. lög nr. 87/2008) í efnafræði.

Umsækjandi þarf að hafa háskólapróf í efnafræði eða skyldum greinum og kennsluréttindi á framhaldsskólastigi. Umsækjandi þarf að geta kennt bæði byrjendum og lengra komnum. Launakjör fara eftir kjarasamningi framhaldsskólakennara og stofnanasamningi MK.

**Umsóknarfrestur er til 15. apríl.** Ekki þarf að sækja um á sérstöku umsóknareyðublaði en umsókn þarf að fylgja afrit af prófskírteini auk yfirlits um fyrri störf. Umsókn skal senda til skólameistara (margret.fridriksdottir@mk.is).

Upplýsingar um skólann eru á heimasíðu www.mk.is. Frekari upplýsingar um starfið veita skólameistari, Margrét Friðriksdóttir og aðstoðarskólameistari Helgi Kristjánsson í síma 594 4000.

Skólameistari

# Full búð af nýjum vörum

# 20-50%

## afsláttur af öllum vörum





**Tunika**
*stærðir 10 - 22*
Verð áður 11.900 kr.-
**Nú aðeins 6.990 kr.-**



**Kjóll**
*stærðir 38 - 46*
Verð áður 22.900 kr.-
**Nú aðeins 17.900 kr.-**



**Tunika**
*Litir:*
*svart - offwhite - coral*
*stærðir 38 - 44*
Verð áður 12.900 kr.-
**Nú aðeins 5.990 kr.-**

**Tunika**
*stærðir 10 - 22*
Verð áður 11.900 kr.-
**Nú aðeins 6.990 kr.-**

COSMO
Kringlunni

**BÍLAHÖLLIN**
**S: 567-4949**



Toyota Verso Sol W/G Active 7/2013 ek.18þús. Sjálfskiptur. 7 manna. Sumardekk. Vetrardekk. Ásett verð 4.290.000.- Rnr.151097



Peugeot 308 SW Active Diesel 8/2013 ek.8þús. Sjálfskiptur. Ásett verð 3.690.000.- Rnr.104662



Honda CR-V Elegance 1/2009 ek.48þús. Sjálfskiptur. 4 sumardekk. 4 vetrardekk. 1 eigandi. Ásett verð 3.490.000.- Rnr.287278




VORTHEX heithúðun á allargerðir pallbíla og fleira upplýsingar í Bílaryðvörn sími 587-1390.

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**www.bilahollin.is**

Stofnað 1974
**Bílamarkaðurinn**



TOYOTA Prius hybrid. Árgerð 2011, ekinn 59 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. skoðar skipti Verð 2.990.000. Rnr.106941. Bílamarkaðurinn S:567-1800 Bilamarkadurinn.is



VW Passat bluemotion. Árgerð 2012, ekinn 133 Þ.KM, dísel, 6 gírar. skoðar skipti áhl 1876 þús afb 29 þús Verð 2.680.000. Rnr.106937. Bílamarkaðurinn S:567-1800 Bilamarkadurinn.is



AUDI A4 quattro 4x4. Árgerð 2003, ekinn 93 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur leður , Topplúga ofl skoðar skipti . Verð 1.299.000. Rnr.231838. Bílamarkaðurinn S:567-1800 Bilamarkadurinn.is

**Bílamarkaðurinn**
**Smiðjuvegi 46E, Kópavogi**
**Sími: 567 1800**

**bilfang.is**
**S. 567 2000**



**DIESEL / 7 MANNA !**
Landrover Discovery 4 S 05/2011 ek 80 þ.km Leður, nyleg dekk verð 8.7 mil , skipti möguleg !



**DIESEL / 7 MANNA !**
Toyota Landcr. 200 VX DIESEL árg 2008 ek 83 þ.km Leður, krókur, OFL Glæsilegur jeppi Verð 8.9 mil !!! skipti möguleg

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**Seljum í dag !**
**www.bilfang.is**

**TOPPBÍLAR**



BRENDERUP 2260 stip Glæsileg stál kerra frá Brenderup með sturtu. Burðargeta 490 Kg. L.258 B.153 D.40 Niðurfellanlegir gaflar að framan og aftan, Fjöldi aukahluta í boði.Verð 409.000. Rnr.381206.



BRENDERUP 1205 s. Árgerð 2015, Frábær kerra sem nýtist vel fyrir heimilið og garðinn. Burðargeta 490Kg Mál: 203x116x35 . Verð 189.000. Rnr.286694.



BRENDERUP 1150 s. Árgerð 2015, Kerra sem lítið fer fyrir en býður uppá ótal möguleika á stækkunum, farangurslokum ofl. Mál: 144x95x35 Verð 169.000. Rnr.286695.

**Toppbílar**
**Klettháls 2, 110 Rvk.**
**Sími: 587 2000**
**www.toppbilar.is**

**100 bílar.is**



Renault Megane Sport Tourer - 6/2014 - Dísel - Sjálfsk - ek 25 þkm - Er á staðnum - Ásett verð 3390 þús - raðnr 151731.

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18.00, Lau 11-15**
**www.100bilar.is**

**567 2277 NÝJA www.nyja.is**
**BÍLAHÖLLIN**



**BÍLL DAGSINS !**
SUZUKI Swift sjálfskiptur. Árgerð 2012, ekinn 57 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Gott verð 2.190.000. Rnr.312448.

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.nyja.is**

**CLASSICBILAR.IS**
*Bílasala*



LAND ROVER Discovery 4 SE 3.0 TDV6 Facelift. Árg 2012, ek 134 Þ.KM, 8gíra ssk.5manna, vetrarpakki, dráttarkúla ofl. TILBOÐ 8.990þ stgr. Rnr.100366. Ásett er10.500þ

Óskum eftir bílum á söluskrá okkar
**www.classicbilar.is**

**Classicbilar.is**
**Gilsbúð 3, 210 Garðabær**
**Sími: 517 9500**
**http://classicbilar.is**

**ÍSBAND.IS**
BÍLAINNFLUTNINGUR



**2015 NÝIR FORD F350**
Nýr og öflugri en áður, Dísel 440hö, Komdu og kynntu þér málið útvegum allar gerðir af F350, erum að taka niður pantanir, Kíktu á síðuna okkar www.isband.is

**Íslensk-Bandaríska ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbæ**
**Sími: 534 4433**
**Opið 10-18.00 og lau 11-15**
**http://www.isband.is**

**STÓRA BÍLASALAN**

**Óskum eftir bílum á staðinn.**
**Mikil sala.**



MMC L200 Double Cab Árgerð 2004. Ekinn 217þ.km. Sjálfsk. Pallhús. Toppviðhald. Gott eintak. Er á staðnum. Verð 1.290.000kr. Raðnr 134657. Sjá á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

**bílaplan.is**



**BÍLL DAGSINS !!!**
LAND ROVER DISCOVERY TD SE árg. 2010 ek. 62 Þkm, mjög gott ástand og útlit, krókur ofl. tilboðsverð 8990 Þús # 107328 gsm 893-9500



**ÚTSALA ÚTSALA !!!**
LEXUS IS 200 árg. 2003 ek. 153 Þkm, 6 gíra, 1 eigandi, 100% þjónustaður, búið að skipta um tímarem, tilboðsverð 990 Þús, möguleiki á 100% láni # 148300 gsm 893-9500



**ÚTSALA ÚTSALA !!!**
FORD MONDEO árg. 2003 ek. 169 Þkm, Sjálfskiptur, krókur, tilboðsverð 490 Þús, möguleiki á 100% láni # 147434 gsm 893-9500

**Bílaplan.is**
**Við Breiðhöfða, 110 Reykjavík**
**Sími: 552 6000**
**www.bilaplan.is**

**SUZUKI**



**SUZUMAR GÚMMÍBÁTAR**
Uppblásnir slöngubátar með álgólfi og mikla burðargetu. Til í stærðum frá 2,9m - 4,2m. Verð frá 255.000.- kr.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

## Bílar óskast

Óska eftir bíl á bilinu 30-500þ. Ekki eldri en ,00. Má þarfnast viðgerðar. S. 866 0784.

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

**KAUPI BÍLA FYRIR ALLT AÐ MILLJÓN STGR!!**
Óska eftir að kaupa bíla fyrir allt að 1.000.000. staðgreitt. Er með pappíra og pening til að ganga frá því samdægurs ef að samningar nást. Bíllinn má þarfnast lagfæringar og/ eða skoðunar. skoða allar tegundir. Hringdu í síma: 659-9696 eða sendu email á 6599696@gmail.com

## Sendibílar

568 5000
NS
NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Vespur



Piaggio Vespa 125 cc.2008 ekinn 3þ.km. skoðuð 16" Verð nú 360þ. 787-8768

## Reiðhjól



**RAFMAGNS-REIÐHJÓL**
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR AF ELDRI ÁRGERÐ.
VERÐ NÚ FRÁ 75.000,-
TAKMARKAÐ MAGN.
EL - BIKE.IS
Bindir & stál ehf.
Hvaleyrarbraut 39
220 Hafnarf. S. 864 9265

## 0-250 þús.

Toyota Corolla station árg ,99, sko ,15, ek. 204 þús. Selst ódýrt 170 þús. S. 615 4775

## 250-499 þús.



**SPARIBAUKUR - TILBOÐ 390 ÞÚS**
Hyundai Getz 2003 ek.162 þús, 3ja dyra, beinskiptur, ný skoðaður 2015, spoiler,álfelgur ásett verð 690 TILBOÐ 390 ÞÚS möguleiki á 100% visaláni s.841 8955



**GÓÐUR BÍLL Á TILBOÐI 390 ÞÚS!**
Ford Focus Wagon árg ,99, ek. 140 þús, sko ,16, litur vel út. Verð 490 þús, tilboð 390 þús. Möguleiki á 100% visaláni. S. 841 8955

## Vélsleðar




## Fellihýsi




## Bátar



**COUPÉ NIMBUS 320 TIL SÖLU**
Velútbúinn gæðabátur, árgerð 2004 á góðu verði kr. 15.000.000.- með fylgihlutum. Báturinn stendur á vagni hjá Snarfara í Elliðavogi. Uppl. í s. 6608566.

## Hjólbarðar




**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## til sölu

**Renault Trafic dci 115**





- Árgerð 2009
- Ekinn 71 þús.
- Ferðabíll/sendibíll, blá númer.
- Góður og vel með farinn.
- **Verð 2.800.000.** • Engin skipti.
- **Upplýsingar í síma 893 - 7773**

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www. betriheilsa.is/erla

## Nudd

Heilnudd. Nuddstofan svæði 112. Uppl. S: 823 5669 eða 693 0348

**PÁSKATILBOÐ 20% AFSL. Á TANTRA NUDDI**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 55.000 á mán. Rent a room price from 55.000 kr. per month.
**gsm 777 1313**
**leiga@leiguherbergi.is**

**TIL LEIGU Á AÐEINS 950 KR FM!**
Kistumelar 16, 116 Reykjavík 165 - 280 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsluhurðir, góð malbikuð lóð og greið aðkoma.
**Uppl. veitir Hafsteinn í s. 690-3031**

3ja herb, íbúð m/bílskúr til leigu í austurbæ Kópavogs. Langtímaleiga. Uppl. í s. 892 9656

## Geymsluhúsnæði

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLURTILLEIGU.IS**
Nýjar sérhannað 300 geymslur, stærðir 1,7-7,2 fm. Opnunartilboð: Fyrsti mánuðurinn frír. Aðgangur 24 tíma sólarhrings, upphitað og vaktað. Smiðjuvegur 4 Kópavogi. S: 4143000.

# ATVINNA

LINDIN BÍLAPVOTTASTÖÐ

**BÍLAPVOTTASTÖÐIN LINDIN, BÆJARLIND 2.**
Óskar eftir starfsmanni í fullt starf. Viðkomandi þarf að vera harðduglegur, stundvís, vandvirkur og með góða þjónustulund. Hreint sakavottorð, bílpróf og íslenskukunnátta eru skilyrði. Umsókn og ferilskrá sendist á robert@bilalindin.is

N1

Óskar eftir að ráða áreiðanlega, duglega og reynslumikla starfsmenn á þjónustuverkstæði félagsins á höfuðborgarsvæðinu. Um er að ræða almenna smur- og dekkjaþjónustu. Tímabundin störf. Lágmarksaldur umsækjenda er 18 ár.
**Áhugasamir sæki um á www. n1.is. Nánari upplýsingar veitir Kristbjörn Þór Bjarnason í síma 893-5777.**

Jói Fel

**BAKARÍIÐ HJÁ JÓA FEL. FRAMTÍÐARSTÖRF**
Óskum eftir að ráða fólk í fullt starf í afgreiðslu virka daga sem getur byrjað strax. Íslenskukunnátta nauðsynleg.
**Vinsamlega hafið samband Linda 863-7579 eða linda@joifel.is**

**BAKARÍ / KAFFIHÚS**
Vaktstjóri óskast í bakarí, með reynslu af smurbrauðs og súpugerð. Íslensku kunnátta skilyrði og ekki yngri enn 25 ára. Framtíðarstarf.
**Uppl. sendist á : sveinsbakari@sveinsbakari.is**

**VEISLAN**
Veislan óskar eftir konum í smurbrauð.
50 % framtíðarstarf og einnig 100% sumarstarf.
**umsókn sendist á andrea@veislan.is**

Starfskraft vantar í Sauðburð frá 25.april - út mai. Uppl. í s. 487 4791.

Óskum eftir fólki í úthringistarf. Hentar vel sem auka eða aðalstarf. Föst laun og bónusar í boði. Uppl og fyrirspurnir sendist á umsoknir@tmi.is eða í 770-2277

**STARFSFÓLK ÓSKAST**
101Barco er ört vaxandi fyrirtæki á sviði skemmti- og veitingastaða í miðbæ Reykjavíkur. Við óskum eftir starfsfólki bæði í eldhús og á bar. Ef þú ert ábyrgðarfull/ur, eldhress og dugleg/ur sendu ferilskrá á barco@barco.is.

# TILKYNNINGAR

## Fundir

REYKJAVÍKUR AKADEMÍAN

**AÐALFUNDUR REYKJAVÍKUR-AKADEMÍUNNAR**
Félags sjálfstætt starfandi fræðimanna, verður haldinn miðvikudaginn 22. apríl kl. 12:15 -í fundarsal félagsins að Þórunnartúni 2, 4. hæð hjá Bókasafni Dagsbrúnar. Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt lögum félagsins og stjórnarkjör. Atkvæðisrétt á fundinum hafa félagsmenn sem eru viðstaddir og hafa greitt félagsgjald.
**www.akademia.is**

## Einkamál

Skyndikynni, tilbreyting, ævintýri. www.RaudaTorgid.is (Stefnumót)

# AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

## Bláskógabyggð, Grímsnes-og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Skeiða-og Gnúpverjahreppi, Flóahreppi og Ásahreppi

**Aðalskipulagsmál**

**Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt niðurstaða sveitarstjórnar varðandi eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:**

**1. Breyting á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020 á spildu úr landi Klausturhóla við Biskupstungnabraut. Svæði fyrir verslun- og þjónustu í stað frístundabyggðar.**
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi 18. febrúar 2015 tillögu að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins sem felst í að landnotkun á um 20 ha spildu úr landi Klausturhóla við Biskupstungnabraut breytist úr svæði fyrir frístundabyggð í svæði fyrir verslun og þjónustu. Tillagan var auglýst samhliða breytingu á deiliskipulagi svæðisins 21. ágúst 2014 með athugasemdafresti til 3. október. Athugasemdir gáfu ekki tilefni til breytinga á tillögunni og hefur hún verið send Skipulagsstofnun til staðfestingar.

**Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt lýsing fyrir eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:**

**2. Breyting á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012 á spildu úr landi Einiholts, Bláskógabyggð. Verslun- og þjónusta í stað landbúnaðarsvæðis/efnistökusvæði.**
Lögð fram til kynningar skipulagslýsing vegna breytingar á aðalskipulagi í Bláskógabyggð sem felst í að gert er ráð fyrir svæði fyrir verslun- og þjónustu á spildu úr landi Einiholts á svæði milli Einiholtslækjar og þjóðvegar, sunnan við bæjartorfu Einiholts. Fyrirhugað er að byggja upp gistiþjónustu fyrir ferðamenn.

**Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur að eftirfarandi aðalskipulagsbreytingum:**

**3. Breyting á aðalskipulagi Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2003-2015 vegna stækkunar á iðnaðarsvæði norðan Flúða, svæði merkt P1.**
Auglýst er tillaga að breytingu á aðalskipulagi sem varðar iðnaðarsvæði norðan Flúða sem nýtt hefur verið til móttöku úrgangs (gámastöð), merkt P1. Er breytingin gerð í tengslum við nýtt deiliskipulag fyrir svæðið og fyrirætlanir um að bæta við starfsemi sem tengist meðhöndlun á lífrænum úrgangi og er gert ráð fyrir að svæðið stækki úr um 0,7 ha í 3 ha. Tillaga að deiliskipulagi svæðisins er auglýst samhliða aðalskipulagsbreytingunni.

**4. Breyting á Aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012, Bláskógabyggð, innan þéttbýlisins Reykholt. Nýr vegur að íbúðarsvæði austan grunnskóla (land Eflingar).**
Auglýst er tillaga að breytingu á aðalskipulagi innan Reykholts sem felst í að gert er ráð fyrir nýrri aðkomu að íbúðarsvæði (svæði Eflingar) upp á holtinu austan við grunnskólann. Fyrirhugað er að leggja nýjan um 220 m langan veg frá Kistuholti sunnan Aratungu, framhjá skólastjórabústað og þaðan upp á holtið. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi íbúðarsvæðisins er auglýst samhliða.

**Deiliskpulagsmál**

**Samkvæmt 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt niðurstaða sveitarstjórnar varðandi eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum:**

**5. Endurskoðun deiliskipulags 20 ha svæðis við Seyðishóla úr landi Klausturhóla sem kallast Kerbyggð. Verslun- og þjónusta í stað frístundabyggðar.**
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi 18. febrúar 2015 tillögu að endurskoðun/breytingu á deiliskipulagi um 20 ha svæði úr landi Klausturhóla sem nefnist Kerbyggð. Samkvæmt gildandi deiliskipulagi var gert ráð fyrir 28 um 0,5 frístundahúsalóðum en breytt skipulag gerir ráð fyrir 51 lóð fyrir verslun – og þjónustu (útleiguhús) auk lóðar fyrir þjónustuhús. Tillagan var auglýst samhliða breytingu á aðalskipulagi svæðisins 21. ágúst 2014 með athugasemdafresti til 3. október. Athugasemdir gáfu ekki tilefni til breytinga á tillögunni og hefur hún verið send Skipulagsstofnun til staðfestingar.

**Samkvæmt 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga að eftirfarandi deiliskipulagi:**

**6. Deiliskipulag fyrir Loftsstaði-Eystri (lnr. 165472) í Flóahreppi. Íbúðarhúsa- og frístundahúsalóðir.**
Lögð fram til kynningar tillaga að deiliskipulagi sem nær til um 10 ha svæðis úr jörðinni Loftsstaðir-Eystri í Flóahreppi, Sunnan Villingaholtsvegar. Í tillögunni eru afmarkaðar sex 1,27 ha lóðir og er á þremur þeirra gert ráð fyrir íbúðarhúsum auk minniháttar atvinnustarfsemi (hugsanlega lögbýli) og á þremur verður heimilt að reisa frístundahús og fjölnotahús. Ennfremur er gert ráð fyrir 2 ha sameiginlegu svæði.

**Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum:**

**7. Deiliskipulag fyrir iðnaðarsvæði/gámasvæði norðan við Flúðir, Hrunamannahreppi.**
Auglýst er tillaga að deiliskipulagi fyrir iðnðarsvæði/gámasvæði á svæði norðan við Flúðir í Hrunamannahreppi. Svæðið er í aðalskipulagi merkt P1. Í dag er þar starfrækt móttökusvæði fyrir úrgang, gámasvæði, en með deiliskipulaginu er gert ráð fyrir stækkun svæðisins úr 0,7 ha í 3 ha auk þess sem starfsemin er útvíkkuð í tengslum við frekari meðhöndlun á lífrænum úrgangi.Tillagan að breytingu á aðalskipulagi svæðisins er auglýst samhliða.

**8. Breyting á deiliskipulagi íbúðarsvæðis á landi Eflingar innan þéttbýlisins Reykholt í Bláskógabyggð.**
Auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi íbúðarsvæðis innan lands Eflingar sem liggur austan við grunnskólann í Reykholti. Í breytingunni felst að íbúðarhúsalóðum fjölgar úr 7 í 12 auk þess sem gert er ráð fyrir nýrri aðkomu að svæðinu sem liggur um land Brautarhóls frá íbúðarbyggð við Kistuholt. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi vegna nýs vegar er auglýst samhliða.

**9. Deilskipulag fyrir Ragnheiðarstaði 2 lnr. 222006 í Flóahreppi. Nýtt lögbýli.**
Auglýst er tillaga að deiliskipulagi nýs lögbýlis á landi úr jörðinni Ragnheiðarstaðir í Flóahreppi. Svæðið er í heild 193,7 ha og er 77,7 ha norðan Villingaholtsvegar og 116 ha sunnan vegarins. Gert er ráð fyrir byggingu íbúðarhúss, vélageymslu, hesthúss og annarra landbúnaðarbygginga.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma frá 9-16. Að auki er hægt að nálgast nánari lýsingu á tillögunum og tillögurnar sjálfar á vefslóðinni http://www.sbf.is.

**Skipulagstillögur nr. 1 og 5 hafa verið sendar Skipulagsstofnun til afgreiðslu, tillögur nr. 2 og 6 er í kynningu frá 9. til 21. apríl en tillögur nr. 3 - 4 og 7 - 9 er í kynningu frá 9. apríl til 22. maí.**

**Frestur til að gera athugasemdir við tillögur 2 og 6 er til 21. apríl en 22. maí fyrir athugasemdir við tillögur 3 - 4 og 7 - 9. Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar.**

**Pétur Ingi Haraldsson**
**Skipulagsfulltrúi**
**petur@sudurland.is**

SAFT

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

Við kynnum með stolti:

# Grænmetisbolluna



Heitur matur er afgreiddur frá kl. 11:30

## 795,-

**Grænmetisbollur (10 stk.) með kúskús, tómatblönduðu grænmeti og spergilkáli**

Grænmetisbollurnar, innihalda engar dýraafurðir þannig að þær henta þeim sem aðhyllast veganisma. Þær innihalda enga algenga ofnæmisvalda*.

- Hátt næringargildi
  - Prótínríkar
  - A og C vítamín
  - Kalsíum
  - Járn
- Lágt fituinnihald
- Gott trefjainnihald (10 stk. grænmetisbollur innihalda 30% af ráðlögðum dagskammti)
- Engar dýraafurðir
- Ekkert glúten
- Enginn laktósi

*Sósan inniheldur soja og kúskús inniheldur glúten




**Verslun opin 11-21 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - **www.IKEA.is**

## Veðurspá

### Fimmtudagur

**Lægð fer yfir austurhelming landsins í dag,** en þá gengur í austan og síðar norðaustan 8-15 m/s með snjókomu eða slyddu, einkum sunnan- og austanlands, en um landið vestanvert verður mun hægari norðlæg eða breytileg átt og úrkomulítið. Þegar líður á kvöldið fjarlægist lægðin og dregur úr vindi og ofankomu. Hiti breytist lítið.




### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| -0° | -4° | -3° |
| 3 | 1 | 2 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -2° | 2° | -10° |
| 4 | 10 | 6 |

### Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| -1° | -0° | -0° |
| 7 | 9 | 9 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -0° | 1° | -8° |
| 19 | 13 | 17 |



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**2.** blöðru, **6.** pot, **8.** krass, **9.** námsgrein, **11.** tveir eins, **12.** skaf, **14.** vegahótel, **16.** hvað, **17.** kk nafn, **18.** gröm, **20.** til, **21.** ílát.

**LÓÐRÉTT**
**1.** hróss, **3.** hróp, **4.** avókadó, **5.** dýrahljóð, **7.** markmið, **10.** æxlunarkorn, **13.** maka, **15.** bylgja, **16.** húðpoki, **19.** leita að.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** bólu, **6.** ot, **8.** pár, **9.** fag, **11.** rr, **12.** skrap, **14.** mótel, **16.** ha, **17.** ari, **18.** erg, **20.** að, **21.** skál.
**LÓÐRÉTT: 1.** lofs, **3.** óp, **4.** lárpera, **5.** urr, **7.** takmark, **10.** gró, **13.** ata, **15.** alda, **16.** hes, **19.** gá.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Luis Galego (2465), Víkingaklúbbnum, hafði hvítt gegn Presti Árnasyni (2261), Skákfélaginu Hugin, á Íslandsmóti skákfélaga.**



**Hvítur á leik**
34. **Rxc6!** Svartur gaf. Eftir 34...Hxc6 35. b5+ Kxa5 36. bxc6 er staðan koltöpuð.
**www.skak.is:** Endurkoma Kasparovs




## Myndasögur

**PONDUS** — Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 4 | | 8 | | 3 | 7 | | |
| | 7 | 9 | 4 | | | 2 | 8 | |
| | 1 | | 2 | | | | | 9 |
| 7 | | | | | | 5 | | |
| | | 5 | | | 4 | 6 | 7 | 1 |
| | | | | 2 | | | 9 | |
| 2 | | | 7 | | 6 | | 5 | |
| 3 | | 8 | 9 | | | | | |
| | 5 | | | 3 | 8 | | 2 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 7 | | 4 | 8 | 1 | | | 2 |
| 9 | 2 | 1 | | | | | | |
| | | | | | | | 1 | |
| | | | 5 | 2 | 7 | 4 | | |
| | 9 | 7 | | | | 1 | | |
| 2 | | | | | | 8 | 5 | |
| 3 | | 5 | | 7 | 8 | | | |
| | 6 | | | 5 | 3 | 9 | 4 | |
| | 8 | | | | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 3 | | 1 | 7 | 5 | | | 9 |
| 2 | | | 3 | | 9 | | 5 | |
| | 1 | 5 | | | | | | |
| | | | | | | | 2 | 3 |
| | | | | | 3 | | | 7 |
| | | | 6 | | | 8 | | |
| | 8 | 6 | | | 1 | | | |
| | | | | 3 | 2 | | | 6 |
| 3 | | 7 | | 9 | | | | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 8 | 5 | 2 | 3 | 9 | 4 | 6 | 1 |
| 6 | 9 | 1 | 4 | 5 | 7 | 2 | 3 | 8 |
| 2 | 3 | 4 | 6 | 8 | 1 | 5 | 7 | 9 |
| 8 | 2 | 3 | 5 | 4 | 6 | 9 | 1 | 7 |
| 1 | 5 | 6 | 7 | 9 | 3 | 8 | 2 | 4 |
| 9 | 4 | 7 | 8 | 1 | 2 | 3 | 5 | 6 |
| 4 | 1 | 2 | 9 | 7 | 5 | 6 | 8 | 3 |
| 3 | 6 | 8 | 1 | 2 | 4 | 7 | 9 | 5 |
| 5 | 7 | 9 | 3 | 6 | 8 | 1 | 4 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 5 | 4 | 8 | 3 | 1 | 9 | 6 | 2 |
| 1 | 8 | 9 | 4 | 6 | 2 | 3 | 5 | 7 |
| 2 | 6 | 3 | 9 | 5 | 7 | 1 | 4 | 8 |
| 5 | 3 | 2 | 1 | 7 | 6 | 4 | 8 | 9 |
| 8 | 4 | 6 | 2 | 9 | 3 | 5 | 7 | 1 |
| 9 | 1 | 7 | 5 | 8 | 4 | 6 | 2 | 3 |
| 3 | 7 | 5 | 6 | 1 | 8 | 2 | 9 | 4 |
| 4 | 9 | 1 | 7 | 2 | 5 | 8 | 3 | 6 |
| 6 | 2 | 8 | 3 | 4 | 9 | 7 | 1 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 5 | 3 | 1 | 9 | 4 | 8 | 2 | 6 |
| 1 | 8 | 4 | 6 | 7 | 2 | 5 | 9 | 3 |
| 6 | 9 | 2 | 8 | 3 | 5 | 7 | 1 | 4 |
| 8 | 7 | 5 | 9 | 1 | 3 | 6 | 4 | 2 |
| 4 | 6 | 1 | 2 | 8 | 7 | 9 | 3 | 5 |
| 3 | 2 | 9 | 4 | 5 | 6 | 1 | 7 | 8 |
| 9 | 1 | 6 | 3 | 4 | 8 | 2 | 5 | 7 |
| 2 | 4 | 7 | 5 | 6 | 9 | 3 | 8 | 1 |
| 5 | 3 | 8 | 7 | 2 | 1 | 4 | 6 | 9 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.


VINSÆLU SMÁHÚSGÖGNIN KOMIN AFTUR
CELAYA GLERSKÁPUR
Verð: 69.900,-
Stærð: 66x38xH185 cm.
BOLLENE NÁTTBORÐ
Verð: 15.990,-
Stærð: 40x30xH67 cm.
CELAYA FRÁLEGGSBORÐ
Verð: 39.900,-
Stærð: 120x40xH80 cm.
BOLLENE GLERSKÁPUR
Verð: 29.900,-
Stærð: 65x30xH90 cm.
GOURDON SÓFABORÐ
Verð: 39.900,-
Stærð120x60xH50 cm.
MOSELLE KOMMÓÐA
Verð: 39.900,-
Stærð: 80x40xH80 cm.
20% AFSLÁTTUR AF SUNDAY TUNGUSÓFA
AFSLÁTTUR • 20% • AFSLÁTTUR • 20%
20%
20% AFSLÁTTUR
GILDIR 9.–15. APRÍL
Stærð: 268x90x144xH82 cm.
Litir: Ljós grár / dökk grár
Færanleg tunga.
Áður 179.900,- NÚ 143.920,-
the PIER
Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880
Erum á Facebook • www.pier.is
ANTON&BERGUR

**KATLA MANAGER SELECTION**
Société d'Investissement à Capital Variable
14, boulevard Royal – L-2449 LUXEMBOURG
R.C.S. Luxembourg B 72.942 - (the „SICAV“)

**ANNUAL GENERAL MEETING OF SHAREHOLDERS**

The Board of Directors is pleased to convene the shareholders of KATLA MANAGER SELECTION to attend the annual general meeting to be held at the registered office of the SICAV on 28 April 2015 at 11.00 a.m. with the following agenda:

1. Report of the Board of Directors and of the approved statutory auditor
2. Approval of the annual accounts as at 31 December 2014
3. Allocation of the results
4. Discharge to the directors
5. Appointment of the approved statutory auditor
6. Statutory elections
7. Miscellaneous

The shareholders are advised that no quorum for the statutory general meeting is required and that decisions will be taken by simple majority of the votes cast. Proxies are available at the registered office of the SICAV. Shareholders, who wish to attend the annual general meeting, are requested to inform the Board of Directors (Fax nr: +352 49 924 2501 – ifs.fds@bdl.lu) at least five calendar days prior to the annual general meeting.

Skipulagsstofnun

**Mat á umhverfisáhrifum**

**Álit Skipulagsstofnunar**

**Kísilmálmverksmiðja Thorsil í Helguvík, Reykjanesbæ**

Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Álitið liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 105 Reykjavík. Álit Skipulagsstofnunar og matsskýrslu Thorsil er einnig að finna á heimasíðu stofnunarinnar: **www.skipulagsstofnun.is**.

**Jökulsárlón ehf. leitar að starfsfólki fyrir sumar 2015:**

Glacier lagoon
A unique scenic adventure
www.jokulsarlon.is

**Skipstjóra til siglinga á hjólabát.**
Skipstjórar þurfa að hafa skipstjórnarréttindi. Umsækjendur þurfa einnig að hafa lokið námskeiði hjá slysavarnaskóla sjómanna.
**Tímabil er frá maí-ágúst.**

**Einstaklingum í miðsölu.**
Starfslýsing: selja miða í báta og afgreiða ferðamenn. Viðkomandi þarf að vera skipulagður, jákvæður og geta unnið undir miklu álagi.
**Tímabil er frá 30.apríl-september.**

Húsnæði er í boði fyrir starfsmenn Jökulsárlóns. **Upplýsingar gefur Katrín á katrin@jokulsarlon.is eða í s.844-8397.**

**GRINDAVÍKURBÆR**

**Tillaga að deiliskipulagi**

**Eldvarpa - rannsóknarborholur, Grindavík**

Bæjarstjórn Grindavíkurbæjar samþykkti á fundi 24.3.2015 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir rannsóknarborholur í Eldvörpum skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og umhverfisskýrslu, skv. 7. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Skipulagssvæðið er við Eldvörp og nær til 5 rannsóknarborhola.

Tillagan var auglýst í Fréttablaðinu þann 28. mars sl. og er athugasemdafrestur framlengdur til samræmis við auglýsingu í Lögbirtingablaðinu.

Tillaga fjallar um staðsetningu borhola, aðkomu, skilmála og umhverfisáhrif. Deiliskipulagstillagan ásamt umhverfisskýrslu verður aðgengileg á bæjarskrifstofum Grindavíkurbæjar og heimasíðu www.grindavik.is, frá 30. mars til og með 20. maí. Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar og berast til sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs í síðasta lagi til og með **20. maí nk.**, annað hvort á Víkurbraut 62, 240 Grindavík eða á netfangið armann@grindavik.is

*Sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs*
*Ármann Halldórsson*




**LISTRÆNN STJÓRNANDI** Hanna Styrmisdóttir er listrænn stjórnandi Listahátíðarinnar í Reykjavík og hún setur listsköpun kvenna í öndvegi á hátíðinni í ár sem og næsta ár. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Konur í aðalhlutverki

**Listahátíð í Reykjavík 2015 Fyrri hluti var kynnt í gær og þar verður fjöldi spennandi listviðburða í boði og er lögð áhersla á að rétta mjög svo skertan hlut kvenna innan hátíðarinnar frá því sem verið hefur allt frá fyrstu hátíðinni 1970.**

„Við skoðuðum stöðu kvenna innan Listahátíðar í Reykjavík allt frá árinu 1970 og þetta hefur ekki verið nógu gott og við viljum gera þetta betur,“ segir Hanna Styrmisdóttir, listrænn stjórnandi Listahátíðarinnar, sem í gær kynnti dagskrá komandi hátíðar dagana 13. maí til 7. júní undir yfirskriftinni Fyrri hluti. Seinni hluti sömu hátíðar verður svo kynntur til leiks fyrir hátíðina 2016 enda er ekki ráðist á garðinn þar sem hann er lægstur með því viðamikla verkefni að rétta hlut höfundarverks kvenna á vegum hátíðarinnar. Hanna bendir á að það hafi, allt frá því undirbúningur hátíðarinnar hófst, verið ákveðið að tengja hana við aldarafmæli kosningaréttar kvenna og því hafi verið farið í að skoða þessi mál. „Það kom fljótt í ljós að ein hátíð myndi engan veginn duga til, að gera þessu víðfeðma viðfangsefni alvöru skil enda enginn skortur á framúrskarandi list kvenna á öllum sviðum.

Okkur langaði til þess að gera meira, það er margt sem bíður næsta árs og því verður næsta hátíð framhaldshátíð. Málið er að áhuginn hjá spennandi listamönnum víða að úr heiminum er til staðar en það er ekki einfalt að koma fólki að í þessum nokkurra vikna glugga sem listahátíðin er ár hvert.“

Hanna leggur einnig mikla áherslu á að það eru fleiri verkefni sem brenna á hátíðinni. Stór hluti hátíðarinnar fer fram í miðborginni og mikil áhersla er lögð á viðburði utan miðasölu og aðgengismál almennt. „Á síðustu hátíðum hefur of lítið farið fyrir opnum og almennum viðburðum að okkar mati en nú erum við með viðburði sem allir geta notið. Þar rísa Guerilla Girls og BANDALOOP hvað hæst á opnunarhátíðinni en það er sitthvað fleira spennandi í farvatninu.“

Í undirbúningi eru aðgerðir til til að gera vefsíðu, viðburði og sýningar hátíðarinnar aðgengilegar öllum notendum. En auk þess er leitast við að auka efnahagslegt aðgengi eins og kostur er. „Opnanir á myndlistarsýningar eru öllum opnar og er myndlistin þannig sérstaklega aðgengileg. Að auki reynum við eins og frekast er unnt að halda miðaverði á viðburði í lágmarki. Þá kynnum við nú til sögunnar sérstakt afsláttarkort sem gengur undir heitinu Vinur Listahátíðar sem kostar 3.900 kr. Með því má fá 30% afslátt frá miðaverði og allt að 50% afslátt á sýningardegi. Þannig að það er þó alltént hægt að taka sénsinn á að ekki seljist upp og njóta umtalsverðra afsláttarkjara. Það sem mestu skiptir er að sem flestir nái að njóta alls þess sem hátíðin hefur að bjóða.“

Það er óhætt að fullyrða að það er fjöldi spennandi viðburða í farvatninu á Listahátíð Reykjavíkur og allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Það er alltént alltof langt mál að ætla að gera öllu skil í þessum fátæklegu orðum og því um að gera fyrir fólk að kynna sér dagskrána á næstunni og njóta svo listarinnar með hækkandi sól.

**magnus@frettabladid.is**

# Górillustelpur og klifurdans

**Tveir heimsfrægir listhópar opna Listahátíð Reykjavíkur í ár með opnum viðburðum miðborginni sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara.**

Opnunarhátíðin þann 13. maí mun endurspegla markmið aðstandendanna að góðu aðgengi almennings að listviðburðum. Þann dag verður afhjúpað nýtt verk eftir myndlistarhópinn Guerilla Girls sem samanstendur af sjö myndlistarkonum sem eru þekktar fyrir baráttu sína fyrir jafnrétti í listheiminum og hafa beitt fyrir sig húmor í fjölda spennandi verka á liðnum þrjátíu árum. Guerilla Girls eru forsíðuefni Listahátíðar í ár enda samnefnari fyrir áhersluna á höfundarverk kvenna, ritskoðun og réttindabaráttu almennt.

Opnunaratriðið sjálft er hins vegar á ystu nöf samfélagsins í bókstaflegri merkingu. Þar er á ferðinni bandaríski dansflokkurinn BANDALOOP undir stjórn Ameliu Rudolph sem hefur leitt flokk sinn fram á ystu brún skýjakljúfa og klettabjarga víðsvegar um heim. BANDALOOP sérhæfir sig í lóðréttum dansi og er bakgrunnur listræns stjórnanda ekki einungis í dansi heldur einnig klettaklifri. Þessi heimsþekkti danshópur mun sýna þrjú verk á framhlið Aðalstrætis 6 við opnun Listahátíðarinnar og því um að gera fyrir Reykvíkinga sem og aðra unnendur klettaklifurs, danslistar og spennandi menningarviðburða í orðsins fyllstu merkingu að fjölmenna í Aðalstrætið þann 13. maí.

**- mg**



**OPNUNARHÁTÍÐIN** Danshópurinn BANDALOOP ætlar að leika listir sínar utan á Aðalstræti 6 á opnunarhátíð Listahátíðarinnar.

EGF

# EGF **HÚÐVÖRUDAGAR** Í LYFJU

## DAGANA 9-12 APRÍL




## 20% AFSLÁTTUR
## Á KYNNINGARDÖGUM




**Kaupauki*ef keyptar eru EGF húðvörur fyrir 6.900 kr eða meira.**

**Fylgstu með á Facebook.com/EGFhudvorur**

*meðan birgðir endast

Íslensk nýsköpun,
hugvit og framleiðsla

LYFJA
- Lífið heil

# FIMMTUDAGUR

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**09. APRÍL 2015**

### Tónleikar

**19.30** Píanóleikarinn Shai Wosner flytur einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands á tónleikunum Meiri Mozart í Eldborgarsal Hörpunnar. Hljómsveitarstjóri verður Olari Elts og miðaverð frá 2.400 krónum.

**20.00** Hljómsveitirnar Caterpillarmen, Nolo og Mafama á Húrra í kvöld. 1.500 krónur inn.

**20.00** Hljómsveitin Four Leaves Left spilar á Hlemmur Square í kvöld.

**21.00** Saxófónleikarinn Daniel Rorke og gítarleikarinn Hilmar Jensson spila í Mengi í kvöld. Miðaverð er 2.000 krónur.

**21.00** Apparat Organ Quartet spilar á Kex Hostel í kvöld. Aðgangur er ókeypis.

**22.00** Hljómsveitin Flakk heldur tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangur er ókeypis.

### Leiklist

**19.00** Söngleikurinn Billy Elliot sýndur í Borgarleikhúsinu í kvöld. Miðaverð er 6.200 krónur.

**19.30** Fjalla-Eyvindur og Halla sýnd í Þjóðleikhúsinu í kvöld. Miðaverð frá 3.700 krónum.

**20.00** Norræni leikhópurinn Spindrift Theatre frumsýnir leikhúsverkið Carroll: Berserkur í Tjarnarbíói. Verkið er þáttökuleikhús og fjallar um hinar ólíku hliðar mannsins og verkið verður alls sýnt átta sinnum. Miðaverð 3.500 krónur.

### Opnanir

**17.00** Sýning myndlistarmannsins Tryggva Þórhallssonar, Apríl er grimmastur mánaða, verður opnuð í Gallerí Gróttu í dag. Þar sýnir Tryggvi vatnslitamyndir sem hann tengir við árstíðaskipti, nafn sýningarinnar kallast á við sýningartímann og viðfangsefnið.

**17.00** Myndlistarmaðurinn Magnús Helgason opnar sýninguna INNRA-MINNI í Týsgalleríi.

### Sýningar

**20.00** Tískusýning annars árs nema í fatahönnun við Listaháskóla Íslands í Norðurljósasal Hörpu. Aðgangur er ókeypis.

### Uppákomur

**17.00** Verkfræðinemar við Háskóla Íslands í liðinu Team Spark afhjúpa kappakstursbílinn TS15 á Háskólatorgi. Unnið hefur verið að smíð bílsins í vetur í samstarfi við nema við Listaháskóla Íslands. Boðið verður upp á léttar veitingar.

### Ljósmyndasýningar

**17.00** Sýningin Það sem ég sé, með verkum eftir spænsku listakonuna Lauru Andrés Esteban í Skotinu Ljósmyndasafni Reykjavíkur.

### Uppistand

**21.30** Uppistandskvöld á Bar 11 í kvöld. 1.000 krónur inn.

### Tónlist

**21.00** Dj Mamma þeytir skífum á BarAnanas í kvöld.

**21.00** Trúbadorarnir Alexander og Guðmann á English Pub í kvöld.

**22.00** Trúbadorinn Roland á Dubliner í kvöld.

**22.00** Dj KGB þeytir skífum á Prikinu í kvöld.

**23.00** Dj Kocoon þeytir skífum á Kaffibarnum í kvöld.

### Leiðsögn

**12.15** Leiðsögn um sýninguna Með bakið að framtíðinni, með verkum eftir Jan Voss í Listasafninu á Akureyri.

### Fyrirlestrar

**12.10** Þórdís Erla Ágústsdóttir flytur fyrirlesturinn Hvers vegna? Hugleiðingar um ljósmyndun mína? þar sem hún fjallar um verk sín á sýningunni Sögur frá Reykjavík sem nú stendur yfir í Kubbnum Ljósmyndasafni Reykjavíkur. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

**16.30** Haukur Þorgeirsson flytur fyrirlestur um stílfræðileg líkindi Egils sögu og Heimskringlu á fyrirlestri hjá Miðaldastofu Háskóla Íslands í stofu 101, Odda.

**20.00** Dr. Mads Gilbert, svæfingarlæknir, prófessor og yfirlæknir í Tromsö hefur stundað sjálfboðastörf á Shifa-sjúkrahúsinu á Gasa. Mads Gilbert verður með fyrirlestur á vegum Félagsins Ísland-Palestína í Iðnó.



### Hátíðir

**20.00** Stuttmyndahátíðin Reykjavík Shorts & Docs hefst í Bíói Paradís. Heimildarmyndirnar Bannað að vera fáviti og Jurek eru opnunarmyndir hátíðarinnar í ár. Miðaverð 1.400 krónur.

**21.00** Snjóbretta- og tónlistarhátíðin AK Extreme hefst á Akureyri í dag og stendur til 12. apríl. Meðal tónlistarmanna sem koma fram í Sjallanum eru Agent Fresco, Úlfur Úlfur, Emmsjé Gauti, Gísli Pálmi og Friðrik Dór. Miðaverð er 3.900 krónur.



*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.*





ÞÓR BREIÐFJÖRÐ
EYÞÓR INGI
RAGGA GRÖNDAL
BJÖRN JÖRUNDUR
ÓLAFUR EGILSSON
JÓHANN SIGURÐARSON
MAGNI ÁSGEIRS
VIÐ ÞÖKKUM FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR!
„Þetta var stórkostlegt. Gæsahúð, tár og allur pakkinn“
„Ógleymanlegt kvöld, takk fyrir mig!“
„Takk fyrir flottustu sýningu sem ég hef séð.“
„Frábær sýning, er ennþá með gæsahúð!“
„Geggjaðir tónleikar.... 13 af 10 mögulegum!!“
„Svona á að gera þetta! Frábært show!“
„Mögnuð upplifun, takk endalaust fyrir að leyfa okkur að njóta.“
*UMSAGNIR TÓNLEIKAGESTA Á WWW.FACEBOOK.COM/JCSCONCERT
JCS LOGO AND ARTWORK © & ™ THE REALLY USEFUL GROUP LTD.
JESUS CHRIST SUPERSTAR
TÓNLIST ANDREW LLOYD WEBBER
TEXTI TIM RICE
AUKATÓNLEIKAR
LAUGARDAGINN 16. MAÍ Í ELDBORG
MIÐASALA HEFST KL. 10 Í DAG

## AFMÆLISBARN DAGSINS



**29 ára Leighton Meester**

**Þekktust fyrir:** Gossip Girl

## BÍÓFRÉTTIR

### Verða með í Tron 2

Aðdáendur Tron-ævintýramyndanna geta svo sannarlega glaðst, því bæði **Olivia Wilde** og Gattett Hedlund hafa tilkynnt að þau ætli að taka að sér hlutverk í framhaldsmyndinni. Upprunalega Tron-myndin frá 1982 naut ekki mikillar velgengni en þegar hún var endurgerð í leikstjórn Josephs Kosinski árið 2010 þénaði hún alls 400 milljónir dollara um allan heim. Áætlað er að tökur á framhaldsmyndinni hefjist í árslok.



## FRUMSÝNINGAR



**She's Funny That Way**

**Gamanmynd**

**Helstu leikarar:** Jennifer Aniston, Lucy Punch, Quentin Tarantino, Owen Wilson.

IMDb 6,6/10



**Blóðberg**

**Gamanmynd**

**Helstu leikarar:** Harpa Arnardóttir, Sveinn Ólafur Gunnarsson, Margrét Guðmundsdóttir, Þórunn A. Kristjánsdóttir.

IMDb 8,3/10



**Run All Night**

**Spennumynd**

**Helstu leikarar:** Liam Neeson, Ed Harris, Joel Kinnaman.

IMDb 7,1/10 Rotten Tomatoes 60%



**FARSÆLL** Ask Hasselbalch stefnir á að gera þriðju myndina um maurastrákinn. FRÉTTABLAÐIÐ/NORDIC PHOTOS



**OFURSTRÁKUR** Antboy er ósköp venjulegur strákur með ofurkrafta. FRÉTTABLAÐIÐ/NORDIC PHOTOS

# Danski ofurstrákurinn snýr aftur

Antboy: Rauða refsinornin fer sigurför um Evrópu. Leikstjórinn Ask Hasselbalch stefnir á að gera þríleik um maurastrákinn Pelle.

Danska ofurhetjan Antboy hefur snúið aftur á hvíta tjaldið í kvikmyndinni Antboy: Rauða refsinornin sem er sýnd þessa dagana í Bíói Paradís. Myndirnar eru byggðar á skáldsögum eftir danska rithöfundinn Kenneth Bøgh Andersen. Sögurnar fjalla um Pelle, ósköp venjulegan dreng sem berst gegn glæpum sem ofurhetjan Antboy.

Í fyrstu myndinni berst hann við hina illræmdu Pöddu sem að endingu er komið fyrir á geðsjúkrahúsi.

Þegar hér er komið sögu nýtur Pelle lífsins sem leynileg ofurhetja. En ofurkraftar hans auðvelda honum ekki að ná hylli Idu, vinkonu hans. Sérstaklega ekki þegar hinn óþolandi Christian birtist og veitir honum harða samkeppni.

Leikstjóri myndarinnar er Ask Hasselbalch en hann segist hafa verið í vafa um hvort hann ætti að gera framhaldsmynd eftir velgengni fyrri myndarinnar.

„Það væru listræn mistök að gera aðra mynd í sama dúr, ég vildi forðast það," segir Ask.

„Við vildum víkka út söguheiminn, sýna meira af bænum og gefa sögupersónunum meiri dýpt. Ég fékk tækifæri til að prófa mig örlítið áfram og gera mynd sem er sjónrænt mjög ólík fyrri myndinni."

Ask segir seinni myndina hafa ögn alvarlegri undirtón en þá fyrri. Myndin hefur þó ekki glatað afþreyingargildi sínu og er stórskemmtileg á köflum að sögn leikstjórans. Hann segir að þegar hann gerði fyrri myndina hafi hann reynt að gera mynd sem hann hefði sjálfur viljað sjá þegar hann var 10 ára gamall. Myndin var undir áhrifum 9. áratugarins og einkenndist örlítið af fortíðarþrá. „Seinni myndin er nútímalegri og framsýnni."

Aðspurður segist leikstjórinn hafa mikinn áhuga á að gera Antboy-þríleik og hann er þegar byrjaður að skrifa handritið að þriðju myndinni. Hvort myndin verði að veruleika segir hann velta á því hvernig Antboy 2 muni ganga. Myndin var frumsýnd í Danmörku um síðustu jól og hefur notið mikilla vinsælda. Hún vann verðlaun sem besta barna- og unglingamyndin á Robert-kvikmyndahátíðinni í Danmörku. Síðan þá hefur hún ferðast milli kvikmyndahátíða og hefur verið tilnefnd til Kristalsbjarnarins sem besta myndin af barna- og unglingadómnefndinni á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Berlín. - sgg

## Um leikstjórann

- Lærði í Konunglega kvikmyndaskólanum í Danmörku
- Antboy var fyrsta kvikmyndin hans í fullri lengd
- Er með tvær kvikmyndir í fullri lengd í bígerð, fyrir utan Antboy 3
- Hefur leikstýrt fjölda stuttmynda og auglýsinga
- Fékk verðlaun fyrir bestu hreyfimyndina á Cosmic Zoom-kvikmyndahátíðinni árið 2002
- Þær kvikmyndir sem hafa haft mest áhrif á hann eru RoboCop frá 1987 og The Thing frá 1982

Vopnafjarðarskóli

**Íþróttakennari óskast**

Vopnafjarðarskóli auglýsir eftir íþróttakennara fyrir næsta skólaár. Skólinn hefur lagt áherslu á íþróttakennslu með fleiri íþróttatímum en ætlast er til. Þá er skólinn þátttakandi í verkefninu heilsueflandi grunnskóli. Mikilvægt er að viðkomandi sé áhugasamur og skipulagður. Möguleiki er á flutningsstyrk og húsnæðishlunnindum.

**Upplýsingar hjá skólastjóra í síma 8614256, adalbjorn@vopnaskoli.is**

TRAUSTI fasteignasala



Guðbjörg G. Sveinbjörnsdóttir
Löggiltur fasteignasali



Kristján Baldursson hdl.
Löggiltur fasteignasali og leigumiðlari

**ASPARHOLT 5 - 3JA HÆÐ TIL VINSTRI**




**OPIÐ HÚS FIMMTUDAGINN 9. APRÍL KLUKKAN 18.00-18.30**
Rúmgóð og björt 4ra herbergja endaíbúð 116,8 fm. á efstu hæð í 3ja hæða fjölbýli. Stofa opin við eldhús og útgengt út á stórar svalir. Sérinngangur er inn í íbúðina og fallegt útsýni.
Þvottahús og geymsla innan íbúðar. Tvö bílastæði fylgja eigninni.
**Ásett verð 32,9 millj.**

Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is, s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík




Góð íbúð 3ja herbergja stærð 90,1 m²
Gott eldhús með U laga innréttingu
Stofa með útgengi á svalir
Geymsla og sameinginlegt
þvottahús í kjallara
Barnvænt hverfi

Verð: 23,9 millj.



Nánari upplýsingar veitir
**Jórunn Skúladóttir**
sölufulltrúi
sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is



**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

FASTEIGNASALAN MIKLABORG 569 7000 Lágmúla 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -


STEFNDU HÆRRA
NÁÐU LENGRA
25%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM NIKE BUXUM OG ÍÞRÓTTABRJÓSTAHÖLDURUM
ÚTILÍF
síðan 1974
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is

# LÍFIÐ

## TÍST VIKUNNAR BEAUTY TIPS, AFHJÚPUN OG GOLFSTRAUMURINN



**Sunna Ben**
**@SunnaBen**
**6. apríl**
Pegar maður er búinn að vera að mixxa geggjaðan smúþí í lengri tíma en kötturinn nær að stinga tungunni á bólakaf í hann á undan manni =:'(



**Þorsteinn Guðmunds**
**@Thorsteinn-Gud**
**7. apríl**
Nennið þið að kveikja á golfstraumnum aftur takk.



**Þóra Tómasdóttir**
**@thoratomas**
**5. apríl**
tímabundin uppgjöf á kvenleika: nagaði neglurnar niður í kviku. Já. #nails



**Manuela Ósk**
**@manuelaosk**
**6. apríl**
Ef þið viljið lifa góðu lífi, ekki kommenta á status á Beauty Tips #notetoself



**Hrafn Jónsson**
**@hrafnjonsson**
**7. apríl**
Afhjúpun: Svona fjórum sinnum á ári gleymi ég hvort laugardagur sé skrifaður með r-i eða ekki. Þarf að googla. Skammast mín svo í korter.



**Björn Bragi**
**@bjornbragi**
**7. apríl**
„Veistu hvað mig dreymdi í nótt?“
– Nei og það vill enginn heyra það!

# FRÆGA FÓLKIÐ Á FERÐ OG FLUGI

**Það er aldrei lognmolla í kringum fræga fólkið sem þarf að sinna ýmsum verkefnum. Skella sér á Segway, Lakersleik og frumsýningar. Að sjálfsögðu eru ljósmyndarar aldrei langt undan og mynda allt sem fram fer.**



**Í STUÐI** Kevin James var svo sannarlega í góðum gír á Segway í þættinum ¡Despierta América! en James er sjálfsagt best þekktur fyrir hlutverk sitt í The King of Queens.



**BROSMILD** Kristen Stewart skellti í bros og friðarmerki þar sem hún sat fyrir svörum um kvikmyndina Clouds of Sils Maria sem hún fer með eitt af aðalhlutverkunum í.



**ALSÆLL** Leikarinn Vin Diesel er alltaf í stuði og á því varð engin breyting í síðustu viku þegar hann brá á leik á frumsýningu.




**PRINS** Harry er alltaf á ferð og flugi en hann skellti sér til Ástralíu á annan í páskum.



**HRESS** Leikkonan Sophia Bush er sjálfsagt best þekkt fyrir hlutverk sitt í sjónvarpsþáttunum One Tree Hill, hér er hún í góðum gír er hún heimsótti sjónvarpsþáttinn Extra á dögunum.



**TÖFFARI** Leikarinn Jason Biggs heimsótti SiriusXM Studios á dögunum og stillti sér að sjálfsögðu upp fyrir ljósmyndara.

# DEBENHAMS

# *Sterkari saman*

Hámarkaðu virknina á þínu uppáhalds dagkremi með Double Serum.




CLARINS

Clarins kynning í Debenhams dagana 9. – 15. apríl.
Sérfræðingur Clarins verður á staðnum til að veita þér faglega ráðgjöf.

## GJÖFIN ÞÍN

Hydraquench Cream Mask 15ml.
Cleansing Milk 50ml.
Toning Lotion 50ml.
Instant Concealer 5ml.
Inst. Light Lip Comfort Oil 2.8ml.

VERÐGILDI 7.300 kr.




*Þegar verslaðar eru tvær vörur fylgir falleg gjöf.*

Finndu okkur á facebook

*Gerðu lífið skemmtilegra*

DEBENHAMS – SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

# Afar sæl keravænt lasanja með rjómakremi

Það er fátt sem jafnast á við gott heimagert lasanja og ekki verra ef það er borið fram með nýbökuðu brauði.



Fimmtudagur er stundum kallaður litli föstudagur og er þá skírskotun í hinn danska lille fredag. Vikan er alveg að klárast og því ekki úr vegi að dekra við bragðlaukana á lokasprettinum. Lasanja með rjómakremi ætti því að skora ansi hátt hjá flestum.

**Lasanja með rjómakremi**

- 600 g nautahakk
- 1 stór gulur laukur
- 1 kúrbítur
- 1 dl balsamik edik
- 1 dós hakkaðir tómatar
- jurtasalt
- pipar
- smá sykur
- oregano, timjan og marjoram
- 3 dl sýrður rjómi
- 2 dl rjómi
- jurtasalt
- 2 dl rifinn ostur
- lasanja-plötur

Hitið ofninn í 200°C. Afhýðið og fínhakkið laukinn, skerið kúrbítinn í litla bita og mýkið á pönnu. Takið af pönnunni og steikið nautahakkið.

Þegar nautahakkið er tilbúið þá er kúrbítnum og lauknum bætt aftur á pönnuna ásamt balsamik ediki, tómötum, jurtasalti, pipar, sykri og kryddjurtum og leyft að sjóða um stund. Hrærið saman sýrða rjómanum, rjómanum og jurtasaltinu þar til það verður að þykku kremi.

Takið eldfast mót og setjið til skiptis lag af kjötsósunni og lasagna-plötur. Endið á kjötsósunni og hellið rjómakreminu yfir. Setjið að lokum rifinn ost yfir og bakið neðarlega í ofninum í um 30 mínútur.

Berið fram með góðu salati og hvítlauksbrauði.

*Uppskrift fengin af ljufmeti.com*



**HNAKKRÍFAST** Líkur eru á að parið hafi ekki séð sér annan kost færan en að taka sér pásu. FRÉTTABLAÐIÐ/NORDICPHOTOS

## Spiderman-sambandspása

Spiderman-kærustuparið Emma Stone og Andrew Garfield hefur tekið sér pásu frá sambandinu. Stone og Garfield hafa verið saman undanfarin þrjú ár en nú hefur kastast í kekki. Heimildarmenn segja parið rífast ótæpilega.

Það þykir jafnframt renna stoðum undir sögusagnirnar að Stone, sem tilnefnd var til Óskarsverðlauna fyrir hlutverk sitt í myndinni Birdman, mætti ein síns liðs á rauða dregilinn. Parið hefur ekki sést saman á mynd síðan í janúar síðastliðnum og þykir það vísbending um að ekki sé allt með felldu.

# ÞIÐ ERUÐ ALVEG KLIKKUÐ AÐ HAFA BÓKAÐ MIG

Uppistandarinn Jason Rouse, oft kallaður hirðfíflið frá helvíti, mun skemmta landanum í júní. Í samtali við Fréttablaðið sagðist hann spenntur fyrir komunni og hreina loftinu og ætlar að fá sér svið og djúpsteikta pylsu.

Væntanlegur hingað til lands er einn óheflaðasti og kjaftforasti uppistandarinn í dag, hinn bandaríski Jason Rouse. Hann segist vera nokkuð spenntur yfir að heimsækja Klakann í fyrsta sinn. „Ég er búinn að reyna að koma hingað í sex ár. Ég hef verið með uppistandssýningar í Svíþjóð, Finnlandi, Noregi og í Danmörku síðustu 7-8 ár, en einhvern veginn aldrei komið hingað. Ísland hefur alltaf verið á tossalistanum hjá mér,“ segir Rouse, en hann mun halda uppistand í Háskólabíói þann 5. júní.

„Þið hljótið að vera ansi klikkuð að hafa bókað mig hingað. En ég get lofað því að í lok sýningarinnar verða allir áhorfendur komnir með Stokkhólmsheilkenni,“ segir uppistandarinn umdeildi.

Líkt og fyrir fleiri erlendum gestum er Ísland fullkomin paradís í hans augum. „Þegar ég hugsa um Ísland dettur mér í hug ferskt loft og hreint vatn. Fyrir mér er Ísland eins og ævintýralandið Narnía.“ Rouse kveðst vera við öllu búinn og ætlar hvorki að láta óútreiknanlega íslenska veðrið né neitt annað á sig fá. „Ég verð vel varinn fyrir öllu,“ segir hann og hlær.

**„Ég ætla að túristast eitthvað, skoða landið og smakka íslenskan mat. Svið og djúpsteikt pylsa með kartöflusalati er eitthvað sem mér er sagt að ég verði að prófa. Svo þarf ég að fara í túristaferð og skoða heitu hverina og kíkja á næturlífið.**

Rouse vonast til þess að geta notað ferðina og skoðað landið í leiðinni. „Ég ætla að túristast eitthvað, skoða landið og smakka íslenskan mat. Svið og djúpsteikt pylsa með kartöflusalati er eitthvað sem mér er sagt að ég verði að prófa. Svo þarf ég að fara í túristaferð og skoða heitu hverina og kíkja á næturlífið. Í framhaldinu hafði ég hugsaði mér að stofna fjölskyldu hérna, þannig að vonandi get ég bara verið hér um óákveðinn tíma,“ bætir hann við og hlær.

**- asi**



**BEITTUR** Uppistandarinn segir Íslendinga klikkaða að hafa bókað hann.




HNJÁHLÍFAR



HÁSINA- OG ÖKKLAHLÍFAR



OLNBOGAHLÍFAR

Íþróttastuðningshlífar

Mikið úrval af stuðningshlífum frá Sporlastic.
Vandaðar vörur á góðu verði.

Sporlastic vörurnar fást einnig í ýmsum apótekum.

FASTUS_H_28.04.15

SPORLASTIC

FASTUS
Veit á vandaða lausn

Verið velkomin í verslun okkar að Síðumúla 16, 2.h. Opið mán - fös 8.30 - 17.00
Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900 • www.fastus.is

# SÓLPALLA RÁÐGJÖF

## FÁÐU TILBOÐ OG TEIKNINGU Í ÞRÍVÍDD

### VIÐ TEIKNUM FYRIR ÞIG PALLINN

Bjarnheiður Erlendsdóttir garðahönnuður veitir þér ráðgjöf og vinnur með þér hugmynd af draumasólpallinum þínum í þrívídd. Hálftíma ráðgjöf kostar aðeins 5.390 kr. Sú upphæð fæst endurgreidd við kaup á efni.

**Tímapantanir í síma 525 3000**





### FÁÐU VERÐTILBOÐ Í SÓLPALLINN

Sérfræðingar okkar hafa áratuga reynslu í smíði og gerð sólpalla. Við ráðleggjum þér og efnistökum, gefum þér gott verð í sólpallinn og leggjum metnað okkar í góða þjónustu og gott verð. Sólpallurinn er okkar sérfag.

### 5 ÁRA ÁBYRGÐ OG 100% VERÐÖRYGGI MEÐ P5 ÁBYRGÐ

Sólpöllum frá Húsasmiðjunni fylgir P5 ábyrgð, 5 ára ábyrgð á sólpallinum og 100% verðöryggi. Það margborgar sig að versla pallaefnið á réttum stað.

P5 ÁBYRGÐ

**LÆGRA VERÐ**

100% verðöryggi og 5 ára ábyrgð fyrir sólpallinn þinn



HÚSASMIÐJAN

HLUTI AF BYGMA










# Frelsið er yndislegt

**BAKÞANKAR**
Frosta Logasonar



Ég er einn af þeim sem hafa alltaf verið frekar vísindalega þenkjandi um leið og ég hef ekki átt mikla samleið með hugmyndum sem byggjast á blindri trú á hið yfirnáttúrulega. Það hefur þó ekki þýtt að ég afneiti öllum andlegum málum enda er það mín skoðun að slík mál heyri fyrst og fremst undir leikfimi hugans og falli því síður undir kreddukenndar hugmyndir rykfallinna trúarbragða.

**LENGI** vel hef ég verið áhugasamur um margs konar austrænar hugleiðsluaðferðir og hugmyndir án þess þó að hafa kynnt mér hvernig þær í raun og veru virka og hvað þær hafa upp á að bjóða.

**ÞÓ** hef ég sótt reglulega hugleiðslufundi og meira að segja tekið þátt í einni hugleiðsluhelgi. Þá var ég lokaður af á afviknum stað úti í sveit ásamt áhugaverðum hópi fólks sem skartaði misjafnlega miklu af slöngulokkakrullum, kyrjaði möntrur og slafraði í sig alls kyns grænmetisrétti í öll mál. Það var áhugavert.

**EN** vandamál mitt lengst framan af var að ég gaf mér alltaf kolrangar forsendur fyrir því hvað það í raun og veru er að stunda hugleiðslu. Ég gerði mér grein fyrir að best væri að sitja með beint bakið, krossleggja lappirnar og fylgjast svo með andardrættinum dragast inn og út þangað til andinn helltist yfir mig og ég yrði eins og góð íslensk pylsa. Einn með öllu.

**EN** þá hófst miskilningurinn. Ég fór nefnilega að hugleiða allt milli himins og jarðar. Hvað ætti að vera í matinn í kvöld, af hverju Sigmundur Davíð og Hanna Birna væru með vinsælli Facebook-síður en X-ið 977 eða hvers konar bjánar það væru sem sáu eitthvað kynferðislegt út úr Free the Nipple-átakinu.

**NÝVERIÐ** var mér svo loksins bent á að hugleiðsla gengur ekki út á að hugleiða hlutina heldur hið gagnstæða. Hugleiðsla, þegar hún heppnast vel, kúplar mig út úr því hugsanaflóði sem ég er að drukkna í á degi hverjum, frá morgni til kvölds. Hugsunum sem ef væri útvarpað á meðal almennings kæmu mér hæglega inn á lokaða stofnun og lyklinum hent á eftir.

**ÞESSI** uppgötvun færði mér langþráð frelsi og það er innan seilingar fyrir alla. Væmið en yndislegt, ekki satt?

# Fyndnar og skemmtilegar senur fæddar úr óhöppum

Leikfélag Menntaskólans við Hamrahlíð frumsýnir í kvöld verkið Stofufangelsi sem leikstýrt er af Dóra DNA.

Leikfélag Menntaskólans við Hamrahlíð frumsýnir í kvöld í Undirheimum, svartri og gluggalausri kompu í skólanum, leiksýninguna Stofufangelsið. „Það fjallar um manneskjurnar í kvikmyndunum og kvikmyndina í okkur, það er svolítið lykilsetningin sem við höfum verið að vinna með,“ segir Tryggvi Björnsson, einn af meðlimum leikfélagsráðs og leikari í verkinu.

„Þetta er verk sem er skapað af leikhópnum í samstarfi við leikstjóra og er sett saman yfir langt ferli og úr ólíkum senum sem koma saman til að mynda eina heild,“ segir Tryggvi.

Leikstjóri verksins er Halldór Halldórsson, sem er sjálfsagt betur þekktur sem Dóri DNA, og aðstoðarleikstjóri er Oddur Júlíusson.

Vinnuferlið hefur að sögn Tryggva verið hið skemmtilegasta en hópurinn var settur saman í janúar. „Það hafa fæðst ótrúlega fyndnar og skemmtilegar senur út frá óhöppum og misskilningi. Ef við sjáum eitthvað fæðast þá reynum við að grípa það á lofti og færa það inn í sýninguna,“ segir hann hress og segir ekki mikið stress í hópnum fyrir frumsýninguna í kvöld. „Það er svo mikið afrek að fá loksins að frumsýna þegar maður er búinn að leggja svona mikla vinnu í að skapa, þá er frelsandi og verðlaunandi að fá loksins að sýna. Maður getur ekki verið stressaður fyrir því.“

Uppselt er á frumsýninguna en alls verður verkið sýnt átta sinnum. -gló



**GÓÐUR HÓPUR** Hér má sjá leikstjóra og leikara verksins Stofufangelsi, en að sögn Tryggva hefur vinnuferli sýningarinnar verið afar skemmtilegt. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Brestur á með nostalgíuköstum á Þjóðhátíð

Hljómsveitirnar Sóldögg, Maus og Land og synir munu blása í gamlar glæður í Herjólfsdal í sumar. Hreimur Örn Heimisson lofar stórbrotinni sýningu þar sem öllu verður til tjaldað, aðeins þetta aleina kvöld.

Land og synir, Sóldögg og Maus hafa boðað komu sína á Þjóðhátíð í sumar og er óhætt að titla sem rúsínurnar í pylsuendanum. Hæglega verður hægt að tala um sannkallaða aldamótaveislu í dalnum í ár og þar af leiðandi gríðarlega stemningu. Fréttablaðið heyrði í Hreimi Erni Heimissyni, söngvara hljómsveitarinnar Lands og sona, sem var ein sú vinsælasta á landinu frá árinu 1997 til 2008.

„Við erum ofboðslega spenntir, Eyjamenn eiga náttúrulega heilmikið í okkur enda höfum við spilað margsinnis á Þjóðhátíð. Við hlökkum mikið til að stíga aftur á sviðið í Herjólfsdal,“ segir Hreimur. „Ætlum að setja háan standard, leggja mikið í þetta og gera flott „show“,“ segir Hreimur og útilokar ekki að með þeim slæðist á svið leynigestur.

Hreimur þvertekur fyrir að endurkoma sveitarinnar sé upphaf að frekara framhaldi hjá sveitinni ástsælu. „Þetta er aðeins eitt kvöld, en ég þykist viss um að við munum koma aftur saman árið 2017, en þá fögnum við tuttugu ára afmæli,“ upplýsir hann glaður í bragði.

Hreimur segist ekki smeykur við að bjóða unga fólkinu í dalnum upp á smelli á borð við Vöðvastæltur eða Ástarfár, þar sem lögin virðast lifa góðu lífi og ferðast milli kynslóða. „Leikskólabörn kunna Lífið er yndislegt, svo ég er ekki stressaður,“ segir hann að lokum og viðurkennir að hann finni örlítið til sín þegar unga fólkið tekur hástöfum undir. - ga



**HLAKKAR TIL** Hreimur segist alltaf til í að henda í nýtt Þjóðhátíðarlag, en segist býsna ánægður með að Sálin hans Jóns míns sjái um það í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR







#FABRIKKAN
5 ÁRA
FIMMTUDAGINN 9. APRÍL
ÓKEYPIS
AFMÆLISÍS
FYRIR ALLA*
*gildir fimmtudaginn 9. apríl 2015
með keyptum aðalréttum
og barnamáltíðum
ÍSLENSKA
HAMB
ORGARA
FABRIK
KAN
2010

## Sópa Haukar nágrönnunum í sumarfrí?



Haukar og Valur geta í kvöld orðið fyrstu liðin sem tryggja sér sæti í undanúrslitum Olís-deildar karla í handbolta en þá fer fram leikur tvö í einvígjum liðanna í átta liða úrslitunum.
Haukar unnu 32-29 sigur á FH í Kaplakrika í leik eitt á þriðjudagskvöldið og geta því sópað nágrönnum sínum út úr úrslitakeppninni með sigri í Schenker-höllinni á Ásvöllum í kvöld en aðeins þarf að vinna tvo leiki í átta liða úrslitunum. Liðin mættust einnig í undanúrslitunum í fyrra og þá unnu Haukarnir þrjá síðustu leikina eftir að FH komst í 2-0.
Valur vann 22-16 sigur á Fram í leik eitt og deildarmeistararnir geta sent Framara í sumarfrí með sigri á heimavelli Framara í Safamýrinni.
Báðir leikirnir hefjast klukkan 19.30 í kvöld en vinni FH eða Fram þá tryggja þau sér oddaleik sem fer fram á sunnudaginn kemur.

## Grótta, Fram og ÍBV tryggðu sér sæti í undanúrslitunum í gær

**HANDBOLTI** Þrjú lið tryggðu sér sæti í undanúrslitum í úrslitakeppni Olís-deildar kvenna í gærkvöldi en Grótta, ÍBV og Fram unnu öll einvígi sín í átta liða úrslitunum 2-0.Þetta þýðir að tímabilið er búið hjá Haukum, Fylki og Selfossi.
Grótta og ÍBV mætast í undanúrslitunum en Framkonur þurfa að bíða þangað til um helgina til að fá að vita hvaða lið bíður liðsins í undanúrslitunum.
Stjarnan var nefnilega eina liðið sem náði að tryggja sér oddaleik en Stjarnan vann 21-16 sigur á Val á Hlíðarenda í gærkvöldi og fær því oddaleik á heimavelli sínum á laugardaginn. Þetta er þriðja árið í röð þar sem þessi lið spila hreinan úrslitaleik í úrslitakeppninni en Valskonur eru búnar að slá Garðbæinga út þrjú ár í röð. -óój



**ÁTTA MARKA KVÖLD** Helena Rut Örvarsdóttir fór fyrir sóknarleik Stjörnunnar í leiknum mikilvæga á móti Val í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## OLÍS DEILD KARLA
**8 LIÐA ÚRSLIT** **LEIKUR 1**

**AFTURELDING - ÍBV** **27-25 (11-8, 22-22)**
**Mörk Aftureldingar (skot):** Jóhann Gunnar Einarsson 12/4 (18/4), Örn Ingi Bjarkason 6 (11), Jóhann Jóhannsson 3 (5), Gunnar Þórsson 3 (6), Árni Bragi Eyjólfsson 2 (4), Pétur Júníusson 1 (5).
**Mörk ÍBV (skot):** Agnar Smári Jónsson 6 (11), Theodór Sigurbjörnsson 5/2 (6/3), Andri Heimir Friðriksson 5 (10), Grétar Þór Eyþórsson 4 (7), Guðni Ingvarsson 2 (3), Bergvin Haraldsson 2 (4), Hákon Daði Styrmisson 1 (2).

**ÍR - AKUREYRI** **24-20 (13-12)**
**Mörk ÍR (skot):** Sturla Ásgeirsson 8/6 (10/6), Arnar Birkir Hálfdánsson 6 (10), Björgvin Hólmgeirsson 3 (5), Bjarni Fritzson 2 (4), Davíð Georgsson 2 (6), Daníel Ingi Guðmundsson 2 (7), Sigurjón Friðbjörn Björnsson 1 (1).
**Mörk Akureyrar (skot):** Heiðar Þór Aðalsteinsson 11/8 (14/9), Kristján Orri Jóhannsson 5 (6), Nicklas Selvig 2 (8), Halldór Logi Árnason 1 (3), Sigþór Heimisson 1 (4).

## OLÍS DEILD KVENNA
**8 LIÐA ÚRSLIT** **LEIKUR 2**

**VALUR - STJARNAN** **16-21 (1-1)**
**Mörk Vals (skot):** Kristín Guðmundsdóttir 7/5 (17/5), Vigdís Birna Þorsteinsd. 3 (4), Bryndís Elín Wöhler 2 (5), Íris Ásta Pétursd. 2 (7), Aðalheiður Hreinsd. 1 (5), Sigurlaug Rúnarsdóttir 1 (5).
**Varin skot:** Berglind Íris Hansdóttir 14/1 (34/5, 41%), Lea Jerman (1/1, 0%),
**Mörk Stjörnunnar (skot):** Helena Rut Örvarsd.8 (16), Þórhildur Gunnarsd. 5/5 (7/5), Nataly Sæunn Valencia 2 (5), Sandra Sif Sigurjónsd. 1 (1), Stefanía Theodórsd. 1 (1), Esther Viktoría Ragnarsd. 1 (2), Guðrún Erla Bjarnad. 1 (2), Sólveig Lára Kjærnested 1 (3), Hanna G. Stefánsd. 1 (4/1).
**Varin skot:** Florentina Stanciu 16 (29/3, 55%), Heiða Ingólfsdóttir (3/2, 0%).

**SELFOSS - GRÓTTA** **21-29 (0-2)**
**Upplýsingar um markaskorara bárust ekki.**

**FYLKIR - FRAM** **19-22 (0-2)**
**Mörk Fylkis:** Thea Imani Sturlud.6, Patrícia Szölösi 3, Vera Pálsd. 3, Hildur Jóhannsd. 2, Sigrún Birna Arnard.1, Hildur Björnsd. 1, Kristjana Steinarsd. 1, Ólöf Þorsteinsd. 1, Rebekka Friðriksd. 1.
**Mörk Fram:** Ragnheiður Júlíusd.5, Elísabet Gunnarsd. 4, Marthe Sördal 3, Ásta Birna Gunnarsd. 3, Guðrún Þóra Hálfdánsd. 2, Steinunn Björnsd.2, Hulda Dagsd.2, Hekla Rún Ámundad.1.

**HAUKAR - ÍBV** **20-27 (0-2)**
**Mörk Hauka:** Karen Helga Díönud. 8, Gunnhildur Pétursd. 6, Ragnheiður Ragnarsd. 2, Áróra Eir Pálsd. 2, Karen Kolbeinsd. 1, Stefanía Sigurjónsd.1.
**Mörk ÍBV:** Díana Dögg Magnúsd. 8, Vera Lopes 6, Selma Rut Sigurbjörnsd. 3, Drífa Þorvaldsd. 3, Ester Óskarsd. 3, Elín Anna Baldursd. 2, Sandra Dís Sigurðard. 1, Arna Þyrí Ólafsd. 1.

## DOMINOS KVENNA
**UNDANÚRSLIT** **LEIKUR 1**

**SNÆFELL - GRINDAVÍK** **66-44 (26-21)**
**Snæfell:** Kristen Denise McCarthy 40/19 fráköst/5 stolnir, Gunnhildur Gunnarsdóttir 11/8 fráköst, Berglind Gunnarsdóttir 5, Helga Hjördís Björgvinsdóttir 5/5 fráköst, Alda Leif Jónsdóttir 3, Hildur Sigurðardóttir 2/10 fráköst/5 stoðsendingar.
**Grindavík:** Kristina King 18/11 fráköst, Petrúnella Skúladóttir 10/12 fráköst, Pálína María Gunnlaugsdóttir 7/9 fráköst, Jeanne Lois Figeroa Sicat 4, Lilja Ósk Sigmarsdóttir 2, Jóhanna Rún Styrmisdóttir 2, Guðlaug Björt Júlíusdóttir 1.

**KEFLAVÍK - HAUKAR** **82-51 (43-26)**
**Keflavík:** Carmen Tyson-Thomas 33/14 fráköst, Sara Rún Hinriksdóttir 14, Ingunn Embla Kristínardóttir 7, Marín Laufey Davíðsdóttir 6, Lovísa Falsdóttir 5, Emelía Ósk Gunnarsdóttir 4 Bryndís Guðmundsdóttir 4/8 fráköst, Sandra Lind Þrastardóttir 3, Thelma Dís Ágústsdóttir 2, Birna Valgarðsdóttir 2, Hallveig Jónsdóttir 2.
**Haukar:** LeLe Hardy 15/6 fráköst/7 stolnir Sólrún Inga Gísladóttir 8, María Lind Sigurðardóttir 8, Dagbjört Samúelsdóttir 7, Guðrún Ámundadóttir 5, Rósa Pétursdóttir 2, Dýrfinna Arnardóttir 2, Þóra Jónsdóttir 2, Sylvía Rún Hálfdanardóttir 2.

**Lele Hardy** var borin af velli í leiknum og spilaði ekkert eftir það. Þetta gætu verið mjög slæmar fréttir fyrir Haukaliðið sem treystir mjög mikið á hennar framlag.



**EINBEITTUR** Logi Gunnarsson spilaði frábærlega til að byrja með á móti KR í fyrsta leiknum en lenti snemma í villuvandræðum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Alltaf 160 körfur á leikdag

Njarðvík reynir að svara fyrir skellinn sem liðið fékk í fyrsta leiknum gegn KR í undanúrslitum Domino's-deildar karla í Ljónagryfjunni í kvöld. Logi Gunnarsson segir engan ótta í Njarðvíkingum fyrir leikinn.

**KÖRFUBOLTI** „Við erum bara brattir," segir Logi Gunnarsson, leikmaður Njarðvíkur, við Fréttablaðið, aðspurður hvernig andinn sé í herbúðum Njarðvíkinga eftir skellinn sem liðið fékk í fyrsta leiknum gegn Íslands- og deildarmeisturum KR í undanúrslitum Domino's-deildar karla í körfubolta. Annar leikur liðanna fer fram í Ljónagryfjunni í kvöld.

„Við förum bara á æfingar á milli þessara leikja og reynum að fínpússa þá hluti sem miður fóru. Við reynum að breyta einhverju hjá okkur en stressum okkur ekkert yfir því hversu slakir við vorum í sóknarleiknum," segir Logi.

### Verðum að halda áfram

Njarðvíkingar töpuðu fyrsta leiknum með 17 stigum og skoruðu aðeins 32 stig í þremur síðustu leikhlutunum eftir að skora 28 í þeim fyrsta og vera ellefu stigum yfir, 33-22, í byrjun annars leikhluta.

„Þetta hrundi allt hjá okkur," segir Logi. „Mér fannst við verða ragir þegar þeir komu með þetta áhlaup og jöfnuðu leikinn. Þeir sýndu meiri grimmd í varnarleiknum og við vorum ekki eins ákveðnir og þegar við komumst í þessa góðu forystu."

Logi byrjaði leikinn frábærlega og skoraði 17 stig á fyrstu tólf mínútunum áður en hann þurfti frá að hverfa úr fyrri hálfleikinn eftir að fá sína þriðju villu.

„Það hafði auðvitað sitt að segja. Við náðum bara aldrei taktinum aftur og vorum fljótlega komnir út úr því sem við ætluðum að gera. Þetta gerðist hjá KR líka í byrjun leiks en þeir héldu áfram og það verðum við að gera líka," segir Logi sem hefur ekki áhyggjur af Njarðvík þó liðið hafi spilað illa í einum leik í úrslitakeppninni.

„Ég held að ef við spilum eins og á móti Stjörnunni í átta liða úrslitum verði þetta allt í lagi. Þó það komi vondar sóknir inn á milli megum við ekki hætta að gera það sem við ætlum að gera. Nú höfum við átt einn slakan leik af sex í úrslitakeppninni en það kostaði þó ekki meira en það."

Logi segir engan ótta í Njarðvíkurliðinu þrátt fyrir stórtapið í DHL-höllinni:

„Alls ekki. Menn töluðu um það inni í klefa eftir leikinn í Vesturbænum að þeir gætu ekki beðið eftir næsta leik," segir Logi sem telur KR er ekki ósigrandi.

„KR er flott lið og við berum virðingu fyrir því. En það eru mörg önnur góð lið í deildinni og ég tel okkur vera eitt af þeim. KR hefur tapað í vetur og það sýndi að það er hægt að vinna það. Við þurfum bara að spila eins og við gerðum í byrjun leiks og halda út," segir Logi Gunnarsson.

### Fimmtán ára rútína

Stemningin í kringum Njarðvíkurliðið hefur verið góð í úrslitakeppninni og í raun allt tímabilið. Stuðningsmenn þess fylltu Ásgarð tvívegis og fylltu sitt svæði í DHL-höllinni löngu fyrir leik.

„Þetta var líka svona í fyrra þegar við vorum einum leik frá því að komast í lokaúrslitin. Það var uppselt á leik í deildinni gegn Keflavík í ár og í fyrra. Við eigum stuðningsfólk sem mætir þó við spilum einn lélegan leik. Við erum mjög heppnir með stuðningsmenn. Ég býst fastlega við því að það verði fullt á móti KR og það þurfi að vísa fólki frá eins og gegn Stjörnunni," segir Logi.

Á löngum ferli hefur Logi komið sér upp rútínu á leikdegi sem hann víkur ekki frá.

„Ég vandist því að fara á morgunæfingar og skjóta þegar ég var í atvinnumennsku og ég hef haldið því áfram hérna heima. Eftir það er svo bara hádegismatur og hvíld. Ég set 160 körfur á leikdegi af ákveðnum mörgum stöðum á vellinum. Þetta hef ég gert í fimmtán ár og er því ekkert að fara að hætta því," segir Logi Gunnarsson. tomas@365.is

# Sigur Stólanna á Haukum sá stærsti í níu ár

Fara þarf aftur til ársins 2006 til að finna stærri sigur í fyrsta leik í undanúrslitum úrvalsdeildar karla.

**KÖRFUBOLTI** Tindastóll fór frábærlega af stað í undanúrslitum Dominos-deildar karla í körfubolta á þriðjudagskvöldið þegar liðið valtaði yfir Hauka, 94-64, í Síkinu á Sauðárkróki.
Þessi 30 stiga sigur er sá stærsti í fyrsta leik í undanúrslitum úrvalsdeildar karla í níu ár eða síðan Njarðvík pakkaði KR saman með 36 stigum í Ljónagryfjunni í undanúrslitum árið 2006.

Þar fór Jeb Ivey á kostum í liði Njarðvíkur og skoraði 26 stig og gaf 9 stoðsendingar og þeir Friðrik Stefánsson og Jóhann Árni Ólafsson skoruðu fimmtán stig hvor. Enginn úr sigurliði Njarðvíkur spilaði með liðinu á þessu tímabili.

Ef uppskriftin er sú sama hjá Tindastóli og Njarðvík verður liðið Íslandsmeistari, en Njarðvík kláraði KR, 3-1, og lyfti svo Íslandsbikarnum í Borgarnesi eftir að hafa klárað Skallagrím í fjórða leik.

Njarðvík var þó vissulega besta liðið í deildinni það árið og varð einnig deildarmeistari, en komist Tindastóll í úrslitaeinvígið eru miklar líkur á að það mæti ríkjandi Íslands- og deildarmeisturum KR.

Grindavík og KR voru nálægt því að vinna 30 stiga sigra í fyrsta leik undanúrslitanna árið 2009. KR lagði þá Keflavík að velli, 102-74, í DHL-höllinni en Grindavík vann sigur á Snæfelli, 110-82, í Röstinni. Báðir voru þetta 28 stiga sigrar.

KR kláraði sitt einvígi 3-0, en Grindavík afgreiddi Snæfell í fjórum leikjum áður en liðin mættust í einni eftirminnilegustu úrslitarimmu síðari ára sem endaði í ótrúlegum oddaleik í Vesturbænum. KR varð Íslandsmeistari með Jón Arnór Stefánsson í fararbroddi. - tom



**SKELLUR** Haukamaðurinn Emil Barja í leiknum í Síkinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUUNN


ÞJÓÐ HÁTÍÐ 2015
SÁLIN
HANS JÓNS MÍNS
AMABA DAMA •
FM BELFAST • JÚNÍUS
MEYVANT...
FORSALA HEFST
9. APRÍL
TUBORG
olís
pepsi MAX
MIÐASALA Á DALURINN.IS
#DALURINN

# Tiger gerði allt til þess að ná Mastersmótinu

## Rory McIlroy reynir að loka hringnum á Augusta-vellinum og vinna eina risamótið sem hann vantar í safnið

**GOLF** Mastersmótið hefst á Augusta-vellinum í dag en þetta er fyrsta risamót ársins í golfinu og alla kylfinga dreymir um að komast í tæri við græna jakkann sem sigurvegarinn fær að klæðast.

Rory McIlroy er efstur á heimslistanum og hefur unnið öll risamótin á ferli sínum nema Mastersmótið. Hann hefur sex sinnum tekið þátt í því en best náð sjötta sæti. Þessi 25 ára Norður-Íri getur með sigri orðið sjötti kylfingurinn til að vinna öll fjögur risamótin en það hefur enginn bæst í hópinn síðan Tiger Woods vann opna breska mótið árið 2000 þá 24 ára gamall.

Tiger Woods hefur beðið eftir fimmtánda risatitlinum sínum í sjö ár og fæstir voru bjartsýnir á að sú bið myndi enda á árinu 2015 eftir meiðsli og slaka spilamennsku í upphafi ársins.

Tiger er hins vegar mættur í slaginn og hefur hrist upp í golfheiminum með góðri spilamennsku á æfingum fyrir mótið. „Fólk myndi aldrei skilja hvað ég lagði mikið á mig til að koma til baka. Ég æfði frá sólarupprás til sólarlags,“ sagði Tiger.

Það eru fleiri líklegir. Hinn óvinsæli Bubba Watson hefur unnið mótið tvisvar sinnum á síðustu þremur árum, hinn 21 árs gamli Jordan Spieth var frábær á opna ástralska mótinu á dögunum og þá má aldrei afskrifa menn eins og Phil Mickelson eða Svíann Henrik Stenson sem hefur komið sér aftur í hóp þeirra bestu.

Mastersmótið verður sýnt beint á Golfstöðinni og hefst útsending klukkan sjö í kvöld. - óój

**ALLIR FYLGJAST MEÐ** Augu flestra verða á Tiger Woods og Rory McIlroy á Mastersmótinu sem hefst í dag. Hér eru þeir í þætti Jimmys Fallon. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY








**KANNAST VIÐ GRÆNA JAKKANN** Phil Mickelson hefur unnið Mastersmótið þrisvar. Hér klæðir Tiger Woods hann í græna jakkann 2006. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Mickelson og Rory saman

**GOLF** Það er nú búið að gefa út hverjir spila saman í holli fyrstu tvo dagana á Mastersmótinu í golfi sem hefst í dag.

Áhugaverðasta hollið er klárlega hollið með besta kylfingi heims í dag, Rory McIlroy, og þreföldum Mastersmeistara, Phil Mickelson. Ryan Moore er einnig í hollinu.

Tiger Woods mun spila með Jamie Donaldson og Jimmy Walker. Margir hafa trú á hinum unga Jordan Spieth á þessu móti en hann leikur með Henrik Stenson og Billy Horschel.

Ríkjandi meistari, Bubba Watson, mun spila með Justin Rose og bandaríska áhugamannameistaranum Gunn Yang. - hbgP



**VANN 2012 OG 2014** Bubba Watson hefur fundið sig vel á Masters-mótinu síðustu ár. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Meistarinn er mjög óvinsæll

**GOLF** Nýleg könnun leiddi í ljós að Mastersmeistarinn Bubba Watson er ekki vinsæll meðal annarra kylfinga. Í raun er öðrum kylfingum frekar illa við Watson og hann lítur á það sem áskorun fyrir sig.

„Ég tek þessu sem svo að ég þurfi að bæta mig sem manneskja. Ég tek þessari niðurstöðu af stolti og veit að ég þarf að bæta mig,“ sagði Watson.

„Ég tel mig sífellt vera að bæta mig sem manneskju en það er augljóslega rými fyrir meira. Ef fólki líkar ekki við mig þá verð ég að taka mig á. Sanna fyrir því að það hafi rangt fyrir sér.“

Alls voru 103 kylfingar spurðir að því hvaða kylfingi þeir myndu ekki bjarga í slagsmálum úti á bílastæði. Nefndu 23 Watson en Patrick Reed kom svo í öðru sæti. Watson segist þó ekki eiga neina óvini á PGA-mótaröðinni.

„Mér er ekki illa við neinn kylfing og á enga óvini.“ - hbg


Kaffi dagar
Allar kaffivörur
á allt að 50% afslætti.
Aðeins í nokkra daga!
Kaffivélar, sjálfvirkar kaffivélar, espressovélar, kaffikvarnir, pressukönnur, espressokönnur, kaffibox, kaffikönnur, hitabrúsar, flóunarkönnur og margt fleira.
emsa Saeco BRAUN AEG PHILIPS SEVERIN TRISTAR DēLonghi THERMOS wilfa illy
byggtogbúið
KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS

# DAGSKRÁ



## Stöð 2 kl. 18.54
### Ísland í dag

Umsjónarmenn fara yfir helstu tíðindi dagsins úr pólitíkinni, menningunni og mannlífinu. Ítarlegur íþróttapakki og veðurfréttir.

## Í KVÖLD



### Person of Interest

**STÖÐ 2 KL. 22.50** Önnur syrpan af þessum hörkuspennandi þáttum, sem koma úr smiðju J.J. Abrams. Fyrrverandi leigumorðingi hjá CIA og dularfullur vísindamaður leiða saman hesta sína með það að markmiði að koma í veg fyrir glæpi í New York-fylki.



### Modern Family

**GULLSTÖÐIN KL. 18.30** Frábær gamanþáttur um líf þriggja ólíkra en dæmigerðra nútímafjölskyldna. Leiðir þessara fjölskyldna liggja saman og í hverjum þætti lenda þær í hreint drepfyndnum aðstæðum sem samt eru svo skelfilega nálægt því sem við sjálf þekkjum alltof vel.



### That Thing You Do!

**BÍÓSTÖÐIN KL. 15.10** Tvöfaldur Óskarsverðlaunahafi, Tom Hanks, leikstýrir og fer með stórt hlutverk í þessari gamansömu mynd um hljómsveitarbrölt á gullöld rokksins.

## Bylgjan kl. 16.00
### Reykjavík Síðdegis

Þorgeir, Kristófer og Bragi og málefni líðandi stundar í Reykjavík síðdegis.





**2 | 20:10**

**MATARGLEÐI EVU**

Fróðleg og freistandi þáttaröð þar sem Eva Laufey Hermannsdóttir leggur ríka áherslu að elda góðan og fjölbreyttan mat frá grunni. Í þessum þætti er lögð áhersla á íslenskt hráefni. Við fáum að kynnast íslenskri grænmetisræktun og skyrframleiðslu þar sem dýrindis skyrkaka verður lögð á borð.

MEIRIHÁTTAR
FIMMTUDAGUR!
Fáðu þér áskrift á 365.is
365



**2 | 20:35**

**THE MENTALIST**

Patrick Jane er sjálfstætt starfandi ráðgjafi FBI og notar skyggnigáfu sína við lausn á erfiðum og flóknum sakamálum.



**2 | 21:20**

**THE BLACKLIST**

Önnur þáttaröðin með James Spader í hlutverki eins eftirlýstasta glæpamanns heims, Raymond Red Reddington.




**3 | 22:10**

**THE LOTTERY**

Spennuþættir sem gerast í heimi sem er í bráðri útrýmingarhættu því konur geta ekki átt börn lengur vegna ófrjósemi.



**Krakkastöðin | 19:00**

**ALGJÖR SVEPPI OG LEITIN AÐ VILLA**

Frábær íslensk gamanmynd fyrir alla fjölskylduna um Sveppa og vin hans, Villa.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag. Nánari upplýsingar á 365.is

### STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**07.45** iCarly
**08.05** The Middle
**08.30** Masterchef USA
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.15** 60 mínútur
**11.00** It's Love, Actually
**11.20** Jamie's 30 Minute Meals
**11.45** Cougar Town
**12.05** Enlightened
**12.35** Nágrannar
**13.00** The Best Exotic Marigold Hotel
**15.00** The O.C.
**15.45** iCarly
**16.05** Up All Night
**16.30** A to Z
**16.55** Ninja-skjaldbökurnar
**17.20** Bold and the Beautiful
**17.40** Nágrannar
**18.05** Simpson-fjölskyldan
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.54** Ísland í dag.
**19.14** Veður
**19.20** Fóstbræður
**19.45** Two and a Half Men
**20.10** Matargleði Evu
**20.35** The Mentalist
**21.20** The Blacklist
**22.05** The Following
**22.50** Person of Interest
**23.35** Hush
**01.05** Arthur Newman
**02.45** The Best Exotic Marigold Hotel
**04.45** Simpson-fjölskyldan
**05.10** Fóstbræður
**05.35** Fréttir og Ísland í dag

### 2 SPORT *besta sætið*

**07.00** Barcelona - Almeria
**08.40** Rayo Vallecano - Real Madrid
**12.55** Magdeburg - Kiel
**14.15** Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
**14.40** Barcelona - Almeria
**16.20** Magdeburg - Kiel
**17.40** Rayo Vallecano - Real Madrid
**19.20** Blackburn - Liverpool
**21.00** UFC Unleashed 2015
**21.50** UFC 182. Jones vs. Cormier
**00.10** UFC Now 2015

### 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**11.15** Sunderland - Newcastle
**13.00** Football League Show 2014/15
**13.30** Messan
**14.50** Derby - Watford
**16.35** Man. Utd. - Aston Villa
**18.15** Crystal Palace - Man. City
**20.00** Premier League World 2014
**20.30** Arsenal - Liverpool
**22.15** Premier League Review 2014/2015
**23.10** Swansea - Hull
**01.00** Premier League World 2014

### ÍNN

**20.00** Hrafnaþing á Vestfjörðum **21.00** Auðlindakistan **21.30** Suðurnesjamagasín

### 3 STÖÐ 3

**18.50** Community
**19.10** Last Man Standing
**19.35** Hot in Cleveland
**20.00** American Idol
**21.25** Supernatural
**22.10** The Lottery
**22.50** True Blood
**23.50** Community
**00.15** Last Man Standing
**00.35** Hot in Cleveland
**01.00** American Idol
**02.25** Supernatural
**03.10** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

### Krakkastöðin

**07.00** Strumparnir **07.25** Lukku-Láki **07.47** Tommi og Jenni **07.53** Hókus Pókus **08.00** Könnuðurinn Dóra **08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.45** Doddi litli og Eyrnastór **08.55** Rasmus Klumpur og félagar **09.00** Áfram Diego, áfram! **09.24** Svampur Sveins **09.45** Elías **09.55** UKI **10.00** Kalli á þakinu **10.22** Brunabílarnir **10.47** Skoppa og Skrítla **11.00** Strumparnir **11.25** Lukku-Láki **11.50** Tommi og Jenni **11.56** Hókus Pókus **12.00** Könnuðurinn Dóra **12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **12.45** Doddi litli og Eyrnastór **12.55** Rasmus Klumpur og félagar **13.00** Áfram Diego, áfram! **13.24** Svampur Sveins **13.45** Elías**13.55** UKI **14.00** Kalli á þakinu **14.22** Brunabílarnir **14.47** Skoppa og Skrítla **15.00** Strumparnir **15.25** Lukku-Láki **15.47** Tommi og Jenni **15.53** Hókus Pókus **16.00** Könnuðurinn Dóra**16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.45** Doddi litli og Eyrnastór **16.55** Rasmus Klumpur og félagar **17.00** Áfram Diego, áfram! **17.24** Svampur Sveins **17.45** Elías **17.55** UKI **18.00** Kalli á þakinu **18.25** Brunabílarnir **18.48** Skoppa og Skrítla **19.00** Algjör Sveppi og leitin að Villa

### GULLSTÖÐIN

**17.40** Friends
**18.05** New Girl
**18.30** Modern Family
**18.55** The Big Bang Theory
**19.15** H8R
**20.00** 1600 Penn
**20.25** Ally McBeal
**21.10** Mad Men
**22.00** Game of Thrones
**22.50** Prime Suspect 6
**00.30** H8R
**01.15** 1600 Penn
**01.35** Ally McBeal
**02.20** Mad Men
**03.05** Game of Thrones
**03.55** Prime Suspect 6
**05.40** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

### BÍÓSTÖÐIN

**11.55** Submarine
**13.30** Girl Most Likely
**15.10** That Thing You Do!
**16.55** Submarine
**18.30** Girl Most Likely
**20.15** That Thing You Do!
**22.00** Ted
**23.45** Riddick
**01.45** The Last Stand
**03.30** Ted

### RÚV

**16.20** Matador
**17.20** Stundin okkar
**17.45** Kungfú Panda
**18.08** Nína Pataló
**18.15** Táknmálsfréttir
**18.25** Íþróttagreinin mín – Tvíenda skíði
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veðurfréttir
**19.35** Kastljós
**19.55** Fljótlegt og ferskt með Lorraine Pascale
**20.25** Ættartréð
**20.50** Handboltalið Íslands *(Samantekt karlaliða)*
**21.10** Fortitude
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Glæpaheiegð .
**23.05** Íslenski boltinn
**23.20** Heiðvirða konan
**00.10** Kastljós
**00.30** Fréttir

### SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.22** Dr. Phil
**09.04** The Talk
**09.42** Pepsi MAX tónlist
**14.20** Cheers
**14.45** Beyonce - Life Is But a Dream
**16.12** The Odd Couple
**16.39** Benched
**17.04** An Idiot Abroad
**17.49** Dr. Phil
**18.33** The Tonight Show
**19.18** The Talk
**19.58** Men at Work
**20.18** Parenthood
**21.00** The Good Wife
**21.45** Elementary
**22.30** The Tonight Show
**23.15** Madam Secretary
**00.00** Blue Bloods
**00.45** Parenthood
**01.30** The Good Wife
**02.15** Elementary
**03.00** The Tonight Show

### Golfstöðin

**08.00** 2015 Augusta Masters
**10.00** PGA Tour 2015 - Highlights
**10.55** This Is the Presidents Cup
**11.20** PGA Tour 2015
**15.45** 2015 Augusta Masters
**17.45** Golfing World 2015
**18.35** Inside the PGA Tour 2015
**19.00** 2015 Augusta Masters
**23.30** Golfing World 2015

### HRINGBRAUT

**11.00** 433.is **11.30** Mannamál *(e 12.00 433.is 12.30 Mannamál (e)* **13.00** 433.is **13.30** Mannamál *(e)* **14.00** 433.is **14.30** Mannamál *(e)* **17.00** 433.is **17.30** Mannamál *(e)* **18.00** 433.is **18.30** Mannamál *(e)* **19.00** 433.is **19.30** Mannamál *(e)* **20.00** 433.is **20.30** Mannamál *(e)* **21.00** Þjóðbraut **21.30** Þjóðbraut **22.00** Þjóðbraut *(e)* **22.30** Þjóðbraut *(e)* **23.00** Þjóðbraut *(e)* **23.30** Þjóðbraut *(e)*

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# LAGER SALA

NORTH ROCK

Við erum á Facebook!





DÚNJAKKAR - DÖMU & HERRA 15.500 KR
3.000 MM VATNSHELDNI

KULDAÚLPUR DÖMU & HERRA
10.000 KR







GRI-SPORT GÖNGUSKÓR
LEÐUR & GRITEX
12.000 KR

VATNS- & VINDHELDIR GALLAR - DÖMU & HERRA
10.000 MM VATNSHELDNI 15.000 KR

VAXBORIN JAKKI - DÖMU & HERRA 14.000 KR
VINDHELDUR & HRINDIR FRÁ SÉR VATNI







POLLAGALLAR - ST.1-8 ÁRA
7.000 KR

VATNS- & VINDHELDIR GALLAR -ST.2-14 ÁRA
8.000 MM VATNSHELDNI 9.500 KR

LÉTTAR ÚLPUR/JAKKAR -ST.3-12 ÁRA
6.000 KR

MERINOULL UNDIRFATNAÐUR - POLLAGALLAR Á FULLORÐNA - VETRARÚLPUR - FLÍSJAKKAR - FLÍSPEYSUR
HLAUPAFATNAÐUR - FATNAÐUR Í RÆKTINA - GÖNGUSKÓR - KULDASKÓR - ÚTIVISTARBUXUR - VINDJAKKAR

## OPNUNARTÍMI

9.apríl fimmtud. frá kl.15-19 | 11.apríl laugard. frá kl.12-17
10.apríl föstud. frá kl.15-19 | 12.apríl sunnud. frá kl.13-17

## Víkurhvarf 2 - Kópavogur

-sama hús og Fjölsmiðjan

## BESTI BITINN



**„Nam, það er mjög fyllandi og bragðgóð máltíð sem kitlar bragðlaukana.“**

Birnir Jón Sigurðsson, nemi og sjálfstæður kvikmyndagerðarmaður.

# Apparat Organ Quartet í fótspor vesturfara

Elektróníska hljómsveitin hefur ekki verið sjáanleg í þó nokkurn tíma en heldur nú utan til að sinna kalli aðdáenda á Íslendingaslóðum í Winnipeg með stoppi í Toronto. Sveitin prufukeyrir nýtt efni á Kexi í kvöld.

Apparat Organ Quartet mun leggja leið sína út fyrir landsteinana og feta í fótspor vesturfara er bandið bregður sér til Kanada á næstu dögum. „Við eigum stóran aðdáendahóp í Kanada svo við erum að sinna kallinu ef svo má að orði komast,“ segir Hörður Bragason, einn fjórmenninga sem mynda hljómsveitina. Hann segist ekki kunna skýringu á þessum vinsældum vestanhafs. „Ætli það sé ekki einhver tónn Apparatsins sem höfðar svona vel til Kanadamanna. Við vorum reyndar frekar vinsælir í Belgíu fyrir skömmu, svo þarna er eitthvað,“ bætir hann við.

Mun bandið troða upp á NOW-hátíðinni á Íslendingaslóðum í Winnipeg og einnig koma þeir fram í Toronto. „Við ætlum að bjóða upp á gamalt efni með ferskum blæ en einnig verður á boðstólum nýtt efni,“ útskýrir Hörður og segir nýja plötu í farvatninu. Sú verður þriðja plata hljómsveitarinnar, en þeirra síðasta, Pólyfónía Remixes. kom út árið 2012. „Við höfum ekki verið að koma mikið fram upp á síðkastið, síðast tróðum við upp í september í fyrra. Það verður því gaman að endurnýja kynnin við áhorfendur,“ segir Hörður glaðlegur.

Mun bandið prufukeyra nýja efnið á Kexi klukkan 21.00 í kvöld. „Kexland býður fólki að kveðja okkur, en ókeypis verður inn og allir velkomnir,“ segir Hörður spenntur að lokum. - ga



**FJÖR Í KVÖLD** Menn munu spila músík og jafnvel grípa í eina bók á Kexinu.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINO


VILT ÞÚ VERA PARTUR AF EINSTÖKUM VIÐBURÐI?

Á MORGUN 10. APRÍL ER ALÞJÓÐLEGUR GÓÐGERÐARDAGUR BESTSELLER

GIVE-A-DAY

ÞAR SEM ÞÚ VERSLAR OG VIÐ GEFUM!

50% af allri sölu rennur til Krabbameinsfélags Íslands og 50% til alþjóðlegra samtaka Unicef, Save the Children og Gain. Verslaðu hjá okkur á morgun og styrktu í leiðinni gott málefni!

Allar nánari upplýsingar má finna á:
bestseller.is/giveaday

JACK & JONES  VERO MODA
name it
SELECTED FEMME / HOMME  VILA CLOTHES

GIVE-A-DAY
BESTSELLER


# Dansar aðalhlutverk í Carmen á Spáni

Emilía Benedikta Gísladóttir fékk draumahlutverkið þegar hún var valin í aðalhlutverk í Carmen og segir hún það vera sitt stærsta til þessa.

Íslenski dansarinn Emilía Benedikta Gísladóttir fer með aðalhlutverkið í uppsetningu dansflokksins Compañía Nacional de Danza á Carmen.

„Þetta er bara algjört draumahlutverk. Og sérstaklega gaman að túlka sjálfa Carmen hér á Spáni. Þetta er algjörlega stærsta hlutverk sem ég hef fengið,“ segir Emilía. Verkið verður frumsýnt í kvöld í Teatro de la Zarzuela í Madríd. „Ég hlakka rosalega til. Þetta er búið að vera mikið stress og ýmislegt sem hefur gengið á. En nú er bara að njóta,“ segir hún. Undirbúningur fyrir sýninguna, sem er mjög íburðarmikil, hófst fyrir rúmu ári. „Leikstjórinn, hinn sænski Johan Inger, kom og horfði á sýningar og æfingar hjá okkur í dansflokknum. Svo tóku við tveggja vikna prufur þar sem við þurftum að syngja, dansa og leika heilan helling, svo hann tók sér góðan tíma í að velja,“ segir Emilía, sem hreppti að lokum aðalhlutverkið. „Þetta er alveg ný útgáfa af þessu þekkta verki, en það hafa áður verið gerðar ballettútgáfur af því. Þetta er meiri nútímadans hins vegar.“

Mikið er lagt í sýninguna og prýða stórar auglýsingar með Emilíu strætisvagna og veggi í neðanjarðarlestargöngum Madrídborgar. „Þetta er svolítið fyndið, en ekkert yfirþyrmandi. Madríd er stór borg þannig að ég pæli ekkert í því þannig ef fólk þekkir mig. Fyrir mér skiptir meira máli að njóta þess að sýna verkið,“ segir hún. Eftir frumsýningu taka við tíu sýningar í Madríd, en hópurinn heldur svo í sýningarferð til Þýskalands og um Spán.

Emilía hefur verið búsett á Spáni í þrjú ár, þar sem hún býr með fjölskyldunni sinni; manni og syni. „Ég fór í prufur hjá dansflokknum fyrir þremur árum og komst inn. Okkur leist svo vel á að við fluttumst svo hingað og líkar vel.“ adda@frettabladid.is



**STÓRT HLUTVERK** Emilía segir þetta vera stærsta hlutverk sitt til þessa.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**Í KRÖPPUM DANSI** Emilía Benedikta Gísladóttir ásamt mótdansara sínum, Daan Vervoort.

# Leita að stelpu í hrollvekjumynd

Stelpurnar í Anthems of Our Youth hefja tökur á nýrri hrollvekju í næsta mánuði

„Okkur langaði að gera góða hrollvekju, með konu í aðalhlutverki, án þess þó að hún sé bara labbandi um sem eitthvert fórnarlamb,“ segir leikstjórinn og handritshöfundurinn Lovísa Lára Halldórsdóttir, sem ásamt þeim Margréti Buhl og Nönnu Höjgaard Grettisdóttur framleiðir myndina.

Þær stöllur reka framleiðslufyrirtækið Anthems of Our Youth og hlutu þær styrk í gegnum Skæruliðamyndaverkefni Klapp kvikmyndagerðar til þess að gera myndina. „Myndin er um konu sem upplifir draugagang í sinni eigin íbúð og fer meðal annars að fá sendar myndir af sjálfri sér sofandi. Það er samt algjörlega undir áhorfandanum komið hvernig hann túlkar draugaganginn,“ segir Lovísa.

Stelpurnar gerðu saman myndina Smástirni sem hefur fengið mikla athygli á kvikmyndahátíðum erlendis og var sýnd á Sarasota Film Festival fyrir skemmstu. „Við reynum að segja okkar sögur frá sjónarhorni kvenna og viljum taka þátt í að auka hlut þeirra í kvikmyndabransanum.“ Tökur á myndinni hefjast í maí og leita þær nú að leikkonu í aðalhlutverkið. Áhugasamir geta haft samband við casting.anthemsofouryouthgmail.com. - asi



**GÓÐUR ÞRILLER** Þær Nanna, Margrét og Lovísa leita að aðalleikonu í hrollvekjuna sína.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Nýir bílar á betri kjörum!

Lykillán er hagkvæm leið til að eignast bíl. Með Lykilláni bjóðum við nú **hærra lánshlutfall** og **lægri vexti.**

**10%** útborgun af nýjum bíl

Lægstu vextir **8,0%**

Lán til allt að **7 ára**



**Lykillán** Nýir bílar

1 **Þú finnur bíl sem** hentar þínum þörfum.

2 Við fjármögnum **allt að 90%** af kaupverði bílsins.

3 Við **aðlögum greiðslubyrðina** að þínum fjárhag.

PIPAR\TBWA · SÍA

Lykill er hluti af Lýsingu hf. | Ármúla 1 | 108 Reykjavík | lykill.is | lykill@lykill.is

Lykill fjármögnun

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 800 1177



Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Á slóðum inka

**Hannes Hólmsteinn Gissurarson** er á slóðum Inka í Perú og er fjarri hamagangi í Háskóla Íslands sem fylgir kosningum til rektors og deilum innan deilda skólans. Þar skoðar hann fornar Inkaborgir, þeirra á meðal Cusco, sem var höfuðborg, þegar Spánverjar komu til landsins, og Machu Picchu, hina yfirgefnu og týndu borg uppi í háfjöllum Andes-fjallgarðsins. **- kbg**



### Önnur bókin á þremur mánuðum

**Nanna Rögnvaldardóttir** gefur út nýja bók um mánaðamótin. Bókin, Sætmeti án sykurs og sætuefna, inniheldur sykurlausar uppskriftir sem Nanna hefur þróað síðasta árið. „Dóttir mín hætti að borða sykur svo ég fór að leita að uppskriftum fyrir hana og fyrir sex mánuðum hætti ég svo að borða sykur líka. Uppskriftirnar hafa gefið góða raun og ég vil leyfa öðrum að prófa. Fyrir mér er sykur samt ekki eitur, við borðum bara of mikið af honum.“ Síðasta bók Nönnu kom út fyrir þremur mánuðum, svo það er nóg um að vera hjá henni. **- asi**



## Mest lesið vísir

1 Stendur við fullyrðingar um nafnabrengl Hæstaréttar
2 Fyrrverandi bæjarstjóri rekinn frá Alcoa eftir jólasveinauppistand
3 Vill ekki að sér sé refsað fyrir eitthvað sem er ekki henni að kenna
4 Karlmaður fannst látinn nærri Kolding
5 Texti um umskorinn lítinn svartan Sambó í söngbók leikskólabarna




